

**JENS LAPIDUS**

*Miklu frekar lögfræðingur en skáld*

22

## Hvað er ábyrgð?

**Ábyrg manneskja nýtur trausts og virðingar**



14


Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. nóvember 2008 — 321. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**SUNNUDAGUR**



**HEIÐURINN AÐ VEÐI**

Guðjón Friðriksson ræðir um Sögu af forseta.

VIÐTAL 12

**FYLGIR Í DAG**




**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉL NYRÐRA** Í dag verður norðan eða norðvestan 5-18 m/s, hvassast norðvestan til. Stöku él nyrðra annars yfirleitt bjart með köflum. Frostlaust með ströndum annars vægt frost.

VEÐUR 4



**LAUS ÚR STEININUM** Fjöldi fólks hópaðist að lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík í gær að loknum áður skipulögðum mótmælum við Austurvöll. Krafðist fólkið þess að Haukur Hilmarsson mótmælandi sem flaggaði Bónusfána á Alþingishúsinu fyrir hálfum mánuði, yrði látinn laus, en hann var handtekinn deginum áður. Nokkur átök urðu eftir að hluti hópsins braut sér leið inn í lögreglustöðina. Haukur, fyrir miðri mynd, losnaði um sexleytið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lögreglan beitti piparúða í átökum við mótmælendur við Hverfisgötu í Reykjavík seinnipartinn í gær:

# Mótmælendur réðust inn í lögreglustöðina

**MÓTMÆLI** „Ég vildi ekki að gott fólk myndi slasa sig við að bjarga einhverjum tittlingi. Heldur frekar að þessi kraftur yrði notaður í að knésetja þessa ríkisstjórn. Koma á algjörri og almennri og tafarlausri byltingu,“ sagði Haukur Hilmarsson mótmælandi sem í gær var látinn laus úr haldi lögreglu.

Hátt í fimm hundruð manns mótmæltu handtöku Hauks, fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu. Mikil reiði var meðal mótmælenda sem reyndu að brjóta sér leið inn til að frelsa Hauk. Fjöldi lögreglumanna, gráir fyrir járnum, sló skjaldborg um innganginn. Lögreglan beitti piparúða í átökum við mótmælendur.

Haukur var handtekinn eftir vísindaferð í Alþingi á föstudagskvöld þar sem hann var eftirlýstur vegna vangoldinnar sektar við Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi. Haukur var sektaður um tvö hundruð þúsund krónur fyrir aðild að mótmælum við álverið á Reyðarfirði árið 2006. Fyrir hálfum mánuði flaggaði Haukur Bónusfánanum á Alþingishúsinu þegar mótmælin á Austurvelli stóðu sem hæst.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, hafnar því að handtaka Hauks tengist mótmælunum á Austurvelli í gær.

- hhs/jse sjá síðu 6

**SKIL VEL REIÐI FÓLKSINS**

„Mér finnst lögreglan hafa gengið of langt,“ segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna sem var við mótmælin. „Það er algjörlega ólíðandi að fólki sé kippt úr umferð fyrir að mótmæla eins og gert var í tilfelli þessa unga manns. Ég skil því vel reiði fólksins, þetta eru félagar hans sem ofbýður þessar aðfarir. Það að handtaka manninn með þessum hætti daginn fyrir útifund er eins og hefndaraðgerð, það er líka ögrun og slík vinnubrögð eru aðeins til þess fallin að ýta undir reiði fólks.“

# Sjö af tíu styðja ekki stjórnina

**Einungis 31,6 prósent styðja ríkisstjórnina, en 68,4 prósent styðja hana ekki. Samfylking fengi 23 þingmenn, Vinstri græn 19, Sjálfstæðisflokkur 17 og Framsóknarflokkur fengi fjóra kjörna ef kosið yrði nú.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Um 32 prósent segjast styðja ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 68,4 prósent styðja hana hins vegar ekki. Í október sögðust 41,3 prósent styðja ríkisstjórnina, en 58,8 prósent voru henni andvíg.

„Ég hef fullan skilning á þessu, fólk er reitt og kvíðið eins og eðlilegt er í kreppu. Þá er skiljanlegt að það beini sínum spjótum að ríkisstjórninni,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að aðgerðaáætlanir fyrir heimilin og fyrirtækin, séu í smíðum. „Ég tel að þegar þessi mynd verður dregin skýrar upp þá muni þetta snúast við.“ segir Bjarni.

„Ég held að það sé tímaspursmál hvenær stjórnin áttar sig á því að þetta gengur ekki og hún játar sig sigraða,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknar tekur í sama streng. „Þetta er afleit útkoma fyrir ríkisstjórnina enda hefur stjórnarandstaðan flutt vantraustsstillögu,“ segir Valgerður.

Mestur er stuðningur við stjórnina meðal Sjálfstæðismanna, 88,2 prósent. Stuðningurinn er 50,4 prósent meðal Samfylkingarfólks, 21,1 prósent meðal þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk, 8,3 prósent meðal framsóknarfólks og 3,8 prósent meðal vinstri grænna.

Samfylking er stærsti flokkurinn samkvæmt þessari könnun með 33,6 prósent fylgi. 27,8 prósent styðja Vinstri græn og 24,8 prósent styðja Sjálfstæðisflokkinn. 6,3 prósent styðja Framsóknarflokk og 4,3 prósent styðja Frjálslynda flokkinn. 3,3 prósent segist myndu kjósa einhvern annan flokk.

Einungis 49,9 prósent tóku afstöðu til flokka í könnuninni. Af heildinni segjast 29,4 prósent vera óákveðin, 15,0 prósent segjast myndu skila auðu.

- ss/ sjá síðu 4

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA**

**Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú?**

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 22. nóv. 2008 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)








Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... ... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

## SPURNING DAGSINS



*Siggi, ertu þá farinn að falla í fjöldann?*

„Það er undarleg tilfinning að vera ekki lengur eini reiði maðurinn á landinu.“

Sigurður Harðarson, pönkari og hjúkrunarfræðingur, hefur löngum staðið fyrir hvers kyns mótmælum og andófi.

Guðni Ágústsson var heiðursgestur á fundi á Klörubar á Kanaríeyjum:

# Segist treysta Geir H. Haarde

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, var heiðursgestur á morgunfundi sem haldinn var á Klörubar á Ensku ströndinni á Kanaríeyjum. Að sögn fundargesta sem Fréttablaðið hafði samband við sagði Guðni meðal annars að hann bæri fyllsta traust til Geirs H. Haarde forsætisráðherra til að leiða þjóðina út úr þessum þrengingum sem nú er við að etja. Eins sagðist hann treysta forsætisráðherra til þess að láta menn sæta ábyrgð þegar sá tími kæmi en nú væri ekki tími til að leita sökudólga.

Hann ítrekaði það að hann væri hættur í pólitík og sagðist myndu gera betur grein fyrir þeirri ákvörðun þegar hann hefði hvílt sig.

Sturla Þórðarson, sem stendur fyrir þessum morgunverðarfundum á Klörubar, segir að á milli 350 til 400 manns hafi mætt á fundinn í gærmorgun og hafi góður rómur verið gerður að ræðu Guðna. Annar fundarmaður segir að þó hafi nokkrum fundargestum verið heitt í hamsi. **- jse**



**Á MORGUNFUNDI Á KLÖRUBAR Í GÆR** Guðni Ágústsson var heiðursgestur á fjölmennum morgunfundi á Klörubar á ensku ströndinni á Kanaríeyjum í gær.

Kofi Annan og Jimmy Carter:

# Synjað um vegabréfsáritun

**JÓHANNESARBORG, AP Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hafa hætt við að heimsækja Simbabve þar sem þeim var neitað um vegabréfsáritun til landsins.**

**Annan og Carter ætluðu að heimsækja Simbabve ásamt Graca Machel, eiginkonu Nelsons Mandela. Þau eru öll hluti af hópi sem kallar sig The Elders, „Hinir eldri“, sem reynir að vinna að lausnum á átökum í heiminum.**

**Stjórnvöld í Simbabve segjast ekki hafa lagt stein í götu þremenninganna. - kh**



**JÓNA SIGURÐARDÓTTIR** Jón Sigurðsson forseti var klæddur í bleikt á Austurvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / DANÍEL

Neyðarstjórn kvenna:

# Jón varð Jóna

**MÓTMÆLI** Jón Sigurðsson forseti var klæddur í bleikan kjól á samstöðufundi á Austurvelli í gær.

Neyðarstjórn kvenna stóð fyrir gjörningnum. Átti hann að minna á að frá upphafi byggðar á Íslandi hafi konur ávallt verið helmingur þjóðarinnar. Svo sé enn í dag. Því vilji konur að karlar og konur fari hér eftir jafnt með völdin á öllum sviðum samfélagsins.

Neyðarstjórnin var stofnuð þann 28. október að frumkvæði kvenna sem þótti nóg um ástandið og vildu efla rödd kvenna í umræðunni. **- hhs**

## AKUREYRI

### Séu ekki í dagvist í jólafríi

Starfsmenn frístundar grunnskóla Akureyrarbæjar segja að börnum sé ekki hollt að hafa frístundina opna á þeim dögum sem skólahald liggur niðri vegna jóla- og páskafría. Í erindi starfsmannanna til skólanefndar Akureyrar segir einnig að þeir séu óánægðir með misræmi sem sé milli leikskóla og frístunda hvað varðar starfsdaga.

# Íslenskur níðingur dæmdur í Noregi

**Íslenskur vörubílstjóri gerði tilraun til að nauðga tíu ára gamalli stúlku í Stavangri. Fyrir það var hann dæmdur í þriggja ára og níu mánaða fangelsi. Hann hafði verið dæmdur fyrir kynferðisbrot hér á landi fyrir þrjátíu árum.**

**OFBELDI** Íslenskur fjölskyldufaðir á sextugsaldri var á dögunum dæmdur fyrir tilraun til að nauðga tíu ára gamalli stúlku í nálægð við Stavangur í Noregi. Þá var honum gert að greiða stúlkunni hundrað þúsund norskar krónur.

Maðurinn sat grímuklæddur fyrir stúlkunni snemma morguns í skógi á milli tveggja þorpa nærri Stavangri í Noregi. Stúlkan hjólar þá leið daglega á leið til skóla. Maðurinn hafði um nokkurra daga skeið fylgst með börnum á leið til skóla og komist að raun um að stúlkan var yfirleitt sein á ferð.

Fyrir dómi lýsti maðurinn því þegar hann stoppaði stúlkuna og sagði: „Sæl vina mín, hvað heitir þú?“ Þá hafi hann beðið hana að koma með sér inn í skóginn. Þegar hún neitaði því dró hann upp hníf, greip fyrir vit stúlkunnar og bar hana inn í skóginn. Þar afklæddi hann stúlkuna. Þegar hann var að klæða sjálfan sig úr buxunum tókst henni að flýja.

Stúlkan hljóp fyrst heim til nágranna sinna sem reyndust ekki heima. Þá hljóp hún alla leið heim til sín, um tíu mínútna leið. Fyrir réttinum sagði móðir stúlkunnar hana eiga afar erfitt eftir þessa reynslu. Hún velti því meðal annars stöðugt fyrir sér hvort maðurinn hafi ætlað sér að myrða hana.

Það tók lögregluna tvær vikur að finna manninn. Hann var fyrst yfirheyrður sem vitni í málinu. Þá sagðist hann ekkert hafa séð óvenjulegt. Lögreglan bar svo kennsl á hann með DNA-sýni á hnífnum sem hann hafði notað, en honum hafði hann týnt í skóginum. Þegar maðurinn var handtekinn fannst barnaklám á heimili hans.

Odd Kristian Stokke, blaðamaður hjá Stavanger Aftenposten, fylgdist með réttarhöldunum. Hann segir manninn hafa horft niður mestallan tímann. Auðsýnilegt hafi verið að hann skammaðist sín. Komið hafi þar fram að réttargeðlæknir segði hann ekki veikan á geði. Hann væri hins vegar með óvenjulega lága greindarvísitölu. Þá kom fram að hann hefði sjálfur lent í kynferðislegri misnotkun sem barn.

Árið 1978 var maðurinn dæmdur fyrir nauðgun hér á landi. Hann hefur verið búsettur í Noregi í mörg ár og hefur ekki áður verið dæmdur fyrir sambærileg brot þar. Hann er giftur íslenskri konu og þau eiga tvö börn.

holmfridur@frettabladid.is




**LÖGREGLAN Í STAVANGRI** íslenskur maður sat grímuklæddur fyrir tíu ára gamalli stúlku í skógi nálægt Stavangri í Noregi. Hann var á dögunum dæmdur fyrir tilraun til nauðgunar. MYND/HÅKON VOLD

Sjöundi laugardagurinn:

# Mótmælendur gerast háværari

**MÓTMÆLI** Laganeminn Katrín Oddsdóttir hreif mannfjöldann með sér á mannmörgum mótmælafundi á Austurvelli í gær. Hún var ein þriggja ræðumanna sem þar komu fram.



**KATRÍN ODDSDÓTTIR**

Katrín sagði meðal annars ríkisstjórnina hafa brotið mannréttindi Íslendinga þegar skrifað var undir lánabeiðni til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þá væri það ekki ákvörðun þeirra Ingibjargar Sólrúnar og Geirs Haarde hvort gengið yrði til kosninga, eins og þau hafa sagt ekki tímabært. Hún lauk máli sínu með hrópunum „Góðir Íslendingar, við látum ekki kúga okkur“ og uppskar mikinn fögnuð viðstaddra. **- hhs**

Argentínskur lögregluþjónn:

# Svipti sig lífi í sjónvarpsviðtali

**BUENOS AIRES, AP Fyrrverandi lögregluforingi í Argentínu, sem grunaður var um að hafa framið glæpi gegn mannkyninu, svipti sig í gær lífi í beinni útsendingu.**

**Lögregluforinginn, Mario Ferreyra, var sakaður um að hafa stundað mannrán og pyntingar þegar herstjórnin var við völd í Argentínu á árunum 1976 og 1983. Í sjónvarpsviðtali, sem var sent út í beinni útsendingu rétt við heimili hans í héraðinu Tucuman í norðurhluta landsins, lýsti lögregluforinginn sig saklausan af meintum glæpum. Lögreglan var á leið að handtaka hann þegar Ferreyra sagðist elska konuna sína og dró því næst upp skammbyssu og skaut sig. - kh**






Þingmaður Vinstri grænna var við mótmælin við lögreglustöðina í gær:

# Segir lögreglu ganga of langt

**MÓTMÆLI** „Þetta var hópur af ungu og reiðu fólki og það má vel vera það, ég skil það mjög vel,“ sagði Álfheiður Ingadóttir þegar hún var að koma af mótmælum við lögreglustöðina við Hlemm í gær, þar sem handtöku Hauks Hilmarssonar var mótmælt. Hún hringdi á sjúkrabíl og hlúði að mótmælendum sem höfðu fengið á sig piparúða sem lögreglan spreyjaði til að koma mótmælendum út af lögreglustöðinni.

Aðspurð hvort henni þætti mótmælendur hafa gengið of langt sagði hún, „mér finnst lögreglan hafa gengið of langt. Það er algjörlega ólíðandi að fólki sé kippt úr umferð fyrir að mótmæla eins og gert var í tilfelli þessa unga manns. Ég skil því vel reiði fólksins, þetta eru félagar hans sem ofbýður þessar aðfarir. Það að handtaka manninn með þessum hætti daginn fyrir útifund er eins og hefndaraðgerð, það er líka ögrun og slík vinnubrögð eru aðeins til þess fallin að ýta undir reiði fólks.“

Hún sagðist ennfremur óttast að reiði fólksins í þjóðfélaginu ætti eftir brjótast út í frekara mæli. **- jse**



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR** Þingmaðurinn hlúði að mótmælendum sem höfðu fengið á sig piparúða í mótmælunum við lögreglustöðina í gær. Hún segir lögreglu hafa gengið of langt.




## Uppsöfnuð þekking og ómetanleg reynsla

**VERKÍS** er nýtt ráðgjafarfyrirtæki á sviði verkfræði. **VERKÍS** verður til við sameiningu fjögurra öflugra verkfræðistofa sem hafa verið leiðandi í virkjun orku ásamt mannvirkjagerð á Íslandi. Þessi fyrirtæki eru **VST-Rafteikning**, **Fjarhitun**, **Fjölhönnun** og **RT-Rafagnatækni.** Hjá **VERKÍS** starfa um 350 starfsmenn sem búa yfir ómetanlegri reynslu og uppsafnaðri þekkingu. **VERKÍS** nýtur sameinaðra krafta í verki.

VERKÍS

Verkís | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | verkis@verkis.is | www.verkis.is

## GENGIÐ 21.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 140,24 | 140,90 |
| Sterlingspund | 209,88 | 210,90 |
| Evra | 176,51 | 177,49 |
| Dönsk króna | 23,678 | 23,816 |
| Norsk króna | 19,825 | 19,941 |
| Sænsk króna | 17,152 | 17,252 |
| Japanskt jen | 1,4729 | 1,4815 |
| SDR | 206,97 | 208,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,5162

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsókn hætt á máli yfirlögregluþjóns á Akranesi:

# Yfirlögregluþjónn var í rétti

**LÖGREGLUMÁL** Embætti lögreglustjórans í Borgarnesi hefur hætt rannsókn á máli Jóns Sigurðar Ólasonar, yfirlögregluþjóns á Akranesi, en hann hafði verið sakaður um að hafa brotið lög með því að fara á fjórhjóli til rjúpnaveiða á Sanddalstungu í Borgarbyggð hinn fyrsta þessa mánaðar. Lögreglustjórinn segir hins vegar engan grun um að hann hafi gerst sekur um brot á lögum og því sé málinu lokið sem slysamáli en Jón Sigurður varð fyrir því óláni að fótbrotna í umræddri veiðiferð.

Í bréfi lögreglustjórans til Jóns Sigurðar segir að götuskráð þung bifhjól, eins og hann var á, falli ekki undir hugtakið „fjórhjól og önnur torfærutæki“ sem eru ekki leyfð til veiðanna.

„Það var aldrei neinn vafi í mínum huga um að mér var heimilt að nota hjólið með þeim hætti sem ég gerði og nú hefur verið tekinn af allur vafi um að ég las reglurnar rétt,“ segir Jón Sigurður. **- jse**



**RJÚPUR Á FLUGI** Yfirlögregluþjónn á Akranesi braut ekki lög þegar hann fór á fjórhjóli sínu til veiða í byrjun mánaðar segir lögreglustjóri í Borgarnesi.

## Eigum meira fylgi inni

„Því miður er engin breyting frá því síðast á okkar fylgi. Það eru auðvitað vonbrigði að fólk skuli ekki átta sig á því að við í Frjálslyndaflokknum erum að flytja ýmis mál þjóðinni til heilla. Málflutningurinn virðist hins vegar ekki ná í gegn,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Við höfum ekki verið þátttakendur í því ástandi sem nú ríkir hér á landi. Vonandi skýrast hlutirnir nú þegar líður á. Við teljum okkur eiga meira fylgi inni en þetta.“ **- kh**



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

## Óvissan stjórnar viðhorfum fólks

„Það gefur auga leið að þetta er óviðunandi stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn,“ segir Bjarni Benediktsson þingmaður flokksins. „Ég tel hins vegar að óvissan sem ríkt hefur að undanförnu ráði nokkuð miklu um viðhorf fólks en í vikunni náðum við að ljúka mjög stórum áfanga sem var afgreiðsla IMF á lánsbeiðni okkar. Það er fyrsta stóra skrefið að snúa við þeirri þróun sem verið hefur að undanförnu. Því er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að ná að skýra stöðuna varðandi framhaldið því óvissan er mjög slæm.“ **- jse**



**BJARNI BENEDIKTSSON**

## Stjórnin missir traust þjóðar

"Ég skynja að það er mikil hreyfing í þjóðfélaginu svo þetta kemur ekki á óvart. Þetta er stemning sem ég skynja á stjórnmálafundum og meðal fólks sem ég hitti," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. "Í fyrsta lagi er það þessi umtalsverða sveifla til okkar og í öðru lagi það að stjórnin sé að missa traust. Það bitnar meira á Sjálfstæðisflokknum en Samfylkingu þó þannig að Samfylking er farinn að fá sinn skerf." **- kh**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

### ÁRÉTTING

Í blaðinu í gær riðluðust línur í ljóði Kára Stefánssonar. Ljóðið er hér endurbirt:

*Hugrekki vort okkar hrynjandi blóð*
*Þeirra högg sem veitt´engum grið*
*Verða stuðlar og rím sem við leggjum í ljóð*
*Um lífsins byltingu og frið*

# Sjálfstæðisflokkur dregst enn saman

**Sjálfstæðisflokkur hefur nú stuðning fjórðungs kjósenda. Þriðjungur kjósenda styður Samfylkingingu og Vinstri græn er enn næst stærsti flokkurinn með um 28 prósent fylgi. Einungis helmingur aðspurðra tóku afstöðu til flokka.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Vinstri græn myndu bæta við sig tíu þingmönnum frá síðustu kosningum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 27,8 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, sem gæfi honum 19 þingmenn, í stað þeirra níu sem nú sitja á Alþingi fyrir flokkinn. Vinstri græn yrði þar með næst stærsti flokkurinn. 23,0 prósent sögðust styðja flokkinn í könnun blaðsins í lok október, en 14,3 prósent kusu hann í síðustu þingkosningum.

Stærsti flokkurinn yrði, líkt og í síðustu könnun blaðsins Samfylking og segjast 33,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku til flokka myndu kjósa flokkinn. Það er aðeins minna fylgi en í síðustu könnun blaðsins þegar 36,0 prósent studdu hann. Samkvæmt þessari könnun fengi flokkurinn 23 þingmenn í stað 18 sem þeir hafa nú.

Sjálfstæðisflokkurinn er samkvæmt þessu þriðji stærsti flokkurinn og segjast 24,8 prósent myndu kjósa hann. Samkvæmt því fengi flokkurinn 17 þingmenn, átta færri en flokkurinn hefur nú. 29,2 prósent sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn í síðustu könnun blaðsins, en 36,6 prósent gáfu honum atkvæði í síðustu kosningum.

Fylgi Framsóknarflokks og Frjálslynda flokksins breytist ekkert frá síðustu könnun blaðsins, þrátt fyrir að nýr formaður hafi tekið við í Framsóknarflokknum. 6,3 prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn og fengi flokkurinn samkvæmt því fjóra þingmenn. 4,3 prósent segjast myndi kjósa Frjálslynda flokkinn og fengi flokkurinn samkvæmt því engan þingmann, þar sem fimm prósenta marki er ekki náð til að fá uppbótarþingmann kjörinn. 3,3 prósent sögðust myndu kjósa annan flokk.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 22. nóvember og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? og tóku 49,9 prósent afstöðu.

Einnig var spurt; Styður þú núverandi ríkisstjórn? og tóku 88,3 prósent afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**




### LÍTILL ÁHUGI Á DAVÍÐ

Nokkuð hefur verið rætt um hvort Davíð Oddsson hyggi á endurkomu í stjórnmál. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins hafa kjósendur takmarkaðan áhuga á slíkri endurkomu.

Spurt var; Myndir þú styðja sérframboð sem leitt væri af Davíð Oddssyni og svöruðu 4,7 prósent því játandi. Þá var spurt; Myndir þú styðja Sjálfstæðisflokkinn ef hann væri leiddur af Davíð Oddssyni? Svöruði 7,8 prósent því játandi. Rúmlega 95 prósent tóku afstöðu til hvorrar spurningar. **- ss**

## Eigum eftir að styrkja okkur

„Þetta er náttúrulega ekki góð útkoma fyrir Framsóknarflokkinn en svo sem ekki langt frá því sem hann var með í síðustu könnun. Það er að vísu helmingurinn sem svarar ekki, en það segir líka sína sögu,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, formaður Framsóknarflokksins.

„Það hafa atburðir átt sér stað í flokknum sem hafa ekki verið til að styrkja okkur og þá er ég að tala um brotthvarf formannsins,“ en Guðni Ágústsson hætti sem formaður í nýliðinni viku. „Hins vegar er ég bjartsýn á að við eigum eftir að styrkja okkur. Það er kraftur í flokknum og við erum núna að undirbúa glæsilegt flokksþing sem verður í janúar. Eftir það verður allt upp á við.“ **- kh**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**

## Stuðningur kemur á óvart

„Ég er vissulega ánægður með það að Samfylkingin skuli vera langstærsti flokkurinn samkvæmt þessu,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

„Hins vegar kemur það mér nokkuð á óvart hversu sterk Samfylkingin mælist miðað við þá óvægnu umræðu sem verið hefur síðustu daga. Það sýnir mér það að fólkið virðist skilja og skynja að við í Samfylkingunni erum að reyna að vinna okkar störf af trúmennsku og einlægni.

Þetta er hraðskák þar sem menn þurfa að taka margar ákvarðanir, örugglega eru einhverjar rangar, en við erum að reyna að vinna þetta eins vel og við getum.“ **- jse**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

### HLÝNAR Á NÝ Á ÞRIÐJUDAG

Í dag verður allhvöss og sumstaðar hvöss norðan átt vestan til annars hægari vindur. Samfara þessu frystir á landinu en þó má búast við að hiti með ströndum verði yfir núllinu. Víðast verður frost á morgun en annað kvöld kemur úrkomuloft upp að landinu vestanverðu og það smá hlýnar. Úrkoman verður í fyrstu snjókoma en síðan slydda eða rigning.

**Á MORGUN**
Hæg, breytileg átt.Rigning eða slydda V-til undir kvöld



**ÞRIÐJUDAGUR**
8-13 m/s

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 2° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | -1° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 10° |
| New York | 3° |
| Orlando | 21° |
| Osló | -1° |
| París | 5° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**KARLAR SEM HATA KONUR** EFTIR **STIEG LARSSON**

# TOPPAR METSÖLULISTA UM ALLAN HEIM

**YFIR 8 MILLJÓN EINTÖK!**

Stieg Larsson skrifaði þrjár glæpasögur sem selst hafa í milljónum eintaka um allan heim, en hann lést áður en nokkur bóka hans kom út. „Stöff sem enginn áhugamaður um sakamála- og spennusögur ætti að láta fram hjá sér fara,“ skrifaði Páll Baldvin í Fréttablaðið.

**ÞÝÐANDI:** HALLA KJARTANSDÓTTIR

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9




**LOKSINS Á ÍSLENSKU!**

**„ÓGJÖRNINGUR AÐ LEGGJA BÓKINA FRÁ SÉR“ – TIME OUT**

DYNAMO REYKJAVIK

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér breytingar á eftirlaunafrumvarpinu ganga nógu langt?*

| | |
|---|---|
| Já | 17% |
| Nei | 83% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fannst þér mótmælendur ganga of langt í mótmælunum við lögreglustöðina við Hlemm?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Lögreglustjóri segir handtöku Hauks ekki tengjast útifundinum:

# Hefði kosið að kæla málið

**MÓTMÆLI** „Hann var handtekinn út af því að hann var eftirlýstur hjá Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar á Blönduósi,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu um handtöku á Hauki Hilmarssyni í fyrradag.

„Innheimtumiðstöðin annast fullnustu á sektardómum og slíku. Nú og ef menn sinna ekki þeim kvaðningum sem þeir fá þaðan þá eru þeir skráðir eftirlýstir hjá lögreglu og eru síðan handteknir hvar sem til þeirra næst.“

Haukur hlaut dóm fyrir mótmæli við álverið á Reyðarfirði árið 2006. Að sögn Stefáns nam sektin um 200 þúsund krónum og greiddi lögmaður hans hana í gær og var þá Hauki sleppt í framhaldinu. „Það er þannig með þennan mann líkt og aðra að ef



STEFÁN EIRÍKSSON

hann greiðir sekt, sem er aðalrefsingin, þá þarf hann ekki að afplána vararefsinguna.“

Hann segir handtökuna ekki tengjast útifundinum í gær. „Hefðum við eitthvað haft um þetta að segja hefðum við líklega ákveðið að kæla þetta en það er bara þannig að við verðum að bregðast við gagnvart hverjum og einum eins og lög gera ráð fyrir; eitt verður yfir alla að ganga. Það væri líka undarlegt að kippa einum mótmælenda úr umferð til að reyna að koma í veg önnur mótmæli, það sjá það allir að það væri ekki líklegt til árangurs.“

- jse



**EGGJAKAST** Eggjum var kastað í lögregluna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


# Ókeypis máltíð fyrir börnin!



Í dag bjóðum við öllum börnum, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.*

**Verið velkomin í IKEA**

* Gildir eingöngu þegar forráðamaður kaupir máltíð
Heitur matur er afgreiddur frá kl. 11:30 - 19:30

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

IKEA® FOOD




**MÓTMÆLI** Mikil reiði var í mótmælendum sem reyndu að ryðjast inn í lögreglustöðina til að frelsa Hauk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

## Málstofa

**Baráttan gegn ólöglegum fiskveiðum**

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101, miðvikudaginn 26. nóvember 2008 kl. 12.30-14.00

**Dagskrá:**

12.30 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

12.45 Framsöguerindi: Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda hf.

13.05 Framsöguerindi: Dr. Rosemary Rayfuse, prófessor í þjóðarétti við Háskólann í New South Wales, Sydney, Ástralíu.

13.35 Fyrirspurnir og umræður.

14.00 Slit.

ALLIR VELKOMNIR


# Út með Hauk - Inn með Geir

**Fimm hundruð manns söfnuðust frammi fyrir lögreglustöðinni í Reykjavík í gær og kröfðust þess að Haukur Hilmarsson yrði látinn laus.**

„Út með Hauk, inn með Geir“ hrópuðu mótmælendur frammi fyrir lögreglustöðinni í Reykjavík hástöfum í gær. Þangað safnaðist stór hópur reiðra mótmælenda strax í kjölfar mótmælanna á Austurvelli í gær.

Móðir Hauks, Eva Hauksdóttir, talaði frammi fyrir hópnum og var mikið niðri fyrir. Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins lýsti hún sögu sonar síns sem hún segir friðsaman aktivista, sem ekki eigi heima í fangelsi. „Hann hefur staðið í ýmsum mótmælum, meðal annars fyrir umhverfisvernd og gegn stóriðjustefnunni. Hann tilheyrir mörgum grasrótarhreyfingum. En hann hefur alltaf mótmælt friðsamlega og er aldrei með ofbeldi.

Eva var ánægð með stuðninginn sem mótmælendur veittu syni hennar. „Fólk er að verða reitt sýnist mér,“ sagði hún. „Mér líður illa yfir hvernig lýðræðinu í okkar landi er fyrir komið. Það er hræðilegt að sjá röðd alþýðunnar skuli vera barin niður. En mér finnst frábært að sjá þau viðbrögð sem þetta vekur. Það er greinilegt að fólk er búið að fá nóg af þessu rugli.“

Haukur var látinn laus um sexleytið. Þá var móðir hans á slysadeild ásamt öðrum sem fengu á sig piparúða lögreglunnar.

holmfridur@frettabladid.is



Jón Erlendur Guðvarðarson:

## Fékk úðann beint í augun

„Mig svíður í augun,“ segir Jón Erlendur Guðvarðarson, sem fékk piparúða lögreglunnar beint í andlitið.

Honum þótti handtaka Hauks svívirðileg og var því meðal mótmælenda við lögreglustöðina í gær. „Okkur á að vera frjálst að mótmæla og okkur á að vera frjálst að segja skoðun okkar. Með því að taka þennan mann sýndi lögreglan það að við erum ekki frjáls. En fólki á ekki að detta það í hug að við sættum okkur við að mótmælendur séu handteknir.“

- hhs


Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið


Haukur Hilmarsson losnaði úr steininum í gær eftir fjöldamótmæli:

# Boðaði byltingu við fögnuð

**MÓTMÆLI** Mótmælandinn Haukur Hilmarsson boðaði „algjöra, almenna og tafarlausa byltingu“ eftir að honum var sleppt úr fangelsi um sexleytið í gærkvöldi.

Ónefndur velgjörðamaður Hauks greiddi fyrir hann sektina og því var honum sleppt. Haukur sagði það hafa verið erfiða ákvörðun að þiggja greiðsluna. „Ég vissi ekkert hvað ég átti að gera því ég er algjörlega á móti því að borga þessa sekt,“ sagði hann. Eina ástæðan væri að honum skildist að fólk væri í hættu fyrir framan húsið. „Ég vildi ekki að gott fólk myndi slasa sig við að bjarga einhverjum tittlingi. Heldur frekar að þessi kraftur yrði notaður í að knésetja þessa ríkisstjórn.“

Hann ætlar að kanna réttarstöðu sína enda telur hann handtöku sína hafa farið fram á ólöglegan hátt. Hann segir lögregluna hafa tjáð sér að hann væri eftirlýstur maður þegar hann var handtekinn. Það hafi hann ekki haft hugmynd um sjálfur.

„Já, og mér finnst að allir ættu að halda áfram aðgerðum,“ segir Haukur, spurður hvort hann ætli að halda áfram aðgerðum. Hann er þó ekki tilbúinn að sýna andlit sitt. „Ég vil ekki verða persónugervingur þessa máls. Mér finnst að það eigi að fjalla um málefni.“

- hhs


Vakt allan sólarhringinn
Gögnin eru örugg
Eitt númer fyrir alla þjónustu
Fullkominn vélasalur
Minni kostnaður – meiri afköst
Sveigjanleg samskipti
Öll kerfi á einum stað í Vist
Losaðu fyrirtækið við umstang, áhyggjur og óþarfa kostnað. Sendu tölvukerfið í Vist og láttu Símann sjá um netþjóna, rekstur og viðhald, leyfismál vegna hugbúnaðar, samskiptakerfi og öruggar gagnatengingar. Með föstum og fyrirsjáanlegum mánaðargreiðslum og einum þjónustuaðila bætirðu reksturinn og einfaldar verkferla.
Sími
Netið
Vist
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvað heitir kvikmyndin sem Gísli Örn Garðarsson leikur í og frumsýnd verður sumarið 2010?*

*2. Hver mun leiða dómnefndina í nýju Idol-þáttunum?*

*3. Hver er nýskipaður utanríkisráðherra Bandaríkjanna?*

Finnski sérfræðingurinn sem á að endurskoða fjármálastarfsemi og bankaeftirlit:

# Með reynslu af bankakreppu

**EFNAHAGSMÁL** Finnski fjármálasérfræðingurinn Kaarlo Vilho Jännäri, sem forsætisráðuneytið hefur ráðið til að endurskoða regluverk um fjármálastarfsemi og framkvæmd bankaeftirlitsins hér á landi, fær 60 þúsund evrur, eða sem jafngildir tæplega 11 milljónum króna, fyrir að vinna verkið og er ekki gert ráð fyrir að hann megi stofna til neins kostnaðar utan þess.

Jännäri er á eftirlaunum. Hann hefur reynslu bankakreppum og var forstjóri finnska Fjármálaeftirlitsins árunum 1996-2006. Hann var mjög áberandi í því starfi í opinberri umræðu í Finnlandi enda hefur Fjármálaeftirlitið miklu hlutverki að gegna þar í landi. Fyrir þennan tíma starfaði hann meðal annars í Seðlabanka Finnlands og svo hefur hann sinnt ýmsum trúnaðarstörfum, til dæmis hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Allan tímann hefur hann sinnt verkefnum sem snerta banka- og fjármálamarkaði.

Jännäri var stjórnarformaður finnska bankans Skopbanki sem varð gjaldþrota í bankakreppunni í Finnlandi árið 1993.

Von er á Jännäri til Íslands í vikunni og hefst þá strax vinna hans. Jännäri segist lítið vita um verkefnið á Íslandi og ekki vita hvenær hann byrjar. Ekki sé tímabært að veita nein viðtöl strax.

Jännäri á að skila skýrslu sinni í lok mars og verður hún strax gerð opinber, að sögn forsætisráðuneytisins. - ghs



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Forsætisráðuneytið hefur ráðið Kaarlo Vilho Jännäri til að endurskoða regluverk um fjármálastarfsemi.

Bæjarstjórn vill jöfnun:

# Dreifing ÁTVR sé á Akureyri

**SVEITARSTJÓRNIR** Akureyringar vilja að fjármálaráðuneytið heimili rekstur dreifingarstöðvar ÁTVR á Akureyri. Bæjarstjórnin segir jafnframt nauðsynlegt að koma á flutningsjöfnunarkerfi til að jafna flutningskostnað fyrirtækja sem starfa á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

„Nú þegar fyrirtæki standa frammi fyrir erfiðari rekstrarskilyrðum en áður er þörfin á að hrinda þessu réttlætismáli í framkvæmd brýnni en nokkru sinni,“ segir bæjarstjórn Akureyrar sem enn fremur leggur til að Alþingi láti gera athugun á hagkvæmni strandsiglinga. - gar

Hætt við ferðir til Íslands:

# Islandsferder í greiðslustöðvun

**FERÐALÖG Norska ferðaskrifstofan Islandsferder hefur fengið greiðslustöðvun. Á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að hætt hafi verið við jólahlaðborðsferðir til Íslands sem átti að fara frá völdum stöðum í Noregi fyrir utan Ósló. Engar breytingar verði á ferðum frá höfuðborginni.**

**Viðskiptavinum hefur verið tilkynnt að ferðirnar fáist endurgreiddar að fullu. Ekki er tekið fram hversu margir hafi þegar pantað sér miða í ferðirnar.**

**Islandsferder hefur starfað í Ósló um árabil og sérhæft sig í ferðum til Íslands.** - kg

Neyslumynstur Íslendinga breyttist hratt þegar efnahagsþrengingarnar skullu á:

# Tvöfalt meira reiðufé í umferð núna

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi þjóð eyðir þegar hún getur og sparar þegar hún þarf,“ segir Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, um miklar breytingar á kortanotkun Íslendinga að undanförnu.

Hann segir kortaviðskiptajöfnuð Íslendinga við útlönd vera fjórum sinnum betri nú en í fyrra. „Reiknað á gengi dagsins var jöfnuður á Mastercard-kortum 80 milljónir á dag sem við eyddum meira en útlendingarnir. Í dag er hann 18 milljónir,“ segir Haukur og bætir við að vöxtur á eyðslu útlendinga á Íslandi teljist hæfilegur.

Haukur segir ótrúlegt að sjá hversu hraðar breytingar urðu á neyslumynstri Íslendinga. Hugsunarháttur landsmanna hafi breyst snögglega upp úr miðjum september.

> Við vitum að það er tvöfalt meira af reiðufé í umferð núna en bara í sumar. Sumir vilja spara með því að vera með peninga í höndunum.“
>
> HAUKUR ODDSSON
> FORSTJÓRI BORGUNAR



„Við sjáum líka mjög miklar tilfærslur á kortanotkun innanlands. Hún er breytist hægar en er að færast úr debetkortum yfir í kreditkort,“ segir Haukur. Sumir velji þó að nota reiðufé. „Við vitum að það er tvöfalt meira af reiðufé í umferð núna en bara í sumar. Sumir vilja spara með því að vera með peninga í höndunum.“

Hauki sýnist sem fólk sé að gera hagkvæmari innkaup og kaupa meira í einu en áður. „Þetta er allt rökrétt hvernig fólk bregst við en það kemur okkur á óvart hvað vanskil hækka lítið.

Fólk reynir að standa í skilum og það er sameiginlegt verkefni okkar að gera allt til að fólk geti staðið í skilum,“ segir Haukur. Hann segist alveg eins hafa búist við meiri og hraðari vexti vanskila. „Fólk er meira meðvitað um hvað peningar kosta,“ segir Haukur. - ovd


UMFERÐARÞING 2008

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK
26. NÓVEMBER 2008

DAGSKRÁ UMFERÐARÞINGS

8.30 SKRÁNING OG AFHENDING ÞINGGAGNA

9.00 ÞINGSETNING
Karl V. Matthíasson, formaður Umferðarráðs

ÁVARP
Kristján L. Möller, samgönguráðherra

AFHENDING UMFERÐARLJÓSSINS
Verðlaunagripur Umferðarráðs veittur í áttunda sinn þeim aðila, einstaklingi, samtökum eða stofnun, sem unnið hefur sérstaklega árangursríkt og/eða eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála

STUTT HLÉ

10.00 UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN TIL ÁRSINS 2016
Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu og formaður umferðaröryggisráðs

10.15 GETTING ORGANIZED TOWARDS ZERO ROAD DEATHS?
John Dawson, Chairman of EuroRAP and iRAP, Director of FIA Foundation for Automobile and Society

11.15 UMFERÐARÖRYGGI SVEITARFÉLAGA
Lárus Ágústsson, Cowi, Danmörku

11.30 EuroRAP Á ÍSLANDI
HVAÐA EINKUNN FÆR ÍSLENSKA VEGAKERFIÐ?
Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB og verkefnastjóri EuroRap á Íslandi

11.45 FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

12.00 MATARHLÉ

13.00 ENDURSKOÐUN UMFERÐARLAGA
Róbert R. Spanó, prófessor í lagadeild við Háskóla Íslands og formaður nefndar um endurskoðun umferðarlaga

13.15 Á AÐ TAKA UPP HLUTLÆGA ÁBYRGÐ EIGENDA?
Kolbrún Sævarsdóttir, lögfræðingur hjá Ríkissaksóknara

13.30 AKSTUR UNDIR ÁHRIFUM
Valgerður Rúnarsdóttir, fíknsjúkdómalæknir hjá SÁÁ

13.45 Á AÐ LÆKKA LEYFILEG MÖRK ÁFENGISMAGNS Í BLÓÐI?
Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa

14.00 HVAÐA KRÖFUR Á AÐ GERA TIL ELDRI BORGARA VARÐANDI AKSTUR?
Hallgrímur Magnússon, doktor í öldrunargeðlækningum

14.15 FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

14.30 KAFFIHLÉ

ÖRUGGARI ÖKUMENN – UNGIR ÖKUMENN

15.00 EFLING UMFERÐARFRÆÐSLU Í SKÓLUM – MARKMIÐ OG LEIÐIR
Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu og formaður starfshóps um útfærslu og tilhögun umferðarfræðslu í skólum landsins

15.15 „STELPUR Í BLEIKU – STRÁKAR Í BLÁU“
HVAÐ MÓTAR HUGMYNDIR KYNJANNA UM BÍLA OG UMFERÐ?
Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnarfulltrúi VÍS

15.30 AKSTURSBANN UNGRA ÖKUMANNA OG ÁRANGUR AF ÞVÍ
Holger Torp, verkefnastjóri ökunáms hjá Umferðarstofu

15.45 ENDURSKOÐUN ÖKUNÁMS, NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS
Arnaldur Árnason, formaður starfshóps

16.00 ER RÉTT AÐ HÆKKA ÖKULEYFISALDURINN Í 18 ÁR?
Sigrún Hlín Sigurðardóttir, háskólanemi mælir með hækkun ökuleyfisaldurs.
Sveinn Guðberg Sveinsson, framhaldsskólanemi mælir gegn hækkun ökuleyfisaldurs

16.30 FYRIRSPURNIR, UMRÆÐUR OG ÁLYKTANIR

17.00 ÞINGSLIT
Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu

FUNDARSTJÓRAR:
Óli H. Þórðarson, fyrrverandi formaður Umferðarráðs
Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar

Umferðarþing er öllum opið. Þátttökugjald er 6.900 kr. Innifalið er jólahlaðborð í hádeginu og kaffiveitingar. Skráning er á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is, til 24. nóvember. Þar er að finna nánari upplýsingar um þingið. Einnig í síma 580 2000.

UMFERÐARSTOFA

á þínum vegum!
UMFERÐAR RÁÐ


# Yfirlýsing frá Virðingu hf.

**Vegna húsleitar efnahagsdeildar embættis Ríkislögreglustjóra hjá verðbréfafyrirtækinu Virðingu hf. föstudaginn 21. nóvember sl. vill fyrirtækið árétta að aðgerðin og yfirstandandi lögreglurannsókn beinist ekki að Virðingu og starfsemi fyrirtækisins.**

**Enginn grunur er um að Virðing hafi brotið lög heldur beinist rannsóknin að mögulegri misnotkun markaðsupplýsinga eins starfsmanns fyrirtækisins í málum sem Virðing á engan hlut að. Ekki var hróflað við sjóðum Virðingar, engum fjármunum skotið undan og viðskiptavinir fyrirtækisins hafa engan skaða hlotið.**

**Virðing er löggilt verðbréfafyrirtæki sem leggur áherslu á að þjóna fag- og stofnanafjárfestum. Stjórn og starfsmenn Virðingar hafa aðstoðað lögreglu við rannsókn málsins og munu gera það áfram, verði þess óskað. Fyrirtækið leggur áherslu á að um er að ræða opinbert lögreglumál sem er óviðkomandi starfsemi Virðingar og vegna rannsóknarhagsmuna mun fyrirtækið ekki tjá sig frekar um málið meðan rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra fer fram.**

*Fyrir hönd stjórnar Virðingar, Þröstur Olaf Sigurjónsson, stjórnarformaður.*

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Níræður ók á sjötuga

Ekið var á konu á sjötugsaldri sem var að ganga yfir gangbraut á móts við Suðurver um sex leytið í fyrrakvöld. Maður á níræðisaldri ók bílnum. Hann sá ekki konuna sem var dökkklædd og sást illa í rökkrinu. Konan var flutt á slysadeild og var ekki talin alvarlega slösuð.

**CHILE**

## Endi bundinn á verkfall

Öldungadeild Chileþings samþykkti samhljóða á fimmtudag að ríkisstarfsmenn fái tíu prósenta kauphækkun. Þar með lauk fjögurra daga verkfalli um 400.000 opinberra starfsmanna.

Sunnudagssprengja

# 30% afsláttur

af öllu jólaskrauti og seríum















Gildir sunnudaginn 23. nóvember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ráðast þarf strax í skuldbreytingu aldarinnar:

## Hjálp!

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Hefðbundin meðul hagfræðinnar eru ekki líkleg til að mega sín mikils gagnvart þeirri vá sem stendur nú fyrir dyrum í íslensku samfélagi. Eigi að takast að bjarga heimilunum og fyrirtækjunum í landinu frá fjöldagjaldþroti, atvinnuleysi og óðaverðbólgu þarf til samstillt og risastórt átak sem á sér engan sinn líka í Íslandssögunni. Afskrifa þarf stóran hluta skulda heimila og fyrirtækja, lengja önnur lán, milda innheimtuaðgerðir, afnema gjaldþrotalögin tímabundið og breyta skuldum í hlutafé þar sem það á við. Grípa þarf til skuldbreytingar aldarinnar, eigi þjóðinni að takast að komast í gegnum þetta.

Í Peningamálum Seðlabankans, sem komu út á dögunum, var spáð tíu prósenta atvinnuleysi. Margt bendir til þess að það geti orðið enn meira. Spáð var 50 prósenta raunlækkun á fasteignaverði á næstu árum. Líklegt er að sú lækkun sé þegar komin fram og landsmenn sitji nú margir í verðlausum eignum þar sem áhvílandi lán eru langt umfram markaðsvirði og fátt annað blasir við en helfrosinn markaður næstu mánuði og jafnvel misseri.

Þetta er einhvern veginn svona: Samfara hækkandi húsnæðislánum landsmanna vegna verðbólgu og gengis krónunnar, með hækkandi vöruverði og launalækkunum og atvinnuleysi, er með gildum rökum hægt að finna út að stærstur hluti íslensku þjóðarinnar geti tæknilega talist gjaldþrota áður en langt um líður. Kannski er sú staða nú þegar komin upp og þjóðin situr uppi með svimandi há húsnæðislán á verðlitlum eignum, sem þar að auki seljast ekki.

Það er augljóst að stjórnvöld hljóta að bregðast við. Þau beinlínis verða að gera það. Hið fyrsta sem þessi ríkistjórn ætti að gera, vilji hún eiga sér einhvern grundvöll til framtíðar, er að kalla nú þegar til færustu sérfræðinga þjóðarinnar ásamt teymi útlendra sérfræðinga, til að móta sameiginlega aðgerðaáætlun og hrinda henni síðan þegar í framkvæmd. Hér duga engar smáskammtalækningar eða plástrar á svöðusár. Verkefnið er svo brýnt að réttast væri að finna liði þessu sæmilegt næði og aðstöðu og loka það svo inni þar til niðurstaða er fengin.

Gegnir sérfræðingar og samtök hafa þegar stigið fram og gefið góð ráð. Nú er tími til þess að sýna djörfung og þor við óvenjulegar aðstæður. Kannski kemur svona tækifæri aldrei aftur. Út frá jafnræðisreglu má ekki mismuna einstaklingum í þessum efnum, láta hið sama yfir alla ganga. Hvort sem það eru bankamenn, verkafólk, opinberir starfsmenn eða iðnaðarmenn; allir verða að eygja þá von að þeir fái risið undir sanngjörnum skuldbindingum til lengri framtíðar, en þrjóti ekki örendi og gefist upp á að standa í skilum, eins og gerðist í óðaverðbólgunni þar sem viðhorfið var: greidd skuld er glatað fé.

Nú þegar neyðarlán og áætlun frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum liggur fyrir og fleiri þjóðir rétta fram hjálparhönd, er mikilvægt að vel verði spilað úr þessum fjármunum. Framtíð okkar allra veltur á því að vel takist til. Ef við viljum ekki missa heilu kynslóðirnar úr landi og meinum eitthvað með því að skapa hér lífvænleg skilyrði fyrir fólkið í landinu og börnin okkar, er ekki annað að gera en hætta aðeins að rífast og benda hvert á annað, en spila þess í stað djarft. Og byrja strax.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ef ekki í stjórn þá í mótmælum

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, sagði að fólk sem mætti á útifundi og mótmælafundi til að mótmæla ástandinu ætti hrós skilið. Sjálf myndi hún vera þar ef hún væri ekki í ríkisstjórn. Mótmælin á Austurvelli í gær snerust að mestu um það að þrýsta á stjórnina til að hverfa frá völdum. Það hljómar því nokkuð undarlega að heyra utanríkisráðaherra segjast myndu vera á slíkum fundi ef hún væri ekki utanríkisráðherra. Myndi hún þá fara með mótmælendum að lögreglustöðinni við Hlemm?



### Gamalt myndband um krónuna

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar og fyrrverandi sjónvarpsfréttamaður hjá RÚV, sýnir athyglisvert myndband á bloggsíðu sinni. Það er frá því í janúar 2007 og sýnir þegar Geir H. Haarde bregst afar illa við spurningum hans um það hvort ekki væri rétt að taka upp evru í stað krónu. Það sem forsætisráðherrann segir þar minnir um margt á málflutning Davíðs Oddsonar seðlabankastjóra í viðtali við Stöð 2 í haust þegar hann talaði um lýðskrumarana. Viðtalið við Geir sem þarna er sýnt endar í hálfgerðri rimmu þar sem annar fréttamaður gengur á milli með léttu spaugi.

### Krónan og vegurinn

Það má einnig sjá á þessu viðtali að Geir, sem flestir eru sammála um að sé dagfarsprúður mjög, verður reiður þegar spurt er um krónuna. Það mátti einnig sjá á seðlabankastjóra í fyrrnefndu viðtali á Stöð 2. Það er greinilegt að menn tóku inn á sig allt umtal um krónuna. G. Pétur var ekki byrjaður hjá Vegagerðinni á þessum tíma en virðist hafa skynjað að krónan væri að afvegaleiða okkur eitthvað. jse@frettabladid.is



# Órökstuddar dylgjur



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

**Í DAG** | Svar við grein Agnesar Bragadóttur

Morgunblaðið heldur áfram að ráðast að mér og tengdum félögum. Nú birtir Agnes Bragadóttir upplýsingar um stöðu einstakra viðskiptamanna við Glitni þann 31. janúar 2008. Á grunni þeirra upplýsinga treystir Morgunblaðið sér til að slá upp fjögurra dálka svörtum kassa á forsíðu þar sem fullyrt er: „Helstu stjórnendur Glitnis ásamt fulltrúum stærsta hluthafans, FL Group, brutu allar verklagsreglur við lánveitingar“ og að líklegt sé „talið að krafist verði opinberrar rannsóknar á viðskiptunum“.

Ég var stjórnarformaður FL Group, stærsta hluthafa Glitnis, á þeim tíma er um ræðir og vil gera nokkrar athugasemdir við þennan ósvífna fréttaflutning.

Í yfirliti um stærstu skuldara Glitnis dags. 31. janúar 2008 kemur fram að lán til FL Group, stærsta hluthafa bankans, námu 26,6 milljörðum króna. Þótt hér hafi greinilega einhver brotið bankaleynd þykir mér í sjálfu sér ágætt að þetta komi fram, því þetta sýnir svart á hvítu að dylgjur um að FL Group hafi blóðmjólkað Glitni eru ekki á rökum reistar. Heildarútlán Glitnis til viðskiptamanna um síðustu áramót voru 1.975 milljarðar. Lán til FL Group, sem þá var annað af tveimur stærstu fjárfestingafélögum landsins, voru því einungis 1,35% af heildarútlánum bankans. Á yfirlitinu sé ég að lán Glitnis til Exista námu á sama tíma 22,8 milljörðum króna sem var 1,15% af heildarútlánum Glitnis.

### Lánveitingar til FL group eðlilegar

Í greininni er enn fremur vikið að þremur lánveitingum Glitnis til FL Group í nóvember og desember 2007. Agnes heldur því fram að þessar lánveitingar hafi verið óeðlilegar og að FL Group hafi verið komið í þrot á þessum tíma. Þetta eru einfaldlega órökstuddar og rangar fullyrðingar. Ég hef látið skoða þessar lánveitingar. Í ljós kemur að um var að ræða endurfjármögnun að mestu leyti. Nóvemberlánin tvö voru veitt gegn tryggu veði í eignarhlutum í Geysi Green Energy og Refresco. Desemberlánið upp á 15,9 milljarða var veitt gegn veðum í eignarhlutum í Landic Property og fleiri fasteignafélögum. Andvirði lánsins var notað til að greiða niður önnur lán FL Group og greiddi FL Group lán sín hjá Glitni að auki niður um 7 milljarða á þessum tíma. Ég kom hvergi nærri þessum lánamálum og það var nákvæmlega ekkert óeðlilegt við afgreiðslu lánanna. Þau eru í fullu samræmi við lánafyrirgreiðslu Glitnis við aðra viðskiptamenn og í fullu samræmi við fyrirgreiðslu til FL Group hjá öðrum lánastofnunum, innlendum og erlendum.

Morgunblaðið er væntanlega að reyna að sá þeirri hugmynd að stærstu eigendur Glitnis, félög tengd mér, hafi gengið um sjóði Glitnis eins og þeir ættu þá. Það vill þannig til að í opinberum árshlutareikningum viðskiptabankanna þriggja koma fram upplýsingar um hlutfall lána bankanna til þeirra sem teljast tengdir aðilar, svo sem stjórnenda, stórra hluthafa og stjórnarmanna og félaga á þeirra vegum. Hér til hliðar má sjá tölur um þetta frá 30. júní 2008. Hlutfall lána bankanna þriggja til tengdra aðila nam þá á bilinu 2,5-3,5% af heildarútlánum bankanna.

Skv. yfirlitinu nam samanlögð fyrirgreiðsla Glitnis við FL Group, Baug og Landic Property þann 31. janúar 2008 því 53,8 milljörðum króna. Þrjú af tíu stærstu fyrirtækjum landsins voru sem sagt samtals með 2,7% af heildarútlánum þriðja stærsta banka landsins? Hvað er óeðlilegt við það?

Ég get líka staðfest að þessi félög, FL Group, Baugur og Landic Property, voru öll í skilum með öll sín lán, innanlands sem utan, í lok september sl. þegar Seðlabankinn rústaði Glitni og íslensku efnhagslífi í leiðinni.

### Tilgangurinn helgar meðalið

Það stendur ekki steinn yfir steini í svikabrigslum Agnesar. Það er líklega vegna þess að hún hefur ákveðið fyrirfram, eins og hirðin sem hún tilheyrir, að allt sem tengist mér og mínum félögum sé tóm spilling og svikamylla. Hugsanlega veit Agnes betur, en tilgangurinn helgar meðalið.

Ég get skilið að venjulegt fólk, sem hefur því miður orðið fyrir barðinu á hruni íslensks efnahagslífs, sé reitt og leiti skýringa, jafnvel sökudólga. Það ríkir mikil tortryggni og andúð í garð bankanna, fjárfestingafélaganna og ekki síst þeirra einstaklinga í viðskiptalífinu sem mest hefur borið á. Ég mun standa skil á því sem að mér snýr og vík mér ekki undan þeirri ábyrgð sem ég ber. Ég veit að ég hef ekki aðhafst neitt ólöglegt og neita því að sitja undir ítrekuðum ásökunum á borð við þær sem Agnes ber á borð, í trausti þess að fólk geri ekki kröfur um að svikabrigslin séu rökstudd.

Hvað gengur Morgunblaðinu til? Hverra erinda gengur blaðið? Af hverju hafa órökstuddar ávirðingar í nýlegum greinaskrifum einstaklinga ratað í þrígang á forsíðu blaðsins? Af hverju er Agnes Bragadóttir með mig og tengd félög á heilanum, en fjallar lítið sem ekkert um aðra banka eða eigendur blaðsins? Af hverju eyðir seðlabankastjóri stórum hluta ræðu sinnar hjá Viðskiptaráði í ósannindi um að ég stjórni öllum fjölmiðlum í landinu og að ég skuldi þúsund milljarða?

Það er sjálfsagt og eðlilegt að fjallað sé með gagnrýnum hætti um viðskiptalífið eins og önnur svið samfélagsins en sú gagnrýni verður að byggjast á staðreyndum og rökum, ekki síendurteknum ósannindum, dylgjum og slúðri.

### 156 milljarða eigið fé FL Group

Agnes margendurtekur í grein sinni að FL Group hafi verið komið í þrot í nóvember og desember 2007, sem sýnir enn hve illa hún er að sér, eða þá hvað hún treystir sér til að fara frjálslega með staðreyndir í áróðursstríði sínu. Í ársreikningi FL Group kemur fram að eigið fé félagsins var 155,8 milljarðar króna í árslok 2007 og þar af var laust fé 28,6 milljarðar. Við birtingu ársreikningsins stóðu einungis 8,5 milljarðar eftir af lánum með gjalddaga á árinu 2008. Það er svo önnur saga hvernig fór fyrir FL Group á haustmánuðum 2008 sem ég fer ekki út í hér.

Agnes hrærir svo saman mörgum félögum og leggur saman skuldir þeirra við Glitni. Það er mestmegnis á sandi byggt, t.d. kem ég eða FL Group hvergi nálægt félögum á borð við Gnúp, Fons, Stím eða Kötlu Seafood. Að auki segir Agnes mig hafa stofnað til Stíms ehf., sem er tóm þvæla. En ég kannast við Baug og Landic Property.

Baugur, sem er í meirihlutaeigu minni, skuldaði skv. yfirlitinu Glitni 14,5 milljarða króna. Landic Property, sem er að hluta til í eigu félaga sem tengjast mér, skuldaði Glitni 12,7 milljarða króna lán á þessum tíma. Í báðum tilfellum var um fjármögnun fjárfestingaverkefna að ræða, gegn veði í viðkomandi eignum.

**LÁN VIÐSKIPTABANKANNA ÞRIGGJA TIL TENGDRA AÐILA 30.6.´08**

| | Glitnir | Kaupþing | Landsbankinn |
|---|---|---|---|
| Lán til tengdra aðila (ma.kr) | 73,7 | 146,0 | 64,0 |
| Hlutfall af heildareignum | 1,9% | 2,2% | 1,6% |
| Hlutfall af útlánum | 2,9% | 3,5% | 2,5% |

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

# Efni í fallegan jólakrans



**995,-/4 í pk.**
**KALLT skrautkerti, epli** Ø7cm.

**495,-**
**Grenibúnt**



**695,-/20 í pk.**
**KALLT kerti.** L19cm. Rautt



**KALLT skrautfuglar 995,-/4 í pk.**



**KALLT skrauthjörtu 995,-/6 í pk.**
Ýmsir litir



**KALLT skrauthjörtu 495,-/8 í pk.**
Ýmsir litir



**295,-/stk.**
**KALLT kubbakerti**
L15cm. Ýmsir litir

**750,-/4 í pk.**
**KALLT skrautdropar** L12cm.



**395,-/10 í pk.**
**ISIG geitur/hjörtu.** Ýmsir litir



**KALLT borði 995,-**
L18m. Ýmsir litir



**KALLT borðar, 895,-/2 í pk.**
L5m. Hvítt/blátt

IKEA®

Opið 11-20 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30
**www.IKEA.is**



**GUÐJÓN FRIÐRIKSSON** „Þessi saga er að mestu leyti skrifuð 2006 og 2007, hápunktur tímabils sem segja má að nú sé liðið og bókin lýsir því tímabili. Svo verða önnur verk að segja söguna áfram. Mér finnst ágætt að þessi bók komi út núna. Hún er þá vitnisburður um þessa tíma og þátt Ólafs Ragnars í þeim.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# *Heiðurinn að veði*

Fyrr í vikunni kom út bókin *Saga af forseta*, sem fjallar um forsetaferil Ólafs Ragnars Grímssonar. Höfundur er **Guðjón Friðriksson** sagnfræðingur. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Guðjón um tilurð bókarinnar og tilgang hennar. Hann segir Ólaf Ragnar hafa haft varanleg áhrif á forsetaembættið en stundum farið fram úr sér þegar hann ræddi um útrásina.

Guðjón Friðriksson er þrautreyndur ævisagnaritari, hefur ritað ævisögur manna á borð við Jónas frá Hriflu, Einar Benediktsson, Hannes Hafstein og Jón Sigurðsson, en sú bók hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka á sínum tíma.

Nýjasta bók hans er frábrugðin fyrri bókum hans því hér er ekki um ævisögu að ræða, heldur frásögn af afmörkuðu tímabili í ævi fyrirferðarmikils samtímamanns, Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

*Hvernig atvikaðist það að þú tókst að þér að skrifa þessa bók og hver er tilgangurinn með henni?*

„Ég fór á fyrirlestur hjá Ólafi Ragnari í janúar 2006 hjá Sagnfræðingafélagi Íslands sem fjallaði um útrásina. Við tókum tal saman eftir fyrirlesturinn og hann stakk því að mér að ég ætti að skrifa samtímasögu til tilbreytingar. Þetta væru sögulegir tímar sem við værum á. Ég var þá í millibilsástandi með verkefni og tók hann bara á orðinu. Svo þróaðist þetta og ég vildi taka hann sjálfan fyrir sem meginþema bókarinnar og segja söguna út frá honum.

Ég lít á bókina sem samtímasögu en sambærilegar bækur koma út í miklum mæli í nágrannalöndunum og víðar. Ef maður fer í bókabúð í Bandaríkjunum eru fleiri hillumetrar lagðir undir bækur um samtímamenn og samtímaviðburði. Ég lít á verk mitt sem sagnfræði um atburði síðustu ára og einnig innlegg í umræðu dagsins, ekki síst í umræðu um forsetaembættið sjálft og forsetatíð Ólafs Ragnars sem hefur verið talsvert umdeild.“

*Hvernig var samstarfi ykkar Ólafs Ragnars háttað? Lagði hann línuna um efnistökin eða hafðirðu frjálsar hendur?*

„Nei, hann lagði enga línu um efnistök. En ég átti mörg viðtöl við hann, tók upp gríðarlega mikið efni á band, en að öðru leyti lagði ég þetta upp sjálfur. Hann þurfti ekki að leggja blessun sína yfir neitt, alls ekki. Ég spurði og hann svaraði jafnan greiðlega, en það eru auðvitað takmörk fyrir því hverju hann getur sagt frá, sumt er að sjálfsögðu trúnaðarmál.“

## Viðbúið að það yrðu árekstrar

*Hvernig forseti er Ólafur Ragnar Grímsson, til dæmis samanborið við fyrri forseta?*

„Þeir eru nú allir hver öðrum ólíkir þeir forsetar sem hafa verið. Þeir hafa allir með einhverjum hætti sett sitt mark á embættið. Þetta er auðvitað ungt embætti, ekki nema sextíu ára gamalt eða svo. Ólafur Ragnar hefur verið miklu sjálfstæðari og haft meira frumkvæði í ýmsum málum en fyrri forsetar, að Sveini Björnssyni frátöldum, sem tók mjög mikinn þátt í þjóðmálum. Þetta hefur óhjákvæmilega valdið ákveðnum núningi við ríkisstjórnina, sérstaklega ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Það skýrist meðal annars af því að í þeirri ríkisstjórn sátu helstu andstæðingar Ólafs Ragnars frá fyrri tíð. Það var viðbúið þegar hann fór að láta að sér kveða með býsna sjálfstæðum hætti að það yrðu árekstrar. Það liggur eiginlega í hlutarins eðli og ég reyni að lýsa því í bókinni.“

*Ólafur Ragnar er mjög umdeildur maður og á sér marga óvildarmenn. Rakstu þig á það á einhvern hátt?*

„Nei, ekki með beinum hætti en maður þarf ekki annað en að fylgjast með umræðum í fjölmiðlum og á Netinu til að sjá það. Hann er einn af þeim mönnum sem er mjög umdeildur og á sér mikla og hatramma andstæðinga. Það kom vel fram árið 2004 þegar miklar öldur og úfar risu. Ólafur Ragnar er bara þeirrar gerðar að hann vekur upp miklar tilfinningar.“

## Ímynd Ólafs ekki tilgangurinn

*Bókin kemur út í upphafi fjórða kjörtímabils Ólafs Ragnars og getur því trauðla talist uppgjörsbók. Margir munu mögulega túlka hana sem lið í því að styrkja tiltekna ímynd af Ólafi Ragnari í sessi. Finnst þér þú hafa lagt þinn fræðilega heiður að veði með ritun þessarar bókar?*

„Maður leggur sinn fræðilega heiður undir í hvert sinn sem maður skrifar bók. En það var ekki tilgangurinn að skapa einhverja ímynd. Ég býst við að þetta verði síðasta kjörtímabil Ólafs Ragnars og hann þarf ekkert á því að halda í sjálfu sér að búa til einhverja nýja ímynd af sér eða endurbæta hana. Bókin á fyrst og fremst að lýsa þessari sögu, eins og hver önnur sagnfræði.“

*Bókin átti upphaflega að koma út í fyrra. Sú kenning hefur verið sett fram að bókin hafi verið hugsuð sem viðbrögð við hugsanlegu mótframboði í ár. Er eitthvað til í því?*

„Nei, það er algjörlega úr lausu lofti gripið. Það voru ýmis vandkvæði sem komu í veg fyrir að bókin kom út í fyrra. Textinn var tilbúinn síðsumars 2007 en það átti eftir að útvega myndir. Næstu vikurnar á eftir var Ólafur mjög lítið á landinu og það einfaldlega vannst ekki nægur tími til að ganga frá bókinni í tæka tíð.“

*Þú minnist á það í inngangi að bókin er að stærstum hluta skrifuð árið 2006 og 2007 þegar mikil bjartsýni ríkir. Lesendur þurfi að hafa það í huga. Þarf þessi bók ekki að koma út í uppfærðri útgáfu innan fárra ára í ljósi þess sem hefur gerst?*

„Nei, það er algjörlega úr lausu lofti gripið. Það voru ýmis vandkvæði sem komu í veg fyrir að bókin kom út í fyrra. Textinn var tilbúinn síðsumars 2007 en það átti eftir að útvega myndir. Næstu vikurnar á eftir var Ólafur mjög lítið á landinu og það einfaldlega vannst ekki nægur tími til að ganga frá bókinni í tæka tíð.“

*Þú nefnir það í eftirmála bókarinnar að þú hafir miklar mætur á Ólafi Ragnari. Heldurðu að þú hafi verið nægjanlega gagnrýninn?*

„Það verða lesendur að meta. Ég læt ýmsar gagnrýnisraddir á Ólaf hljóma í bókinni, bæði raddir úr fjölmiðlum auk þess sem ég tók viðtal við marga. Ég hefði gjarnan viljað að rödd Davíðs Oddssonar hljómaði í bókinni en hann gaf ekki kost á því.“

## Átökin við Davíð

*Davíð Oddsson leikur stórt aukahlutverk í bókinni. Það hefur verið fullyrt að bókin sé beinlínis stríðsyfirlýsing á hendur honum. Ólafur Ragnar og Davíð hafa eldað grátt silfur um árin. Þú rekur mörg dæmi um hvernig Davíð reynir að klekkja á forsetanum. En tók Ólafur Ragnar ekki þátt í þeim leik sjálfur? Má ekki líta á ýmsar embættisfærslur forsetans, til dæmis þegar hann hélt utan á heimastjórnarafmælinu og þegar hann neitaði að skrifa undir fjölmiðlalög, fyrst og fremst sem lið í persónulegum átökum milli þessara manna frekar en málefnaágreining?*

„Varðandi heimastjórnarafmælið kemur fram í máli Ólafs Ragnars í bókinni að hann fór gagngert utan vegna þess að honum líkaði ekki þessar heimastjórnarhátíðar. Honum fannst óþolandi að hann átti ekki að hafa þar hlutverk sjálfur og þess vegna fór hann utan þegar afmælið var. Það má segja að hafi verið mótleikur í þessu stríði svokallaða.

Meðan Ólafur var í útlöndum var haldinn þessi frægi ríkisráðsfundur án þess að forsetinn, formaður ríkisráðs, væri látinn vita. Deilurnar um það voru málefnalegar. Að mínu viti á að láta forsetann vita af ríkisráðsfundi og kynna sér hvort hann getur komið. Það er ekki snúnara að fljúga frá útlöndum en frá Akureyri. Mér fannst málefnaleg rök á bak við það.

Fjölmiðlamálið var gífurlega umdeilt mál í öllu samfélaginu, af málefnalegum ástæðum. Lögfræðingar tóku virkan þátt í þeirri umræðu og margir bentu á að lögin gætu brotið í bága við stjórnarskrána að fleiru en einu leyti. Það mál snerist því um málefnalegan ágreining. Þar að auki virtist mikill meirihluti þjóðarinnar vera gjörsamlega andsnúinn lögunum. Það mál snerist því ekki um stríð milli Ólafs Ragnars og Davíðs, þótt það kristallaðist í þeim.“

*Þú lýsir átökum milli Ólafs og Davíðs sem virðast hafa orðið af lítilfjörlegu tilefni. Í ljósi alls þess sem á hefur gengið, hefur það verið happadrjúgt fyrir forsetaembættið og Ísland að Ólafur Ragnar og Davíð Oddsson gegndu embætti forseta og forsætisráðherra? Ber bókin þess ekki um margt vitni að það sé ekki heppilegt að fyrrverandi stjórnmálamenn setjist í forsetastól?*

„Varðandi heimastjórnarafmælið kemur fram í máli Ólafs Ragnars í bókinni að hann fór gagngert utan vegna þess að honum líkaði ekki hvernig heimastjórnarhátíðin þróaðist. Honum fannnst óþolandi að forseti Íslands ætti ekki að hafa hlutverk í henni, eins og í fyrri þjóðhátíðum, og þess vegna fór hann utan þegar afmælið var. Það má segja að hafi verið mótleikur í þessu stríði, svokallaða.

Meðan Ólafur var í útlöndum var haldinn þessi frægi ríkisráðsfundur án þess að forsetinn, oddviti ríkisráðs, væri látinn vita. Deilurnar um það voru málefnalegar. Að mínu viti á að láta forsetann vita af ríkisráðsfundi og kynna sér hvort hann getur komið. Það er ekki snúnara að fljúga frá útlöndum en frá Akureyri. Mér fannst málefnaleg rök á bakvið það.

Annað mál, fjölmiðlamálið var gífurlega umdeilt í öllu samfélaginu, og einnig af málefnalegum ástæðum. Lögfræðingar tóku virkan þátt í þeirri umræðu og margir bentu á að lögin gætu brotið í bága við stjórnarskrána að fleiru en einu leyti. Þar að auki virtist mikill meirihluti þjóðarinnar vera gjörsamlega andsnúinn lögunum. Það mál snerist því ekki um stríð milli Ólafs Ragnars og Davíðs, þótt það kristallaðist í átökum milli þeirra.“

*Hvaða varanleg áhrif telurðu að Ólafur Ragnar hafi haft á forsetaembættið?*

„Hann hefur beitt málskotsréttinum og þannig gert það ákvæði í stjórnarskránni virkt. Forsetaembættið verður aldrei samt eftir það. Það var viðurkennt í reynd að forsetinn hefði rétt til að skjóta lögum til þjóðarinnar. Önnur meginbreyting er sú að hann hefur tekið mikið frumkvæði í sambandi við viðskipti Íslendinga erlendis. Hann hefur haft frumkvæði í þessari útrás til útlanda. Ég held að þjóðhöfðingjar annarra landa hafi verið mjög mikið í því að liðsinna kaupsýslumönnum landa sinna á erlendri grundu. Þetta eru stærstu tvær breytingarnar, hann hefur verið miklu virkari út á við en fyrri forsetar og með öðrum hætti. Vigdís var auðvitað mjög virk en á annan hátt.“

> Ég býst við að þetta verði síðasta kjörtímabil Ólafs Ragnars og hann þarf ekkert á því að halda í sjálfu sér að búa til einhverja nýja ímynd af sér eða endurbæta hana.

## Fer sér stundum of geyst

*Tekurðu undir þær raddir sem segja að það sé liðin tíð að forsetaembættið sé sameiningartákn þjóðarinnar?*

„Ég skýri það út í bókinni að það sé í raun ómögulegt að vera sameiningatákn í þeim skilningi að allir séu sáttir við forsetann, því þá má hann ekki hafa skoðanir á neinu og það þarf ekki nema blaðamann í einhverju blaði til að andæfa einhverju sem forsetinn gerir til að stinga upp í hann. En í febrúar á þessu ári var gerð skoðanakönnun um stuðning við Ólaf og það kom í ljós að um 85 til 87 prósent þjóðarinnar voru ánægð með störf hans en tíu prósent vildu annan forseta. Mér finnst það býsna góður árangur. Svo gæti það breyst núna. Ólafur Ragnar tengist mikið þessari útrás og það gæti skemmt fyrir honum.“

*Í bókinni kemur einmitt fram að Ólafur Ragnar gegndi mikilvægu hlutverki í útrásinni, í raun verið í forsvari fyrir hana. Fyrirlesturinn, sem þú minntist á, sem Ólafur hélt um útrásina hjá Sagnfræðingafræðingafélaginu var til dæmis gagnrýndur af sagnfræðingum. Enn fremur, árið 2006, þegar íslensk fjármálafyrirtæki áttu í vök að verjast erlendis, gerðist hann nánast kynningarfulltrúi þeirra. Nú er komið á daginn að margt af þeirri gagnrýni sem kom á íslensk fyrirtæki á þeim tíma var á rökum reist. Sýnir það ekki að forsetinn hafi farið sér of geyst þegar hann talaði máli útrásarinnar?*

„Það má alveg spyrja þeirrar spurningar. Ólafi hættir til að fara fram úr sjálfum sér í ræðum, það kemur fram í bókinni. Hann er ákafur maður og gengur mjög langt í að mæra Ísland og Íslendinga á erlendri grundu og notar þá sterk orð. Þetta hefur oft verið gagnrýnt og ég get tekið undir það að sumu leyti.“

## Næstu ár erfið fyrir Ólaf

*Er þá nokkur furða að margir séu forsetanum reiðir og finnist hann hafa tekið málstað þeirra sem nú hafa hneppt þjóðina í skuldaklafa fram yfir hag almennings?*

„Það verður nú að athuga að það var meira eða minna öll íslenska þjóðin í þessum sporum, ekki bara hann. Vorið 2006 kom fram hörð gagnrýni frá greiningardeildum erlendra banka, ýmissa matsfyrirtækja og erlendra blaða. Sem dæmi má taka stóran greinaflokk í blaðinu Börsen Í Danmörku sem hét; „Kóngulóarvefur áhættunnar“. Og maður fór auðvitað að velta því fyrir sér hvort eitthvað væri til í þessu. Síðan voru fengnir heimsfrægir hagfræðingar, til dæmis Frederick Mishkin, sem nú er einn af seðlabankastjórum Bandaríkjanna, til að hvítþvo íslenskt viðskiptalíf. Síðan var prófessor frá Harvard fenginn til að gera úttekt og hann gaf Íslendingum einnig heilbrigðisvottorð. Þá hugsaði maður með sér að þetta væru bara einhverjir útlenskir bankar sem væru að öfundast út í íslensku bankana. Fyrir venjulegan almenning eins og mig virtist ástandið því í góðu lagi. Ég býst við því að þetta hafi átt við mjög marga og sennilega forsetann líka, hann hafi trúað þessu.“

*Hagnaðist Ólafur Ragnar persónulega á einhvern hátt á því að vera erindreki útrásarfyrirtækja?*

„Nei, hann hefur aldrei fengið á sig orð fyrir að skara eld að eigin köku, aldrei nokkurn tíma. Ég held að það sé alveg út í hött að álíta það. Ég held að hann hafi fyrst og fremst verið að gæta íslenskra hagsmuna, hans meginhugsun hafi verið að hjálpa Íslendingum erlendis. Þetta voru ekki bara kaupsýslumenn heldur líka vísindamenn og listamenn sem hann hefur verið mjög hjálpsamur og komið mörgu áleiðis á erlendri grundu á þeim sviðum.

*Hvernig sérðu fyrir þér fjórða kjörtímabil forsetans?*

„Það er sjálfsagt erfiður tími fyrir Íslendinga fram undan, á næsta ári og kannski þarnæsta. Maður vonast auðvitað til að Íslendingar nái sér sem fyrst úr þessari kreppu þótt hún sé óvenjulega djúp. Svona efnahagslægðir eru nú einn af fylgifiskum kapítalismans. Ég býst við að þetta verði Ólafi Ragnari erfitt eins og þjóðinni allri. Ég er alveg klár á því. Annað get ég ekki um það sagt."

# Afsláttardagar

## 40% afsláttur af öllum vörum!







Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-fös, 10-18 lau og 13-18 sun í Holtagörðum. **Te & Kaffi** opið alla daga.
Opið 09-22 mán-fös, 10-22 lau og 10-22 sun á Akureyri. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat

Holtagörðum og Akureyri

# Hvað er ábyrgð?

Hugtakið ábyrgð hefur verið í umræðunni undanfarnar vikur sem aldrei fyrr. *Anna Margrét Björnsson* fékk nokkra valinkunna Íslendinga til að skilgreina hvað felst í merkingu orðsins ábyrgð fyrir þeim. Meðal þeirra sjónarmiða sem koma fram er að embættismenn og ráðamenn bera ábyrgð og í henni felst að geta tekið afleiðingum hennar.

## NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK
**rithöfundur og prófessor emeritus**



Orðið ábyrgð kemur fyrst fyrir í íslensku ritmáli 1576 í Alþingisbókum Íslands – og því ekki undarlegt að vilja herma ábyrgð upp á stjórnmálamenn. Orðið er skylt ísl. so. bjarga og borga, í fornensku onbyrgan: tryggja, ábyrgjast. „Það er eflaust, að ábyrgð hefir þar af nafn, að sá, sem ábyrgist, á að borga," segir í Vídalínspostillu.

Enginn á líf sitt einn, og því tengist ábyrgð breytni manna gagnvart öðrum, og þar með trúnaði. Menn þurfa að standa skil á því sem þeim er trúað fyrir, því sem þeir gera sjálfir, – og einnig störfum annarra, ef þeim er trúað fyrir stjórn samtaka eða fyrirtækis – og enn frekar landsstjórn. Enda snertir þá ábyrgð þeirra líf, hagsmuni og afkomu annarra, jafnvel heillar þjóðar. Því er eðlilegt að kallað sé eftir ábyrgð manna sem hafa brugðist trúnaði og þar með skaðað aðra, þótt ekki hafi það verið ásetningur. Þeir hafa misst trúnað og þurfa annaðhvort að öðlast hann á ný, sem getur reynst erfitt, ellegar víkja fyrir öðrum.

Enginn er dómari í eigin sök, og fáir finna sök hjá sér, en sé dómgreind fyrir hendi, – sem ætlast er til af embættis- og ráðamönnum – eiga menn að geta skilið eða skynjað ábyrgð sína og tekið afleiðingum hennar. Í því felst ábyrgð.

> Því er eðlilegt að kallað sé eftir ábyrgð manna sem hafa brugðist trúnaði og þar með skaðað aðra, þótt ekki hafi það verið ásetningur.

## SÉRA SIGURÐUR PÁLSSON
**fyrrverandi sóknarprestur í Hallgrímskirkju**



Fyrir meint lögbrot er svarað fyrir dómi og ber að hlíta niðurstöðu hans. Að skera úr um hvort menn hafi axlað siðferðilega ábyrgð er snúnara. Hún getur m.a. verið fólgin í siðferðilegum skyldum við náungann eða skyldum sem ég hef undirgengist með samningum. Taki ég að mér verk samkvæmt verklýsingu axla ég ábyrgð á að sinna því af kostgæfni. Telji sá sem fól mér verkið að ég hafi sýnt vanrækslu eða reynst vanhæfur, felst ábyrgð mín í því að leggja eyru að ásökunum og svara fyrir verk mín svo skera megi úr um réttmæti þeirra. Siðferðileg skylda verkbeiðanda er að meta af sanngirni hvort ég eigi mér málsbætur. Niðurstaðan gæti orðið sú að ég stæðist mál eða ekki og að mér bæri að víkja og axla þannig ábyrgð mína, sem einnig gæti falist í að bæta fyrir hugsanlegan skaða. Skilgreining mín á ábyrgð gæti því verið: Mér ber að sinna af heilindum því sem mér hefur verið falið og ég gengist undir og er um leið skyldur að svara fyrir verk mín og leggja þau í dóm þeirra sem til þess eru bærir.

Ef ég lýk þessu svo á guðfræðilegum nótum er ábyrgðin kjarni kristilegs siðgæðis. Maðurinn ber ábyrgð gagnvart Guði á sjálfum sér, náunga sínum og náttúrunni. Ábyrgð hans er þannig fólgin í því að gera skyldu sína að vilja Guðs, standa honum skil breytni sinni og leggja í dóm hans.

> Taki ég að mér verk samkvæmt verklýsingu axla ég ábyrgð á að sinna því af kostgæfni

## HERDÍS EGILSDÓTTIR
**kennari**

Móðurmál okkar á mörg meiningarþrungin orð. Þau eru misjafnlega hörð af sér í daglegri klisjukenndri notkun. Þau orð sem líða mest og missa smám saman meiningu og áhrif eru einmitt þau orð sem rista dýpst í vitundina og eitt af þeim er ábyrgð. Þessa dagana heyrist sem aldrei fyrr dynja á eyrum orðið ábyrgð og ábyrgðarleysi og þau orð sem af þeim eru dregin. Ábyrgðin eða ábyrgðarleysið finnur sér farveg í gjörðum, orðum og æði. Með óábyrgum orðum er hægt að eitra líf saklauss fólks og eyðileggja orðspor þess og möguleika í lífinu. Líklega er þessi tegund ábyrgðarleysis ein sú lúmskasta og hættulegasta vegna þess hve hratt hún vinnur, erfitt er að leiðrétta afleiðingar hennar og sá ábyrgðarlausi gerir sér oft enga grein fyrir hve mikill skaðvaldur hann er.

Ábyrgð eða ábyrgðarleysi í gjörðum er sýnilegra en skiptir þó sköpum í lífi fólks. Ábyrgðarleysið vinnur oft óbætanlegan skaða ef þeir sem standa álengdar stara galopnum augum á það sem fram fer en gera ekkert til að skakka leikinn. Ábyrgð í starfi er oft undarlega metin þar sem oft reynist þyngra á metum að gæta fjármuna en fólks. Að axla ábyrgð þýðir að taka á sig byrði annarra og lofa að leggja hana ekki frá sér fyrr en annaðhvort þörfin fyrir þennan stuðning er liðin hjá eða annar ábyrgur tekinn við. Ábyrg manneskja nýtur trausts og virðingar og er litið á hana sem máttarstólpa í hverju samfélagi. En einnig slíku fólki getur mistekist svo að óbætanlegur skaði hlýst af. Það hlýtur að taka mjög á þá sem vilja vel. Það fylgir því ægileg kvöl að bregðast trausti þeirra sem á mann trúa. Megi hin sanna merking orðsins ábyrgð í orðum sem gjörðum verða í heiðri höfð um ókomna framtíð til heilla landi og lýð.

Ég vil til einföldunar gera greinarmun á tvenns konar ábyrgð, ábyrgð gagnvart lögum og siðferðilegri ábyrgð.



> Megi hin sanna merking orðsins ábyrgð í orðum sem gjörðum verða í heiðri höfð

## SALVÖR NORDAL
**heimspekingur**

Hugtakið ábyrgð er margslungið hugtak en tvenns konar merking þess leitar á hugann þessa dagana. Í fyrsta lagi ber einstaklingur ábyrgð á athöfnum sínum og athafnaleysi. Forsenda fyrir því að kalla fólk til ábyrgðar er að viðkomandi hafi verið frjáls gerða sinna, þ.e. hvorki undir þvingunum, né skorti vitneskju eða vitsmuni til að meta þær af skynsemi. Þeir sem lána fé bera ábyrgð á lánveitingunni og því skyldugir að ganga úr skugga um að lántakandi sé borgunarmaður skuldarinnar eða veð séu trygg. Eins ber lántakandi ábyrgð á meðferð þessara fjármuna og því að greiða lánið til baka. Ábyrgðin sem hér um ræðir varðar athafnir sem þegar hafa átt sér stað og gerðar eru með ásetningi og af óbrjáluðum hug.

Í annan stað felur ábyrgð í sér skyldur sem tengjast ákveðnum störfum eða hlutverkum sem við höfum tekið okkur á hendur. Með foreldrahlutverkinu tökum við ábyrgð á börnum okkar og felur sú ábyrgð bæði í sér að við tryggjum velferð og öryggi barna okkar og eins eru athafnir þeirra á okkar ábyrgð. Ef barn okkar brýtur glugga nágrannans berum við ábyrgð á skaðanum þó að við höfum ekki valdið honum sjálf. Mörg störf fela í sér ábyrgð sambærilega við foreldrahlutverkið. Stjórnendur stofnana eða fyrirtækja bera ábyrgð á því að þær standi undir hlutverki sínu og ræki skyldur sínar vel. Hvort sem stjórnendur eru í fjármálastofnunum eða opinberri stjórnsýslu bera þeir ábyrgð á því að þær standi við skuldbindingar sínar. Þá bera þeir líka ábyrgð á athöfnum undirmanna sinna, líkt og ráðherrar bera ábyrgð á þeim embættismönnum sem undir þá heyra.



> Stjórnendur stofnana eða fyrirtækja bera ábyrgð á því að þær standi undir hlutverki sínu og ræki skyldur sínar vel.
















# Aðventuævintýri 2008

**Jólin nálgast með notalegri aðventustemmningu. Á dagskrá Aðventuævintýris 2008 er að finna ljúfa og góða dagskrá þar sem kennir ýmissa grasa. Ilmur jólanna stígur upp af réttunum sem í boði eru.**

Jólaljós tendruð á jólatrénu frá vinabænum Randers **29.11.**, Frostrósartónleikar **12.12.**, Laufabrauðsgerð og sveitarómantík í Eyjafjarðarsveit **7.12.**, Aðventutónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands **6.12.**, Handverk og Hönnun- markaður í Ketilhúsinu **28-29.11.**, Jólatónleikar LA í samstarfi við Tónlistarskólann á Akureyri **13-14.12.**, Laufabrauðsdagurinn í Amtsbókasafninu **29.11.**, Heimboð jólasveinanna í Dimmuborgum **22.11.-23.12.**, Gömlu Jólin í Laufási **7.12.**, Hrísey í jólabúningi, Lápur og Skrápur á fjölunum hjá Leikfélagi Akureyrar.

**Dagskráin öll og nánari upplýsingar um viðburðir Aðventuævintýris, auk annarra upplýsinga um ferðamannabæinn Akureyri er að finna á www.visitakureyri.is/IS**

**GAMANLEIKARINN OG HÖRPU-LEIKARINN HARPO MARX FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1888.**

*„Ég var faðir á sama hátt og ég var hörpuleikari – ég spilaði eftir eyranu.“*

***Harpo Marx var einn af Marx-bræðrum sem gerðu vinsælar myndir á millistríðsárunum. Þeir höfðu áhrif á gamanleikara og gamanleikstjóra eins og Woody Allen.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 23. NÓVEMBER 2006**

## *Blaðamaðurinn Litvinenko deyr*

Breska dagblaðið Sunday Times greindi frá því 19. nóvember 2006 að eitrað hefði verið fyrir rússneska blaðamanninn Litvinenko og að hann lægi þungt haldinn á sjúkrahúsi í Lundúnum. Hann hafði legið þar síðan 1. nóvember. Óvíst var hvort hann myndi lifa eitrunina af og fylgdist heimsbyggðin með fréttum af líðan hans. 23. nóvember var Litvinenko allur.



Eitrunin var sögð hafa átt sér stað á fundi sem Litvinenko átti í sambandi við morðið á blaðamanninum Önnu Politkovskaju. Hún var þekktust fyrir harða gagnrýni sína á stríðið í Tsjetsjeníu og á stjórnarhætti Vladimírs Pútín, þáverandi forseta Rússlands og núverandi forsætisráðherra. Hún fannst skotin til bana í lyftu fjölbýlishúss sem hún bjó í.

Alexander Litvinenko var undirofursti í rússnesku leyniþjónustunni. Árið 2000 flutti hann til Bretlands og gerðist breskur ríkisborgari og rithöfundur. Hann var mikill gagnrýnandi Pútíns, fyrrverandi forseta Rússlands og núverandi forsætisráðherra. Fyrir andlát sitt skrifaði Litvinenko bréf þar sem hann lýsir því að Pútín hafi fyrirskipað að eitrað skyldi fyrir honum.

Í byrjun ársins 2007 greindi breska lögreglan frá því að hún hefði komist að því hvernig morðið átti sér stað. Fundist hefði tebolli á hótelinu London Millenium með efninu Pólon-210. Í maí sama ár sóttist lögreglan eftir því að rússnesk yfirvöld framseldu Andrei Lugovoi, fyrrverandi rússneskan njósnara, svo hægt væri að yfirheyra hann en Rússar neituðu að verða við því.

## MERKISATBURÐIR

**1700** Francesco Albani kardínáli verður Clemens XI páfi.

**1838** Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu, er vígður og fyrsta greftrunin fer fram.

**1916** Karlakór KFUM er stofnaður sem verður síðar Karlakórinn Fóstbræður.

**1939** Fyrsta orrusta þýskra herskipa er háð undan ströndum Íslands. Þýsku skipin Gneisenau og Scharnhorst sökkva hinu breska Rawalpindi.

**1979** The Wall, plata hljómsveitarinnar Pink Floyd, er gefin út og selst í sex milljónum eintaka á tveimur vikum.

**1988** Frakkar gera kjarnorkutilraunir.



## 60 ára afmæli

Mamma mín og amma,

**Jakobína Óskarsdóttir,**

er 60 ára í dag.

Í tilefni af afmæli sínu er hún stödd í Taílandi ásamt eiginmanni sínum og sendir hún kveðju til fjölskyldu og vina.



## 75 ára afmæli

**Herder Andersson**

fatahönnuður,

Ljósheimum 11, Reykjavík, fæddur í Svíþjóð og fluttist til Íslands árið 1958.

Undanfarin ár hefur mestur tími hans farið í að hanna kirkjuklæði. Herder situr aldrei auðum höndum, hann segir það gott að hafa nóg fyrir stafni þegar aldurinn færist yfir. Kvöldinu æltar hann að eyða í faðmi fjölskyldu, íslenskri og sænskri.

Um þessar mundir kemur út í Svíþjóð fyrsta bók hans og verður það stærsta gjöf hans.



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,*

**Vilborgar Katrínar Þórðardóttur Petit**

Brekkustíg 29a, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á D-deild Heilbrigðistofnunar Suðurnesja. Guð blessi ykkur öll.

Leethor Cray
Björg Hauks Cray
Reynir Hauksson    Monica Hauksson
barnabörn, barnabarnabörn og systkini.



*Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,*

**Theodóra Þórðardóttir**

Kirkjusandi 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

Þorleifur Kristinn Valdimarsson
Þórður Þorgeirsson    Helga Dís Hálfdánardóttir
Daníel Ben Þorgeirsson
Agnes Linda Þorgeirsdóttir    Matthías Karl Þórisson
María Kristín Þorleifsdóttir    Sigurður Jóhann Finnsson
Hafdís Þorleifsdóttir    Haukur Ingi Jónsson
Esther Ósk Estherardóttir    Guðjón Ingi Hafliðason
og barnabörn.

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásmundur J. Aðalsteinsson,**

áður til heimils að Hafnarstræti 18b Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 14. nóvember sl. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju 24. nóvember kl. 13.30.

Sigríður Alda Ásmundsdóttir    Guðmundur Bjarni Friðfinnsson
Nanna Ásmundsdóttir    Bjarni Sævar Róbertsson
Jón Ásmundsson    Sigrún Gunnarsdóttir
Gylfi Ásmundsson    Guðný Sigurhansdóttir
Þröstur Ásmundsson    Aðalheiður Steingrímsdóttir
Ásdís Björk Ásmundsdóttir    Oddur Ævar Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Sendum okkar bestu þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa okkur mikinn hlýhug, vináttu og samúð við fráfall og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ástdísar Guðjónsdóttur**

Suðurgötu 37, Reykjavík,

sem andaðist á líknardeild Landakotsspítala 31. október. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landakotsspítala fyrir frábæra umönnun.

Haraldur Theodórsson
Guðjón Haraldsson    Sigríður Siemsen
Þórir Haraldsson    Mjöll Flosadóttir
Haraldur Guðjónsson    Yalda Guðjónsson
María Guðjónsdóttir    Helgi Guðjónsson
Gunnur Elísa Þórisdóttir    Ástdís Sara Þórisdóttir
Ludwig Noroz Guðjónsson.



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og sonar,*

**Gests Sigurgeirssonar**

Ystaseli 29, Reykjavík.

Bestu þakkir fá ættingjar, vinir og samstarfsfólk. Þökkum læknateyminu á LSH, sérstaklega Margréti Árnadóttur og Runólfi Pálssyni. Einnig starfsmönnum heimahlynningar krabbameinsdeildar LSH.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Svala Ingimundardóttir.


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




**OPIÐ HÚS Á AFMÆLISDAGSKRÁ** Séra Þór Hauksson, sóknarprestur í Árbæjarsókn, býður gestum og gangandi að skoða starf safnaðarins á opnu húsi alla vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÁRBÆJARSÖFNUÐUR: 40 ÁRA AFMÆLI

# Blómlegt starf

„Við hefjum afmælisdagskrána í kvöld klukkan 20 með tónleikum Gospelkórsins. Svo rekur hver dagskrárliðurinn annan út vikuna og við endum svo á sunnudaginn 30. nóvember, á kirkjudeginum,“ segir séra Þór Hauksson, sóknarprestur í Árbæjarsókn.

Alla vikuna verður opið hús í Árbæjarkirkju og geta gestir af götunni kíkt í heimsókn og skoðað hvaða starf fer þar fram. Kór Árbæjarkirkju verður með opna kóræfingu og syngur lög fyrir gesti, unglingastarf leikfélagsins sýnir hvað verið er að æfa og opið er á foreldramorgna og öldrunarstarf. Öflugt starf fer því fram innan safnaðarins sem í eru tæplega 10.000 manns.

„Já, hér er blómlegt starf og kom okkur eiginlega á óvart þegar við settum dagskrána niður á blað og sáum svart á hvítu hvað það er margt í gangi. Það er eitthvað um að vera frá morgni til kvölds í kirkjunni alla daga vikunnar. Við erum sérstaklega stolt af öldrunarstarfinu hjá okkur en við höfum í ein tuttugu ár verið með svokallaðar vinaheimsóknir, í samstarfi við félagsþjónustuna og heilsugæsluna. Við heimsækjum þá lasburða og einmana einstaklinga, og það fá bæði ungir og aldnir þjónustu frá okkur.“

Hápunktur afmælisdagskrárinnar verður næstkomandi sunnudag og hefst klukkan 11 á sunnudagaskóla. Hátíðarguðsþjónusta verður klukkan 14 og boðið upp á kaffiveitingar á eftir. Einnig mun Vinabandið, hljómsveit eldri borgara leika lög og dregið verður í happdrætti.

Séra Þór hóf störf sem aðstoðarprestur í Árbænum 1991 en tók við sem sóknarprestur árið 2001. Honum líkar vel í starfi og segir gott að þjóna í Árbæjarsókn. „Hér er gott fólk og gott að þjóna. Við kvörtum ekki yfir kirkjusókninni, hún er góð, en það mega auðvitað alltaf koma fleiri.“

Afmælisdagskrána má sjá á heimasíðu Árbæjarkirkju, www.arbaejarkirkja.is **heida@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar dóttur, móður, ömmu, systur, mágkonu og frænku,*

**Kötlu Sigurgeirsdóttur**

Þórsgötu 22, 101 Reykjavík,

sem andaðist föstudaginn 31. október. Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Anna G. Kristgeirsdóttir
Elva Rakel Sævarsdóttir
Aron Kristinn Haraldsson
Stella Sigurgeirsdóttir    Jóhann Bjarni Pálmason
Salka Þorgerður Jóhannsdóttir Stelludóttir
Daði Sigurgeirsson
Kristgeir Sigurgeirsson og fjölskylda.



# Matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

Nóvember 2008

# Ilmurinn úr eldhúsinu

Kökubakstur getur verið notaleg samverustund fyrir fjölskylduna.

Uppskriftir að gómsætum smákökum

## Ómissandi í baksturinn

Konfekt að hætti Halldórs Kr. Sigurðssonar

## Heimagert konfekt með hunangsfyllingu

Hafdís Guðjónsdóttir heldur í hefðir

## Krans með kanilsykri

BAKARÍIÐ VIÐ BRÚNA  LJÚFUR ILMUR JÓLA

## LJÚFUR ILMUR JÓLA

Hrefna Sigurjónsdóttir

Er líða fer að jólum berst oft hátíðlegur og ljúfur kökuilmur um híbýli manna. Ilmurinn af piparkökum, kanil og öðru góðgæti kallar óneitanlega fram minningar um notaleg vetrarsíðkvöld og huggulegar jólastundir.

Kökubakstur er í raun tilvalin tómstundaiðja fyrir fjölskylduna og kjörið tilefni til að hópast saman. Minningarnar sem skapast þegar litlir fingur útbúa sín fyrstu piparkökulistaverk eru ómetanlegar og gaman er að flétta fallega tónlist saman við herlegheitin. Einnig þykir þeim yngri oft gaman að dunda sér við að teikna, púsla eða hvað sem er á meðan mamma og pabbi móta litlar kökur og hræra saman góðgæti sem litlu höfðingjarnir dæma síðan með ísköldu mjólkurglasi eða heitu súkkulaði. Kjörið er að mynda gjörninginn og senda vitnisburð í jólakorti til vina og ættingja.



Eldri börn og unglingar hafa ekki síður gaman af þrátt fyrir að sumir reyni að halda öðru fram. Sannleikurinn er sá að allir elska kökur og góðgæti og allir eiga sína uppáhalds sort, ungir sem aldnir. Hægt er að skiptast á um að velja undirleikinn og einnig væri hægt að haga málum svo að hver og einn fái að velja sína sort sem bökuð verður. Auk þess eru kökurnar kannski ekki aðalmálið heldur sú notalega stund og samvera sem skapa má í kringum baksturinn. Mikilvægt er að láta ekki stress og streitu taka yfir. Engin lög eru um hvað þarf að baka margar sortir eða hvernig þær eiga að vera. Engin refsing er fyrir hendi þótt deigið sé keypt tilbúið eða jafnvel kökurnar sjálfar. Aðalatriðið er að haga jólaundirbúningnum eftir eigin höfði og líta á baksturinn sem skemmtun eða dægradvöl þar sem fjölskyldan kemur saman og útbýr eitthvað dásamlegt.

**Skýringar á uppskriftatáknum:**

E Eftirréttur · Hvunndags/til hátíðabrigða · Til hátíðabrigða · Kökur





**Við gerum veisluna þína**

Brauðbær sérhæfir sig í dönsku smurbrauði og pinnamat. 40 ára reynsla og fagmennska tryggir gæði veisluþjónustu okkar - vertu viss um að fá fyrsta flokks veitingar í veisluna þína.

**Pöntunarsími 552 0490 eða 511 6200**

Brauðbær • Hótel Óðinsvé • Þórsgata 1 • odinsve@odinsve.is • odinsve.is




Hafdís hefur bakað kransinn á aðventunni síðastliðin 25 ár og hefur hefðin borist lengra innan fjölskyldunnar þar sem allir þekkja nú kransinn og margir baka hann á aðventunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Árviss og gómsætur aðventukrans

Hafdís Guðjónsdóttir, lektor við menntasvið Háskóla Íslands, hefur bakað aðventukrans með fyllingu síðastliðin 25 ár og er hann vinsælastur með kanilsykri.

**Gott á jólunum!**

Ég hef bakað þá marga í gegnum tíðina, en síðastliðin 25 ár hef ég haft það fyrir sið að baka kransinn á aðventunni," segir Hafdís Guðjónsdóttir, lektor við menntasvið Háskóla Íslands, og jólabarn.

„Upphafið var að ég var áskrifandi að norskum matreiðslubókum og fann þessa uppskrift í einni þeirra. Síðan er ég óskaplega mikið jólabarn og þykir aðventan dásamlegur tími," segir Hafdís og hlær. „Aðalmálið er að hafa nóg af fyllingu svo kransinn verði ekki þurr. Ef maður setur vel af smjöri, kanilsykri og möndlum þá virkar hann næstum því eins og marsipan," útskýrir Hafdís og nefnir að barnabörnin vilji hann helst einfaldan með kanilsykri.

-hs

### AÐVENTUKRANSINN HENNAR HAFDÍSAR

**GRUNNDEIG**
**3 dl mjólk**
**50 g ger eða einn pakki þurrger**
**½ dl (60 g) olía eða 75 g smjör/smjörlíki**
**5 msk. sykur**
**½ tsk. salt**
**1 tsk. kardimommuduft**
**½ kg (8-8½ dl) hveiti**

**FYLLING**
**3-4 msk. smjör**
**3 msk. sykur**
**½ tsk. kanill**
**1 egg til að pensla með**
**50 g möndlur til skrauts**

*Hitið mjólk í um 37°C. Blandið saman olíu, sykri, salti og kardimommum og blandið vökvanum saman við hveiti og hnoðið. Látið deig hefast í 30 mínútur. Fletjið deigið út, smyrjið með smjörinu og dreifið kanilblöndunni yfir ásamt möndlum. Rúllið deig saman og búið til hring/krans. Látið hefast í 20 mínútur. Penslið kransinn með eggi og dreifið möndlum yfir. Ef setja á kerti í kransinn þarf að gera ráð fyrir því og setja kertahöldur úr álpappír í hann áður en hann fer í ofninn. Bakið í 25 mínútur við 225 °C neðst í ofni. Setjið ál- eða bökunarpappír yfir ef kransinn dökknar of mikið. Kælið og setjið kertin í aðventukransinn þegar hann er borinn fram. Fallegt er að skreyta í kring með greni. Einnig er hægt að setja kerti (dagatal) í miðjuna. Hægt er að setja ýmiss konar fyllingar í kransinn, til dæmis möndlur og hnetur, þurrkaða ávexti eða súkkulaði.*

VERSLUN SÆLKERANS

## Bakaríið við brúna



Í Bakaríinu við brúna á Gleráreyrum á Akureyri eru allar krásir handgerðar og úrvalið meira en gengur og gerist að sögn eigandans Andrésar Magnússonar.

„Það liggur mikil handavinna að baki því sem við gerum. Hér eru að jafnaði um átta bakarar að vinna verk sem einn maður gerir þar sem notast er við vélar. Þetta er visst afturhvarf til fortíðar sem Akureyringar kunna vel að meta," segir Andrés, sem opnaði bakaríið fyrir níu árum.

Viðskiptavinir geta að hans sögn gengið að því vísu að í bakaríinu sé allt ferskt og nýbakað enda er það tæmt í lok hvers dags og byrjað að fylla hillurnar með nýjum kræsingum snemma morguns. „Þá notum við engin kemísk hjálparefni auk þess sem brauðin eru flestöll sykur- og mjólkurlaus."

Fyrir utan brauðin er mikið úrval af sætabrauði, allt frá snúðum yfir í konfekt auk þess sem boðið er upp á smurt brauð og súpur af ýmsu tagi. „Við erum með fjörutíu manna kaffistofu á efri hæðinni og koma margir hingað í hádegismat."

- ve

**matur** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir og Roald Eyvindsson **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

# Haltu í gamlar hefðir – með nýjum siðum

(Jólahlaðborð er svo hrikalega „góðæris“)

Við bjóðum áfram upp á frábæran mat og hlýlega þjónustu á hreint ótrúlega góðu verði

## Sýnishorn af matseðli:

### ANTIPASTI – SMÁRÉTTIR

Blönduð brauðkarfa með nýbökuðu brauði
kemur með tapanade, hummus og pestó

Parmaskinka og ruccola

Marineraðar Ólífur

### KJÖTRÉTTIR – CARNE

Ofnsteikt kjúklingabringa fyllt með parmaskinku og osti
borin fram með villisvepparisotto

Nautalundir með gorgonzola kremi

Parmesanhjúpaður Grísasnitsel “milanesa”

### PASTA – ALLT PASTA ER HEIMALAGAÐ

TAGLIATELLE MEÐ
Humri, hvítlauk og rjómahumarsósu
Villisveppum, lime og valhnetum
Litlar kjötbollur í Chianti sósu

PENNE RIGATI
Kjúklingur sveppir og BASIL
Caponata – Grænmetisréttur
Rækjur, sveppir, parmaskinka, chilli

Ravioli hússins. Spyrjið þjóninn um hvað sé í dag

Hvítlauksbrauð

Basil & Lime

Ristorante | Bar

Klapparstíg 38

Borðapantanir í síma 555-3696 og 822-8283
eða á oligisli@basil.is

PANTIÐ TÍMANLEGA!



MIRALE

TILBOÐ
40% afsláttur
af öllum vösum
í dag



OPIÐ Í DAG
frá kl. 13–16
verið velkomin
í FÁKAFEN 9
( við hliðina á ísbúðinni )

MIRALE
Fákafeni 9
108 Reykjavík
sími: 517 1020

| Opið | |
|---|---|
| mán.–föstud. | 11–18 |
| laugardag | 11–16 |
| sunnudag | 13–16 |

www.mirale.is



# Sælkerakökur


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Davíð Arnórsson mælir sérstaklega með kornfleks-makkarónukökum fyrir þessi jól.

## Leikandi létt

Þegar nóg er komið af piparkökum, sörum og hálfmánum er um að gera að brydda upp á nýjungum með leikandi léttri uppskrift að góðum kornfleks-makkarónukökum.

Bakaríið Passion í Álfheimum býður upp á átta mismunandi gerðir af gómsætum smákökum fyrir hver jól. Davíð Arnórsson, sem rekur bakaríið ásamt Styrmi Má Sigmundssyni, telur allar tegundirnar ómissandi fyrir jólin. Sérstaklega kornfleks-makkarónukökur sem byggja á uppskrift sem hefur fylgt Styrmi um árabil. „Ætti ég að velja eina smákökuuppskrift þá kæmi þessi helst til greina,“ segir Davíð og bætir við að hún sé bæði auðveld og ódýr í framleiðslu í takt við þjóðarandann í dag.

Davíð segist hafa bakað frá fjórtán ára aldri og því má segja að hann hafi varið hálfri ævinni innan um nýbakað lostæti. „Ég verð 29 ára í ár, en byrjaði að baka þegar ég var fjórtán ára. Ég hef reyndar ekki gert neitt annað og kann það jafnvel ekki,“ segir hann hlæjandi og bendir á að þeir Styrmir hafi svipaða sögu að segja.

Leið beggja lá á sínum tíma í Menntaskólann í Kópavogi þar sem þeir stunduðu matvælanám í bakaraiðn og kynntust í náminu. Þeir tóku við rekstri Passion fyrir tveimur árum. Félagarnir voru svo vænir að láta af hendi uppskriftina að kornfleks-makkarónukökunum sem hafa notið mikilla vinsælda.

- aóv



### KORNFLEX-MAKKARÓNUR STYRMIS



**250 g eggjahvítur**
**925 g sykur**
**115 g kornflex**
**475 g mjólkursúkkulaði (dropar)**
**20 g vanillusykur (annars vanilludropar eftir smekk)**
**115 g kókosmjöl**
**10 g salt**

*Þeytið saman eggjahvítur, sykur og salt.*

*Stífþeytið þó ekki alveg. Blandið öðrum þurrefnum saman við.*

*Sprautið með sprautupoka eða notið teskeið til að búa til kökurnar (beint á bökunarplötuna).*

*Bakið í 10 til 11 mínútur við 170°C.*

# Öflugir liðsmenn

óskast í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins

## Byggingatækniskólinn

Leitar eftir kennurum í bygginga- og mannvirkjagreinar og tækniteiknun. Upplýsingar veitir skólastjóri Jón Eiríkur Guðmundsson, s: 699 4396.

## Flugskóli íslands

Leitar eftir starfsmanni í afgreiðslu flugdeildar. Umsókn sendist á netfangið sigurjon@flugskoli.is.

## Hönnunar- og handverksskólinn

Leitar eftir kennurum í hönnunargreinar og fataiðngreinar. Upplýsingar veitir skólastjóri Þóra Sigurðardóttir, s: 896 1930.

## Raftækniskólinn

Leitar eftir kennurum í rafmagns- og rafeindafræðum. Upplýsingar veitir skólastjóri Valdemar G. Valdemarsson, s: 896 6110.

## Upplýsingatækniskólinn

Leitar eftir kennurum í tölvugreinar, forritun og ljósmyndun. Upplýsingar veitir skólastjóri Bjargey Gígja Gísladóttir, s: 822 2336.

Umsóknir sendist á bg@tskoli.is.

zetor

Innritun í kvöldskóla og fjarnám stendur yfir og lýkur 30. desember.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Óskum eftir fólki

Hefur þú áhuga á að starfa hjá framsæknu fyrirtæki sem er leiðandi á alþjóðavettvangi í þróun á spennandi leikjalausnum?

Ef svo er þá gæti Betware verið nýi vinnustaðurinn þinn!

Vegna aukinna umsvifa er Betware að leita að vel þjálfuðu og kunnáttumiklu fólki til liðs við 77 hæfileikaríka einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækinu í dag. Hjá Betware er unnið eftir lifandi Agile aðferðafræði og leitast er við að skapa árangursdrifið, skapandi og skemmtilegt starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á góðan starfsanda og aðbúnað.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá fyrir 1. desember á netfangið:
**applications@betware.com**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

Betware
betware.com/careers

## Verkefnastjóri

Við leitum að drífandi verkefnastjóra til að vera hluti af verkefnastjórnunarteymi (verkefnastofa) og stýra verkefnateymum samkvæmt Agile hugmyndafræði í krefjandi alþjóðlegu umhverfi.

Ef þú hefur háskólagráðu í tölvunarfræði eða sambærilega menntun, reynslu á sviði verkefnastjórnunar, góða tungumálakunnáttu og framúrskarandi samskiptahæfileika þá gæti þetta verið starf fyrir þig.

## Sérfræðingar í gæðastjórnun

Við leitum að sérfræðingum til að vinna að gæðaeftirliti, prófunum og innleiðingu sjálfvirkra prófana.

Ef þú hefur háskólagráðu í tölvunarfræði eða sambærilega menntun, 2-5 ára starfsreynslu, hefur tamið þér vönduð og nákvæm vinnubrögð og hefur brennandi áhuga á gæðamálum þá gæti þetta verið starf fyrir þig.

## Hugbúnaðarsérfræðingar

Við leitum að öflugum hugbúnaðarsérfræðingum til að vinna að hönnun og þróun leikjalausna með Java, J2EE og Flex/Flash forritun.

Ef þú hefur háskólagráðu í tölvunarfræði eða sambærilega menntun, 2-5 ára starfsreynslu, reynslu af forritun í Java, temur þér skipulögð og öguð vinnubrögð þá gæti þetta verið starf fyrir þig.

Betware

FATTOC

# CAREERS IN TECHNOLOGY & FINANCE

**FATTOC LLC** is one of the leading electronic trading firms in the world. We are a small company of highly talented, cooperative engineers, scientists, and traders. We trade in major markets including foreign exchange, metals, equities, and fixed income.

We plan to open a software development subsidiary or satellite company in Iceland. Personnel will be expected to, on some occasions, travel to the corporate headquarters in Beverly Hills, California, USA.

We are seeking individuals with backgrounds in the following:

| | |
|---|---|
| **Languages** | Python, Java, C/C++, Perl |
| **Databases** | SQL, MySQL, Postgres |
| **GUI** | QT, HTML, Javascript |
| **Statistics** | Factor Analysis, Regression Analysis, Time Series Analysis |
| **Network** | Juniper, Cisco, Foundry Equipment, Dynamic Routing Protocols, Low Latency Routing & Switching, Network Monitoring tools, including Open NMS, Intermapper, etc. |

## DECEMBER 2, 2008

An invitation-only private seminar will be held in Reykjavik on **Tuesday, December 2, 2008**. Please submit your resume for consideration. Invitations will be emailed to qualified candidates.

We invite interested candidates to view our website at www.fattoc.com and email their resume to jobs@fattoc.com attention of John Benediktsson.

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**Landsvirkjun**

# VÉLFRÆÐINGUR
## MÝVATNSSVÆÐI

Landsvirkjun er orkufyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum. Fyrirtækið stefnir að því að verða öflugt á alþjóðavettvangi og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun er helsti raforkuframleiðandi á Íslandi og í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa verið meðal stærstu framkvæmda á landinu. Fyrirtækið styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála og rekur umfangsmikla fjármála-starfsemi á alþjóðamarkaði. Hjá Landsvirkjun og dóttur-félögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun. Landsvirkjun vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða vélfræðing til eftirlits og viðhaldsstarfa við aflstöðvar fyrirtækisins á Mývatnssvæði. Aflstöðvar Landsvirkjunar við Laxá, Kröflu og í Bjarnarflagi ásamt veitumannvirkjum tilheyra Mývatnssvæði.

Viðkomandi starfsmaður verður staðsettur við Laxá. Ráðningin er tímabundin til eins árs.

**Starfssvið**
- Vinna við eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu
- Vinna við eftirlit og viðhald spennistöðva á svæðinu
- Ýmis verkefnabundin vinna á fagsviði

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Vélfræðimenntun
- Frumkvæði í starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

**Í boði er** metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi, fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# VÉLFRÆÐINGUR

**Orkusalan óskar eftir að ráða vélfræðing til starfa í virkjunum Orkusölunnar á Austurlandi. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf. Viðkomandi þarf að hafa aðsetur á Egilsstöðum.**



*Lykileiginleikar starfsmanna Orkusölunnar eru fagmennska, liðshugsun, hugrekki og gleði. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á verkefninu.*

**HELSTU VERKEFNI VÉLSTJÓRA ERU:**
Rekstur, viðhald og framkvæmdir í virkjunum Orkusölunnar.

**MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:**
- Menntun á sviði vélfræði eða sambærileg menntun er skilyrði.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með ráðningunni hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (**ragnheidur.dagsdottir@capacent.is**) og Herdís Rán Magnúsdóttir (**herdis.magnusdottir@capacent.is**) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með **7. desember** nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vefsíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.

Orkusalan hóf starfsemi 1. febrúar 2007. Orkusalan er dótturfyrirtæki RARIK og er tilgangur fyrirtækisins fyrst og fremst að sjá um kaup, framleiðslu og sölu á raforku í smásölu. Með breytingum á raforkulögum í janúar 2005 var sala á raforku gefin frjáls. Samkeppni var innleidd í raforkuframleiðslu og raforkusölu en flutningur frá virkjun til neytenda er þó enn háður einkaleyfi. Við stofnun Orkusölunnar hætti RARIK raforku-sölu en sér eftir sem áður um dreifingu raforku á sínum svæðum. Markmið Orku-sölunnar er að vera leiðandi fyrirtæki í sölu raforku og þjónustu við raforkukaupendur. Framkvæmdastjóri Orkusölunnar er Magnús Kristjánsson. Starfsmenn Orkusölunnar eru alls 12.
Orkusalan ehf. er með starfsstöðvar á fjórum stöðum á landinu: Reykjavík, Akureyri, Hvols-velli og Selfossi. Virkjanir í eigu Orkusölunnar eru Rjúkandavirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Smyrla-bjargaárvirkjun.
Sjá nánar á **www.orkusalan .is**.

orkusalan SPENNANDI SAMBAND

PIPAR • SÍA • 82120

**BRIM hf.**

# Sjómannalaun

**Brim hf. leitar að starfsmanni til að sjá um sjómannalaun.**

**Starfssvið:**
- Útreikningur og frágangur sjómannalauna.
- Upplýsingagjöf varðandi launavinnslu og kjaratengd mál.
- Umsjón og utanumhald í tengslum við starfsmannakerfi.
- Önnur tilfallandi verkefni í bókhaldi og útflutningi.

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á sjómannalaunum
- Nákvæmni, samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af Navision
- Góð þekking á Excel
- Lipurð í samskiptum og jákvætt hugarfar

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Ólöf í síma 580-4200. Skriflegar umsóknir sendist Brim hf. Bræðraborgarstíg 16, 101 Reykjavík, merktar Guðrúnu Ólöfu, eða á tölvupóst-fangið gog@brimhf.is

**Umsóknarfrestur er til 2. desember 2008.**

# KJÖTIÐNAÐARMAÐUR

Hagkaup er smásölu-fyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann til starfa. Um er að ræða fullt starf. Starfið er fólgið í daglegum rekstri kjötdeildar og afgreiðslu.

Við leitum að kjötmeisturum, kjötiðnaðarmönnum eða kokkum. Nauðsynlegt er að viðkomandi sé lipur í mannlegum samskiptum og geti unnið sjálfstætt.

Áhugasömum er bent á að senda inn umsókn á netfang starfsmannahald@hagkaup.is

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# الومنيوم قطر Qatalum

Qatalum is the largest Greenfield Aluminium project ever to be executed. The project is a 50/50 Joint Venture between Qatar Petroleum (QP) and Hydro. When the plant comes in operation in late 2009 it will be one of the largest and most competitive primary aluminium plants in the world, with a production capacity of 585.000 MT per year. The smelter, casthouse, carbon and power plant will employ between 1100 - 1200 people. The plant is located in Mesaieed in Qatar, some 40 kilometers from the capital Doha. We are seeking capable people with the drive and ambition to join the power group that will operate and maintain the modern 1325MW Combined Cycle Power Plant that utilises the latest technology to supply power to the Rectifier and HV Distribution Systems.

## POWER PLANT STAFF

### An exciting opportunity to join one of the world's leading ALUMINIUM Plants in Qatar

**(TAX FREE SALARIES, FAMILY STATUS)**

***Rectifier Engineer***
***Overhaul Planner***
***Mechanical Engineer***
***Superintendent Operations***
***Shift Charge Engineer (Permit to Work)***
***Shift Charge Engineer***
***Superintendent E/C&I Maintenance***
***High Voltage Distribution Planner***
***High Voltage Technicians***
***Senior E/C&I Engineer***
***Electrical Engineer***
***C&I Engineer***
***HV Operators***

See our website for exciting Power Plant and Aluminium smelter positions

**www.qatalum.com**

Interested candidates can apply online.

# MULTICONSULT

Multiconsult er et ledende, landsdekkende og internasjonalt selskap innen multifaglig rådgivning og prosjektering. Region Stavanger har over 100 ansatte.




## Sivilingeniører/ingeniører – region Stavanger

### Konstruksjon

Pga stor oppdragsmengde innenfor prosjektering av bruer, kaier og andre tyngre betongkonstruksjoner, søker vi også etter erfarne sivilingeniører eller ingeniører med relevant erfaring. Det kan også bli aktuelt å ansette nyutdannede.

### Prosjektledelse

Vår seksjon for prosjektstyring utfører oppdrag innen byggeledelse, prosjekteringsledelse og prosjektledelse. Det søkes etter en person med bred erfaring fra bygningsvirksomhet som har interesse for ovennevnte arbeidsfelt. Nyutdannede kan også søke.

### VVS

Vår seksjon på tekniske systemer søker etter en erfaren person innen VVS og klimateknikk.

### Vann og avløp

Vi ønsker å utvide vårt VA-miljø med flere sivilingeniører/ingeniører for planlegging av kommunaltekniske anlegg og innen industri, olje og gass. Vi søker fortrinnsvis personer med relevant erfaring fra arbeid i rådgivende ingeniørfirma, kommune eller lignende, men nyutdannede oppfordres også til å søke.

### Samferdsel

Vi ønsker også å utvide vårt samferdselsmiljø med en sivilingeniør/ingeniør innen utredning og detaljprosjektering av vei- og samferdselsanlegg. Vi søker fortrinnsvis person med relevant erfaring fra arbeid i rådgivende ingeniørfirma eller offentlig vegkontor.

**Vi tilbyr:**
Et meget godt arbeidsmiljø med utfordrende arbeidsoppgaver i et spennende og tverrfaglig miljø. Gode muligheter for personlig utvikling i samarbeid med andre regioner og fagfelt.

Konkurransedyktige betingelser, gode forsikringsordninger og sosiale ordninger.

Synes du dette er noe for deg? Da vil vi oppfordre deg til å sende en søknad til oss. For å søke på stillingen, registrer deg i vår rekrutteringsdatabase og legg ved CV og karakterutskrift.

**Kontaktperson:** Jon Torgeirsson · tlf +47 51 22 46 10 · mob +47 90 05 71 49 · jon.torgeirsson@multiconsult.no

Søknad med CV og vitnemål (som ikke returneres) sendes innen **15.12.2008** på mail eller pr. post til:
MULTICONSULT AS, Stokkamyrveien 13, inngang vest, 4313 Sandnes, Norge

**www.multiconsult.no**

Multiconsults forretningsområder:
BYGG OG EIENDOM · INDUSTRI · OLJE OG GASS · SAMFERDSEL OG INFRASTRUKTUR · ENERGI · MILJØ OG NATURRESSURSER

# RAUÐARÁ
RESTAURANT

## Yfirmatreiðslumeistari

Okkur vantar yfirmatreiðslumeistara. Reynsla, sjálfstæði og fagmennska skilyrði.

**Upplýsingar í síma: 820-8850**

# Skólastjóri óskast

Í Byggingatækniskólann.

Við leitum að einstaklingi með góða menntun í bygginga- og mannvirkjagreinum ásamt kennsluréttindum.

Í skólanum eru 300 nemendur og úrvals lið kennara sem hefur mikinn faglegan metnað og er tilbúinn að takast á við nýjungar.

Umsóknir sendist á bg@tskoli.is
Nánari upplýsingar veita skólameistarar Tækniskólans Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson í síma 514-9000.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Hjúkrunardeildarstjóri

Starf hjúkrunardeildarstjóra á skurðstofum kvennadeildar á svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviði er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. janúar 2009, til 5 ára í samræmi við stefnu LSH um ráðningu yfirmanna.

Á deildinni er lögð áhersla á þjónustu við aðgerðarsjúklinga með kvensjúkdóma, sjúkdóma tengdum meðgöngu og fæðingum og vegna sjúkdóma í brjóstum. Deildin sinnir jöfnum höndum þjónustu við bráðveika einstaklinga og þá sem koma í valaðgerðir.

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deildinni og stjórnar daglegum rekstri hennar. Hann ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar, starfsmannahaldi, rekstri og áætlanagerð. Hann skal stuðla að þekkingarþróun í hjúkrun, m.a. með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður. Umsækjendur skulu hafa a.m.k. fimm ára starfsreynslu í hjúkrun og reynslu í starfsmannastjórnun. Framhaldsnám í skurðhjúkrun er nauðsynleg. Leitað er eftir framsæknum og dugmiklum leiðtoga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi. Einnig afrit af ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar hjúkrunarráðs LSH og viðtölum við umsækjendur.

Umsóknargögn berist í þríriti fyrir **8. desember 2008** á skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar, Eiríksgötu 5, netfang annastef@landspitali.is.

Upplýsingar veitir Helga Kristín Einarsdóttir, sviðsstjóri hjúkrunar í síma 543 7433, netfang helgakei@landspitali.is.

Umsækjendum er bent á leiðbeiningar stöðunefndar hjúkrunarráðs LSH á vef spítalans varðandi frágang umsókna um stjórnunarstöður í hjúkrun.
Athugið að umsóknir skulu berast í þríriti.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

## Hárgreiðslumaður óskast
**til starfa í Osló**

Starfið býður upp á mikla möguleika fyrir réttan einstakling.
Húsnæði getur fylgt.

**Upplýsingar í síma 5522077.**
**Tölvupóstföng apollo@simnet.is og kan@hairprogram.com**

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu FAS

## Náttúrufræði og stærðfræði

Kennara vantar við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu.

**Kennslugreinar:**
Náttúrufræði og stærðfræði, ein staða

**Umsóknarfrestur til 7. desember**

Nánari upplýsingar í síma 4708070 eða skolameistari@fas.is.

*Skólameistari*

FIRMA CONSULTING

## Viltu selja eða kaupa fyrirtæki?

**Firma Consulting** (www.firmaconsulting.is) er ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við kaup og sölu millistórra og stórra fyrirtækja.



**Magnús Hreggviðsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer" í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting. (magnus@firmaconsulting.is)

**Firma Consulting, Þingaseli 10, 109 Reykjavík, GSM: (+354) 820 8800 og (+354) 896 6665, Fax: (354) 557 7766, Veffang: firmaconsulting.is**

NS NEYTENDASAMTÖKIN Reykjavíkurborg

## Fjármálanámskeið

Neytendasamtökin í samstarfi við Reykjavíkurborg halda námskeið um fjármál og heimilisbókhald fyrir almenning í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Hagræðing í heimilishaldi, heimilisbókhald og góð yfirsýn í fjármálum. Námskeið verða haldin í eftirtöldum hverfum Reykjavíkurborgar fyrir áramót og hægt er að skrá þátttöku hjá neðangreindum þjónustumiðstöðum.

**Grafarholt**
26. nóvember kl. 19: 30 - 21:30 Þórðarsveig 3 sími 411-1200

**Árbær**
27. nóvember kl. 19:30 - 21:30 Hraunbæ 105 sími 411-1200

**Grafarvogur og Kjalarnes**
3. des kl. 19:30-21:30 Miðgarði sími 411-1400

**Hlíðum, Holtum og Norðurmýri**
4. desember kl.17:30-19:30 í félagsmiðstöðinni Lönguhlíð 3 sími 411-1600

**Vesturbær**
8. desember kl. 17:00-19:00 Vesturgarði sími 411-1700

**Laugardalur og Háaleiti**
10. deskl. 17:00-19:00 Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleiti Síðumúla 39 sími 411-1500

**Miðborg frá Rauðarárstíg að Garðastræti**
11. desember kl. 17:30-19:30 í Félagsmiðstöðinni Vesturgötu 7 sími 411-1600

**Breiðholt**
16. des kl. 17:30-19:30 Þjónustumiðstöð Breiðholts Móddinni sími 411-1300

Námskeiðin eru ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig - hámark 25 manns á námskeið.

## ÖRYGGISGÆSLA Í DESEMBER

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups. Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti (oryggi@hagar.is) fyrir 28. nóv.
Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar Lárusson í síma 530 5500.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

TRYGGINGASTOFNUN

## Framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs

**Tryggingastofnun óskar að ráða í starf framkvæmdastjóra Fjármála- og rekstrarsviðs. Meginviðfangsefni sviðsins er yfirumsjón með stjórnun fjármála fyrir rekstur TR og bótaflokka. Fjármála- og rekstrarsvið hefur umsjón með gerð áætlana, færslu bókhalds fyrir rekstur TR og bótaflokka, innheimtu og gerð ársreikninga. Sviðið framkvæmir kostnaðar- og fráviksgreiningu á einstökum sviðum og verkefnum. Sviðið annast einnig daglegan rekstur TR s.s. almenn innkaup, greiðslubókhald, rekstur húsnæðis og mötuneytis og annast skráningu og utanumhald um eignir stofnunarinnar.**

### Starfssvið:

- Stjórnun Fjármála- og rekstrarsviðs.
- Situr í framkvæmdastjórn TR.
- Yfirumsjón með fjármálum og bókhaldi TR.
- Umsjón með greiðslum bóta og innheimtu.
- Annast undirbúning og gerð fjárhags- og greiðsluáætlana.
- Ber ábyrgð á kostnaðareftirliti með rekstri og framkvæmdum.
- Annast ráðgjöf í tengslum við skipulag fjárfestinga og ákvarðanatöku.
- Gerð ársreikninga.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði/rekstrarhagfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af fjármálastjórn er skilyrði.
- Þekking á reikningsskilum og bókhaldskerfum er nauðsynleg.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og fjárlagagerð er æskileg.
- Greiningarhæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni í mannlegum samskiptum og reynsla af mannaforráðum.
- Gott vald á íslenskri tungu og góð tölvukunnátta.
- Gott vald á norðurlandatungumáli og ensku, töluðu sem rituðu máli.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri og Guðjón Skúlason, starfsmannastjóri, sími 560 4400.
Senda má upplýsingar rafrænt eða í pósti til starfsmannaþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, tölvupóstfang starf@tr.is.

**Umsóknarfrestur er til 8. desember 2008.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.

Umsækjendum er einnig bent á upplýsingar á heimasíðu Tryggingastofnunar: http://www.tr.is

## Kíktu á Vinna.is

Hjá Vinna.is eru fjölmörg störf í boði t.d. skrifstofustörf, framlínustörf, lager, útkeyrsla ofl. Skráðu þig á www.vinna.is og á póstlistann til að fá upplýsingar um ný störf á netfangið þitt.

vinna.is
sími: 511 1144

# Fjarnám B-stig vélstjórnar



Nám til B-stigs vélstjórnar býðst nú í fjarnámi. Námið er ætlað þeim sem lokið hafa 2. stigi vélstjórnar og veitir réttindi á skip með allt að 1500 kW vélarstærð.

Kennt er í gegn um netið eða í staðbundnum 20 klukkustunda lotum í Tækniskólanum og hentar því nemendum um allt land.

Námið er alls 54 einingar og er dreift á sex annir. Kenndar verða 8-10 einingar á hverri önn. Námið hentar því vel með vinnu eða öðru námi.

**Umsóknarfrestur er til 15. desember.**

**Skráning er á www.fas.is.**

**Kennsla hefst 16. janúar 2009.**

FAS **Nánari upplýsingar á vef Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, www.fas.is, á netfanginu skolameistari@fas.is og í síma 470 8070.**



## Nýbýlavegur 40
2. hæð - bílskúr




Góð og mikið uppgerð 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli ásamt bílskúr. Íbúðin er 53,3 fm og bílskúrinn 19,2 fm samtals 72,5 fm. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, hjónaherbergi og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél á jarðhæð er sameiginlegt þvottahús. Góður bílskúr.

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG (SUNNUDAG) FRÁ KL. 13:30-14:00. V. 16,9 m. 4325**

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali



Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. fasteignasali

## Fallegt parhús við Heiðarhjalla í Suðurhlíðum Kópavogs.



215 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsett á góðum útsýnisstað og garðurinn er fallega hannaður og skjólsæll með viðhaldsfrírri sólarverönd til suðurs og vesturs. Eignin er á tveimur hæðum. Stofur, eldhús, gestasnyrting og herbergi eru á efri hæð sem er björt og með mjög átt til lofts og á neðri hæð eru þrjú svefnherbergi, bað, þvottahús og 10 fm "spa" herbergi með potti sem ekki inn skráðu fm fjölda.
**Verð 65 millj.**

# Einbýlishús í miðbæ Reykajvíkur

**Höfum kaupanda að einbýli miðbæ Reykjavíkur með skipti á minni eign í huga á sama stað.**

**Vinsamlega hafið samband við Magnús Gunnar Helgason í síma 535-1006**

**Lágmúli 7, sími 535_1000** Stakfell.is



## Kvistavellir 34-40
221 Hafnarfjörður

RE/MAX Lind










**Aðeins eitt hús eftir...** Verð frá **27.2** millj.




**4 herbergja - Stærð 172,5 fm - Bílskúr**

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlunum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn ísteypt. Stæði fyrir halogenljós steypt í loft á neðri hæðum.

**Gott verð fyrir góða eign - Húsin eru í byggingu.**



**Bóas**
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur fasteignasali, Hdl



**RE/MAX LIND • Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími 520 9500**

BRB RE/MAX DESIGN CENTER • www.remax-ice.com



HÖFÐI

**Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000**

## Þrastarás 63
**Hafnarfirði.**



Opið hús í dag á milli kl: 15-16





Í dag býðst þér og þinni fjölskyldu að skoða þetta glæsilega 183 fm endaraðhús sem er að mestu á einni hæð. Möguleiki á 4 herbergjum. Innbyggður bílskúr. Glæsilegar innréttingar frá Axis. Timburverönd. Skipti á ódýrari eign möguleg. Verð aðeins 44,9 millj.

Ásmundur Skeggjason fasteignasali
tekur vel á móti ykkur í dag S: 895 3000

## Atvinnuhúsnæði:
**Við Kársnesbraut**

160 fm á götuhæð. Húsnæðið er í leigu Verð 26,5 millj. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892 7798.

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast



vísir.is
"...ég sá það á vísi"



ÓMISSANDI Í BAKSTURINN *Sælkerakökur*



Arnar Snær segir súkkulaðibitakökur bæði klassískar og einstaklega góðar.



Makkarónurnar eru girnilegar að sjá.

# Kökur sem kæta

Arnar Snær Rafnsson bakari segir súkkulaðibitakökur með valhnetum klassískar fyrir jólin. Skemmtileg tilbreyting sé síðan fólgin í gerð franskra makkaróna.

Súkkulaðibitakökur með valhnetum eru klassískar og svo bragðgóðar að þær eru alveg ómissandi. Ég myndi að minnsta kosti vilja þær á mitt borð,“ segir Arnar Snær Rafnsson bakari og eigandi Café Konditori Copenhagen, þar sem ljúfur ilmurinn af nýbökuðum smákökum breiðir úr sér þessa dagana.

Arnar segir uppskriftina að súkkulaðikökunum svo einfalda að jafn vel yngstu kokkar ættu að ráða við baksturinn undir eftirliti þeirra sem eldri og reyndari eru.

„Í raun er ekki hægt að klúðra gerð þeirra, nema kannski með því að brenna þær,“ útskýrir hann og bætir við að gott sé að bera kökurnar fram með kaldri mjólk eða ís. „Eða eiga þær í bauk uppi í skáp til að geta nartað í frítímanum.“

Að öðrum kosti mælir Arnar með frönskum makkarónum þar sem alltaf sé gaman að brydda upp á nýjungum. Kökurnar séu þar að auki litríkar og fallegar á borði.

„Makkarónurnar má gera á óteljandi vegu eða eftir því hvað menn setja í kremið og hvernig matarlit þeir ákveða síðan nota í þær. Ég valdi til dæmis að hafa þær appelsínugular og fjólubláar og kremið eftir því en maður notar ávaxtapúrrið í þær,” segir hann og bætir við að uppskriftin henti frekar þeim sem vilja áskorun.

*-rve*





FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Arnar segir vissa áskorun felast í gerð franskra makkaróna.

## KLASSÍKT EÐA NÝTT

### SÚKKULAÐISMÁKÖKUR MEÐ VALHNETUM

**150 g smjör (mjúkt)**
**100 g sykur**
**100 g púðursykur**
**1 egg**
**75 g valhnetur, gróft hakkaðar**
**75 g ljóst súkkulaði**
**75 g dökkt súkkulaði**
**1/2 vanillustöng eða matskeið af vanillusykri**
**1 tsk. natron**
**200 g hveiti**

*Kveikið á ofninum og stillið á 180°C. Hafið allt hráefni klárt og vigtið. Blandið saman hveiti, natroni og vanillukornum úr stöng. Setjið allt nema súkkulaðið og hneturnar í hrærivél og blandið saman þar til deigið fer að hanga saman. Bætið þá hnetum og súkkulaði í vélina og blandið. Takið litlar klípur af deiginu og raðið með passlegu millibili á bökunarplötu og bakið í forhituðum ofninum í um það bil 6 til 8 mínútur.*

### FRANSKAR MAKKARÓNUR

**150 g möndlumjöl (möndlur hakkaðar í matvinnsluvél)**
**150 g flórsykur**
**2 eggjahvítur**
**150 g sykur**
**100 g vatn**
**2 eggjahvítur**
**20 g sykur**

*Blandið möndlumjöli, flórsykri og eggjahvítum saman í skál þar til það er orðið að jöfnum massa. (Hér er hægt að blanda duftmatarlit við massann til að ná fram lituðum makkarónum. Mikilvægt er að nota ekki fljótandi matarlit!)*

*Setjið sykur og vatn saman í pott og sjóðið í síróp. Látið blönduna verða um það bil 113°C ef hitamælir er hafður við hönd. Sjóðið annars þar til gufa hættir að koma upp úr pottinum.*

*Þeytið eggjahvítur og sykur saman í þéttan massa í hrærivél. Blandið síðan sírópinu hægt saman við og þeytið þar til marengsinn verður kaldur (rúmlega stofuhiti).*

*Blandið marengs og möndlumassanum nú saman. Setjið í sprautupoka og sprautið litlar makkarónukökur á bökunarplötu. Látið makkarónurnar síðan þorna í um það bil 30 mínútur, áður en þær eru bakaðar í forhituðum ofni í 12 til 16 mínútur við 140°C.*

**FERSKUR ÁVAXTA/BERJAGANAGE (FYLLING Í MAKKARÓNUR):**

**100 g rjómi (ekki matreiðslu rjómi)**
**25 g glúkósi**
**215 g „ósvikið“ hvítt súkkulaði**
**95 g ávaxtamauk (niðursoðnir ávextir með 10 prósent sykri; nota má hvaða ávöxt sem er)**

*Setjið rjóma og glúkósa í pott og hitið að suðu. Hellið því síðan yfir súkkulaðið og hrærið saman þar til súkkulaðið er alveg bráðið. Blandið ávaxtamaukinu saman við í. Gott er að notast við töfrasprota þegar þessu er blandað saman. Setjið síðan í kæli og látið kólna þar til þetta fer að taka sig. Þá er hægt að smyrja fyllingunni á milli makkarónanna.*




Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins“***.

| Næringargildi í 100g af byggi | |
| --- | --- |
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 590 kr. | stór 990 kr.

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 390 kr. | stór 690 kr.

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

www.nings.is

TRANS FITA · LO SALT · MSG

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

# Peugeot, skoðaður til 2038



» Peugeot framleiddi sína fyrstu piparkvörn 1840. Verkið í kvörnunum er ennþá það áreiðanlegasta á markaðinum og ástæðan fyrir því að Peugeot býður 30 ára ábyrgð. Peugeot kvarnir fást hjá: Kokku á Laugavegi 47, Duka Kringlunni, Tekk Company Bæjarlind 14-16 í Kópavogi, Pottum og Prikum á Strandgötu 25 á Akureyri og Cabo við Hafnargötu 23 í Keflavík. Svo er auðvitað hægt að kaupa þær á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




1



2



1. Ristaðar möndlur í hunangi fylla eldhúsið jólailmi.
2. Gott er að nota kökukefli til að mylja möndlur í fínan salla.
3. Bráðið súkkulaði er ómissandi yfir alla konfektmola.
4. Hunangs-möndlufyllingin er vinsælust í konfektgerð og molarnir eru sniðugir sem jólagjöf handa vinum og vandamönnum.
5. Einfalt er að búa til kúlur úr konfektsallanum en það getur verið gaman að nota mót til að forma fallega mola.

3



4



5



# Heimagert konfekt vinsælt

Halldór Kr. Sigurðsson, sérfræðingur í konfektgerð, segir að heimagert konfekt

Ég lærði bakaraiðn á Íslandi og fór svo til Kaupmannahafnar í konditorínám og sérhæfði mig í kökum, eftirréttum og konfekti,“ segir Halldór, en hann hefur kennt handtökin við konfektgerð í nokkur ár og segir áhugann á heimagerðu konfekti hafa aukist.

„Fólk er að útbúa konfekt í jólagjafir og fyrir sjálft sig á aðventunni. Það er til dæmis mjög sniðugt fyrir börn að gera konfekt handa afa og ömmu í jólagjöf. Þá þarf bara að athuga að láta þau ekki vinna með líkjöra í fyllingunum. Ég hef séð um konfektnámskeið Húsasmiðjunnar undanfarin fimm ár og aðsóknin hefur alltaf verið góð en er sérstaklega mikil í ár. Fólk hefur meiri áhuga núna á að búa til sjálft með tilliti til ástandsins í dag.“

Vinsælustu konfektfyllinguna segir Halldór tvímælalaust vera hunangs-möndlufyllingu. Hún sé einföld í framkvæmd og bragðgóð en uppskrift að henni fylgir hér á síðunni.

- rat



Halldór tekur að sér að kenna hópum handtökin í konfektgerð. Áhugasamir geta haft samband við hann á netfangið www.halldorkrs@internet.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

E

## MÖNDLU KONFEKT

**100 g Hagvers heilar möndlur með hýði**
**150 g Odense núggat**
**Hunang**
**Green&Black´s 70 prósent súkkulaði.**

*Smyrjið möndlurnar með hunangi, helst með fingrunum svo að hunangið fari vel á möndlurnar. Setjið þær á bökunarpappír inn í ofn á plötu og ristið við 180°C í 7 til 10 mínútur.*

*Takið möndlurnar út og látið kólna. Myljið ristuðu möndlurnar með kökukefli og blandið sallanum við núggatið. Kælið blönduna.*

*Bræðið því næst súkkladið, búið til kúlur úr núggat-möndlublöndunni og dýfið kúlunum í brætt súkkulaðið.*

*Skreytið að vild.*

# Valhúsgögn mætir kreppunni

# 25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta



Mikið úrval af borðstofusettum


Nabucco Borðstofusett


Mikið úrval af vönduðum hornsófum



Vandaður hornsófi sem hægt er að breyta í rúm


Mikið úrval af vönduðum sófasettum



Mikið úrval af vönduðum sófum og sófasettum frá **Italsofa** *The Italian touch*

**Vandaður slökunarstóll**
með skemli og sterku áklæði
eða leðri - Margir litir



**Vandaður slökunarstóll**
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem
eiga erfitt með hreyfingar.
Með innbyggðum skemmli.



**Vandaður stóll**
Afar vandaður og sérlega
þægilegur stakur stóll frá
Italsofa með snúningi.



**Vandaður slökunarstóll**
Með leðuráklæði og skemli.
Litir: Beige, brúnt, svart og
rauðbrúnt.



**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360°
sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

## Opið í dag kl. 13-16

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**




Gott Fólk

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# Sölkugata 8-10
Helgafellslandi, Mosfellsbæ

**Sölkugata 8**
**Glæsilegt 192,2 fm Parhús á tveimur hæðum ásamt 57,7 fm bílskúr, samtals 250 fm.**
Einnig er óskráð ca. 50 fm gluggalaust rými á neðri hæð. **Neðri hæðin** skiptist í, snyrtingu, 3 svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottahús, geymslu og bílskúr. **Efri hæðin** skiptist í forstofuherbergi, baðherbergi, gang, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol og hjónaherbergi með fataherbergi. Útgengt er úr hjónaherbergi á svalir. Húsið afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan.
Verð: 44.900.000

**Sölkugata 10**
**Glæsilegt 205 fm Parhús á tveimur hæðum ásamt 34,9 fm bílskúr, samtals 239,9 fm.**
Einnig er óskráð ca. 50 fm gluggalaust rými á neðri hæð. **Neðri hæðin** skiptist í, snyrtingu, 3 svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottahús, geymslu. **Efri hæðin** skiptist í svefnherbergi, baðherbergi, gang, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol og hjónaherbergi með fataherbergi. Útgengt er úr hjónaherbergi á svalir. Gengið er út á svalir úr hjónaherbergi. Húsið afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan.
Verð: 44.900.000







Guðmundur Ársæll
Sölufulltrúi
s: 891 7101
gag@remax.is


Páll
Sölufulltrúi
s: 861 9300
pallb@remax.is


Ásmundur
Sölufulltrúi
s: 770 4141
asmundur@remax.is


Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - S: 520 9500 - www.remax.is

# Spóahöfði 26 - Mosfellsbæ





Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. 4 svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Mjög stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. **Frábær staðsetning. V. 59,8 m.**

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL 15:00 TIL 16:00**
**Í SPÓAHÖFÐA 26 Í MOSFELLSBÆ.**

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidlun.is · eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

# Glæsilegt einbýlishús óskast til leigu

Óska eftir stóru einbýlishúsi með bílskúr til leigu á svæði 101 eða 107. Fyrirframgreiðsla í boði.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Elísabet Agnarsdóttir lögg. fasteignasali**
**í síma 824 5003.**

# Vallarhús 49
112 Reykjavík
Glæsilegt endaraðhús

**Stærð: 130,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-5**
**Byggingarár: 1990**
**Brunabótamat: 25.350.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind




**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 15:00 - 15:30** | **Verð: 34.900.000**




Fallegt sérbýli til sölu á einstaklega góðu verði. Um er að ræða 130 fm endaraðhús í Grafarvoginum á sérstaklega barnvænum og rólegum stað. Getur losnað fyrir jól. Neðri hæðin skiptist í forstofu, gestasalerni, eldhús, geymslu/þvottahús og samliggjandi stofu og borðstofu, heitur pottur er í garðinum. Á efri hæð eru þrjú rúmgóð svefnherbergi og stórt baðherbergi með baðkari og sturtu. Risloft er yfir íbúðinni sem auðvelt er að breyta í herbergi.


Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**822 3702**
gv@remax.is


Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

S: 698-87-33
Síðumúli 27
108 Reykjavík
S: 534-40-40
Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali




**Opið hús í dag kl. 15:00 – 15:30**

Mikið endurnýjuð 5 herb.sérhæð með bílskúr. Verulega góð 145 fm. sérhæð ásamt 74 fm. bílskúr á besta stað í Vogahverfinu í Reykjavík. Forstofa með tveimur svefnherbergjum sem hægt væri að nota fyrir nuddaðstöðu o.þ.h. ásamt snyrtingu með salerni og vaski. Hol með fataskápum. Eldhús með innréttingu úr öl, borðkrók og aðgengi inní þvottahús / búr. Stofa / borðstofa með útgengi út á suður svalir. Svefnherbergisgangur með tveimur svefnherbergjum ásamt baðherbergi. Gólfefni eru flísar og munsturflotsmálning. Geymsla er í sameign. Yfirstandandi eru múrviðgerðir á eigninni og stendur til að mála húsið í vor og er það bæði gert á kostnað seljanda. Þak er nýviðgert. **Upplýsingar í gsm. 698-87-33**








NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Tólf spor fyrir þau sem klúðruðu

Það vill oft verða þannig, þegar aðrar aðferðir til að leysa úr málunum virðast vera komnar í þrot, að umræðan og skoðanaskiptin fari á lægra og lægra plan. Það hefur sannarlega gerst nú og sandkassaleikir hafa farið fram um allan bæ síðustu daga. Mig minnti alltaf að fólk sem notast við tólf spora kerfið byrjaði lífið hálfpartinn upp á nýtt. Það er einmitt það sem auðmenn og ráðamenn, þeir sem bera ábyrgð á ástandinu, þurfa að gera. Þess vegna fór ég að kynna mér tólf spora kerfið, til að sjá hvort það sé ekki hægt að nota ýmislegt úr því til þess að hjálpa þessu fólki. Reyndar er margt frekar trúartengt í sporunum, sem mér finnst svo sem óþarfi að vera að troða upp á fólkið. Enda held ég að lausnin í þessu máli felist varla í því að kristna fólkið. Samt má margt gott taka úr þessum tólf skrefum, þótt skrefin gætu þurft að vera ansi stór hjá mörgum.

Hvernig væri til dæmis að viðurkenna vanmátt sinn gagnvart þessu öllu saman? Það er fyrsta skrefið. Svo væri ágætt ef ýmsir gætu tileinkað sér fjórða skrefið, að gera rækilega og óttalaust siðferðileg reikningsskil. Nú, fimmta skrefið er líka gott, að játa misgjörðirnar fyrir sjálfum sér og öðrum og nákvæmlega hvað í þeim fólst. Í áttunda skrefi felst að skrá misgjörðir sínar og verða fús til að bæta fyrir þær. Níunda skrefið gæti reynst hvað erfiðast, að bæta fyrir brot sín. Það væri ágætt að sjá þessi fimm af tólf skrefum tekin.

„Mig minnti alltaf að fólk sem notast við tólf spora kerfið byrjaði lífið hálfpartinn upp á nýtt. Það er einmitt það sem auðmenn og ráðamenn, þeir sem bera ábyrgð á ástandinu, þurfa að gera.“

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli



### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Nýtt í Skífunni!**

# ALLIR VINSÆLUSTU LEIKIRNIR Í SKÍFUNNI




S·K·Í·F·A·N

Nýtt upphaf!

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

Þjóðleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 23/11, örfá sæti laus
**Síðustu sýningar**

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
**Sýningum lýkur 13. desember!**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
**Aukasýningar í sölu**

Leitin að jólunum
Aðventusýning Þjóðleikhússins
Sýningar hefjast 29/11
**Tryggðu þér sæti**

Gefum góðar stundir
Kardemommubærinn
Jólatilboð á gjafakortum
Sætið á aðeins 2.000
(fullt verð 2.800)



GJAFAKORT Á KARDEMOMMUBÆINN

# Grindavíkurleikflokkurinn

**LEIKLIST**

**21 manns saknað**

eftir Guðmund Brynjólfsson, Víði Guðmundsson og Berg Þór Ingólfsson.

Leikstjóri: Bergur Þór. Leikmynd: Eva Vala Guðjónsdóttir.

★★

Snotur sýning en brotakennd.



**LEIKLIST** Víðir Guðmundsson leikur mörg hlutverk í nýju verki um ævi Odds V. Gíslasonar

Einleiksformið hefur verið vinsælt hér á landi um nokkurt skeið, Mr. Skallagrímsson, Brák og nú síðast í sýningu fyrirtækis leikara sem ætlar að standa fyrir sýningarhaldi í Grindavík. Graal kallar hópurinn sig og er mættur með sína fyrstu sýningu: Víðir Guðmundsson reynir að koma höndum yfir atburðaríka ævi Odds V. Gíslasonar. Formið sem hann og Benedikt og Brynhildur grípa til er upphaflega endurvakið í Buffó-leik Darios Fo sem hann stundaði við miklar vinsældir um langan tíma. Það er svo Benedikt sem flytur hingað sænska leikstjórann Enquist sem hafði þróað þennan stíl hjá Pero-leikhúsinu í Stokkhólmi.

Einn leikari er á sviðinu með sem fæsta leikmuni og stekkur milli sögumanns og ólíkra persóna sem koma við sögu, hann breytir fasi og burði og segir margradda sögu með ólíkum stíltegundum. Formið leyfir hröð stökk í tíma og rúmi og milli manna. Það krefst í raun afburðaleikara nema sú stefna sé tekin að vinna með gerólík textasvið eins og Fo gerði, hið helga – bifliúna – og hið vanhelga – manninn í sinni saurugustu mynd.

Graal-hópurinn stefnir á fasta vist í Grindavík. Hann er kominn með stefnuyfirlýsingu, er kominn með samstarfssamning við sveitarfélög og fyrirtæki, setur markið hátt: framundan eru minnst þrjár sviðsetningar. Það er gott að eiga slíkan hóp að. Suðurnesjamenn áttu fyrir löngu að hafa komið sér upp einhverjum slíkum hópi eins og önnur minni sveitarfélög.

Fyrsta verkefni hópsins er erfitt: æviferill séra Odds er fjölbreytilegur frá því hann er formaður hér í Reykjavík, situr í Lærða skólanum og hefur um síðir prestferil. Hann er hamhleypa, á kant við samtíð sína, er frömuður í atvinnurekstri og félagsstarfi og hverfur loks til Ameríku þar sem hann verður farandpredikari. Lengi er hann alkohólisti en verður ofstopafullur bindindismaður. Heimildir um hann eru rýrar ef marka má gögn sýningarinnar en duga þó til að kveikja spennandi sögu. Víðir Guðmundsson rekur söguna og fer með öll hlutverk. Hann er glæsilegur ungur maður en hefur ekki þjálfun eða reynslu til að skila öllum þeim aragrúa fólks sem höfundar draga fram. Persónugalleríið lifnar ekki í höndum hans og sumpart um að kenna verkinu. Þar er ekki svarað mikilvægum spurningum um klerkinn: athafnaþrá hans og um síðir sterka trú.

En mjór er mikils vísir. Leikhópur í Grindavík er stórtíðindi fyrir Nesið og því betri sem aðstaða er fyrir hann þess meiri líkur eru að þar nái menn sterkari tökum á viðfangsefnum sínum. **Páll Baldvin Baldvinsson**



Áskorun til sveitarfélaga og arkitekta

Með hliðsjón af ástandi efnahagsmála vill Húsafriðunarnefnd taka fram eftirfarandi:

Bæta má manngert umhverfi með fleiru en nýbyggingum einum saman. Í byggingararfi þjóðarinnar eru fólgin verðmæti úr fortíðinni, bæði menningarsöguleg og listræn, sem nýtast vel menningartengdri ferðaþjónustu. Þá er það löngu viðurkennt að það sé vitnisburður um menningarstig hverrar þjóðar, hvernig hún umgengst byggingararfinn. Með vandaðri húsakönnun er lagður grunnur að mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæðna, byggðamynsturs, götumynda og hverfa. Þótt mörg sveitarfélög hafi á undanförnum áratugum látið kanna varðveislugildi eldri byggðar í því skyni að auðvelda vinnu við skipulag og ákvarðanatöku þar að lútandi, eru mörg þéttbýlissvæði sem enn bíða úrlausnar hvað þetta varðar.

Núgildandi lög um húsafriðun kveða á um að öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skuli vera friðuð. Verði frumvarp til laga um menningarminjar, sem menntamálaráðherra ráðgerir að leggja fyrir Alþingi á næstunni, að lögum, mun friðuðum húsum fjölga verulega, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að öll mannvirki, sem byggð voru fyrir 1900, verði friðuð. Af þessum sökum er enn brýnna en áður að ráðast í gerð húsakannana.

Um leið og Húsafriðunarnefnd skorar á sveitarfélög og arkitekta að beina sjónum sínum að þessum málaflokki, tekur nefndin fram:

- Húsafriðunarnefnd hefur látið taka saman leiðbeiningar um gerð húsakannana og gefið út á prenti. Ráðgert er að innan tíðar verði leiðbeiningar þessar í endurskoðaðri útgáfu aðgengilegar á heimasíðu nefndarinnar.
- Þegar kemur að úthlutun styrkja úr húsafriðunarsjóði 2009 mun nefndin láta umsóknir um styrki til húsakannana hafa forgang og styrkja gerð þeirra eins og framast er kostur og fjárhagur sjóðsins leyfir.

HÚSAFRIÐUNARNEFND

Húsafriðunarnefnd | sími 570 1300 | husafridun@husafridun.is | husafridun.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 23. nóvember**

### ➜ Kvikmyndir

**15.00** **Raspútín**, leikin bandarísk kvikmynd frá 1996 verður sýnd í MÍR-salnum, Hverfisgötu 105. Enskt tal. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Tónleikar



**13.00** **Dagur harmonikunnar** Harmonikufélag Reykjavíkur verður með tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur.

**13.00** **Gilligill** Tónleikar í tilefni af nýútkominni barnaplötu með lögum og textum eftir Braga Valdimar Skúlason í Salnum, Hamraborg 6, Kópavogi. Einnig eru tónleikar kl. 15.00.

**15.15** **Sardas strengjakvartettinn** flytur verk eftir Jón Ásgeirsson og Beethoven í Norræna húsinu við Sturlugötu.

**16.00** **Heyr mína sál** Kammerkórinn Hymnodia verður með útgáfutónleika þar sem flutt verður kórtónlist eftir íslenskar konur. Aðgangur er ókeypis. Listasafnið á Akureyri við Kaupvangsstræti.

**17.00** **Blásaraoktettinn** Hnúkaþeyr flytur franska tónlist eftir tónskáldin Ibert, Bossa og Francaix á Kjarvalstöðum við Flókagötu.

**17.00** **Kirkjukór Grenáskirkju** flytur litla messu eftir Charles Gounod og létta trúarlega tónlist eftir ýmsa höfunda. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Grensáskirkja við Háaleitisbraut.

**20.00** **Stórsveit Reykjavíkur** verður með tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg, þar sem flutt verður tónlist eftir Thad Jones.

**23.00** **Hljómsveitin B. Sig** spila á Café Rosenberg.

### ➜ Dans

**16.00** **Tangóævintýrafélagið** stendur fyrir síðdegistangó á Café Rót, Hafnarstræti 17. Allir velkomnir.

### ➜ Fyrirlestrar

**11.00** **Er eitthvað réttlæti?** Guðmundur Heiðar Frímannson flytur fyrilestur á Bláu könnunni, Hafnarstræti 96, Akureyri.

### ➜ Samkomur

**20.00** **Tómasarmessa** Messuhald í Breiðholtskirkju við Þangbakka, með fjölbreytilegum söng og tónlist þar sem áhersla er lögð á fyrirbænarþjónustu og virka þáttöku leikmanna. Sérstakur gestur er Herbert Guðmundsson.

### ➜ Sýningar

**Landslag í ljósaskiltum** Sýning Bjarna Helgasonar í Artóteki, 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu. Opið mán. 10-21, þri.-fimm. 10-19 og um helgar 13-17.

### ➜ Bækur

**13.00** **Kellíngabækur** Um þrjátíu konur kynna bækur sínar með ýmsum hætti í Gerðubergi, Gerðubergi 3-5.

### ➜ Leiðsögn



**14.00** **Ást við fyrstu sýn** Halldór Björn Runólfsson verður með leiðsögn um sýninguna og mun fjalla um þróun myndlistar allt frá tímum Impressjónistanna til okkar daga. Listasafni Íslands, Fríkirkjuvegi 7. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

**15.00** **Erlendur Sveinsson** verður með leiðsögn um sýningar Sveins Björnssonar; Sjórinn og sjávarplássið og Charlottenborgarárin. Opið alla daga nema þriðjudag kl. 11-17, fimmtudaga 11-21. Aðgangur ókeypis. Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.



**17.00** **CRAFT** Andrea Maack verður með listamannaspjall í D-salnum þar sem hún ræðir um sýningu sína í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Ókeypis aðgangur.

### ➜ Myndlist

**Kynjaskepnur úr íslenskum þjóðsögum** Í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins stendur yfir sýning á teikningum eftir Jón Baldur Hlíðberg. Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15 er opið alla daga frá kl. 11-17.



### ➜ Leiklist

**20.00** **GRAL** Grindvíska atvinnuleikhúsið sýnir leikverkið 21 manns saknað í Saltfisksetrinu, Hafnargötu 12a, Grindavík. Nánari upplýsingar á www.gral.blog.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




# EXECUTIVE MBA KYNNINGARFUNDUR

Hilton Reykjavík Nordica Hótel, 24. nóvember kl. 17.

## EXECUTIVE MBA IN SHIPPING, OFFSHORE AND FINANCE

Nemendur sem ljúka Executive MBA-námi fyrir skipa-, olíu- og fjármálageira útskrifast með tvær meistaragráður og er námið unnið í samvinnu við Nanyang Business School í Singapore.
Námið er sniðið að einstaklingum með mikla starfs- og stjórnunarreynslu. Aðal áherslur námsins eru á hinar margþættu áskoranir innan skipa-, olíu- og fjármálageira.
Námið hefst í janúar 2009
**www.bi.no/emba/shipping**

## EXECUTIVE MBA

Nemendur sem ljúka Executive MBA-námi frá BI útskrifast með tvær meistaragráður og er námið unnið í samvinnu við evrópska viðskiptaskólann ESCP-EAP.
Námið býður stjórnendum upp á tækifæri til að þróa leiðtoga- og stjórnendahæfni undir handleiðslu mjög hæfra kennara og í tengslum við alþjóðleg námskeið. Námið býður einnig upp á á alþjóðlegt umhverfi og samskipti við námsfélaga frá ólíkum menningarheimum.
Námið hefst í janúar 2009
**www.bi.no/emba**

**Til að fá frekari upplýsingar hafið samband:**

Rektor: Kristin Omholt-Jensen
BI Norwegian School of Management
Sími: +47 46 41 08 54
Tölvupóstur: kristin.omholt-jensen@bi.no

Íslenskur samstarfsaðili BI
Indriði Þ. Gunnlaugsson
Sími: +354 894 3888
Tölvupóstur: ithg@online.no

Handelshøyskolen BI í Noregi er í hópi 35 bestu viðskiptaháskóla í Evrópu og hefur gæðavottun frá NOKUT (Nasjonalt organ for kvalitet utdanningen) og EQUIS (European Quality Improvement System).

BI NORWEGIAN SCHOOL OF MANAGEMENT

inform.is 2008




# Lögfræðingur frekar en skáld

**Sænski rithöfundurinn Jens Lapidus hefur slegið í gegn í heimalandi sínu með bók sinni Fundið fé. Nú er röðin komin að Íslandi. Freyr Gígja Gunnarsson hitti þennan best klædda mann Svíþjóðar og forvitnaðist um það hvernig lögfræðingur verður skáld.**



MÆTIR SKILNINGI HEIMA FYRIR Lapidus er lögfræðingur að mennt og starfar sem slíkur dags daglega. Hans helstu skjólstæðingar eru glæpamenn og undirheimaforingjar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lapidus er óneitanlega svolítið sér á báti. Hann er menntaður lögfræðingur og starfar sem slíkur dags daglega. Ritstörfin eru því einhvers konar hjáverk og áhugamál. Enn sem komið er. Lapidus er í beinni tengingu við undirheimana því margir af skjólstæðingum hans eru með alræmdustu glæpamönnum Svíþjóðar. Lapidus vildi ómöglega gefa upp nöfnin á þeim en upplýsti að meðal skjólstæðinga hans væru félagar í alræmdum mótorhjólasamtökum sem oftar en ekki komast í kast við lögin fyrir hegningarlagabrot.

### Stífla sem brast

Lapidus hóf að skrifa litlar sögur þegar hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara í undirrétti í Stokkhólmi. Sögurnar, fólkið og umhverfið var einhvern veginn svo yfirþyrmandi og þrúgandi að þetta var hans leið til að létta aðeins af sér. Þegar hann var hins vegar kominn yfir hundrað blaðsíður tók hann ákvörðun um að búa til eina samfellda heild og fór með handritið til útgefanda. „Ég bjóst hins vegar aldrei við því að fá hana útgefna,“ segir Lapidus. Útgefandinn varð hins vegar himinlifandi. Sama má segja um lögfræðingastéttina í Svíþjóð. „Lögfræðingar hafa þessa ímynd að vera frekar leiðinlegir og kassalagaðir karakterar. Ég man að yfirmaðurinn var mjög ánægður með að ég skyldi fá útgáfusamning en hafði eina spurningu; hvort bókin væru nokkuð um fyrirtækið hans.“ Lapidus segir yfirmanninn nefnilega hafa óttast að bókin væri sænsk útgáfa af The Firm eftir John Grisham.

Fyrsta bók Lapidus, Fundið fé, sló í gegn hjá sænskum lesendum fyrir tveimur árum. Svíar hafa um árabil sökkt sér ofan í spennuþrungna veröld Henning Mankell, Stieg Larsson og Lizu Marklund sem hafa gnæft yfir þessa bókmenntahefð.

Umhverfi og persónur Lapidusar eiga hins vegar lítið sameiginlegt með þessum risum því hetjurnar í bókum Lapidusar, eða réttara sagt andhetjurnar, eru glæpamennirnir. Ekki rannsóknarlögreglumenn eða blaðamenn. Lapidus segir þetta meðvitað. Hann hafi viljað gera eitthvað nýtt. „Ég er sannfærður um að ef þú tækir allar bækur þessara stóru rithöfunda og legðir þær hverja ofan á aðra fengir þú út eina bók,“ útskýrir Lapidus og viðurkennir að hafa ekki lesið neitt eftir hina íslensku glæpasagnarithöfunda. „Nei, en ég veit hver Arnaldur [Indriðason] er. Ég hef hins vegar ekkert lesið eftir hann,“ viðurkennir Lapidus.

### Konan sýnir þessu skilning

Lapidus segist fyrst og fremst vera lögfræðingur. Meðan á viðtalinu stóð kom meira að segja upp eitthvert stórmál á lögfræðiskrifstofunni og neyddist rithöfundurinn til að bregða sér í líki lögfræðingsins um stundarsakir. Lapidus er kvæntur og eignaðist sitt fyrsta barn fyrir ári. Hann segir það vera eilítið erfitt að koma heim úr einni vinnu og fara beint yfir í aðra. „Konan mín styður mig upp að vissu marki. Auðvitað getur þetta verið erfitt en hún reynir að sýna þessu skilning,“ segir Lapidus en eiginkona hans er einnig lögfræðingur. Hann bætir því við að hún hafi lítinn áhuga á hvers kyns glæpabókmenntum. Henni sé í raun meinilla við þenna heim. „Hún las yfir fyrsta handritið og sagði að það væri gott. Þetta væri ekki hennar tebolli en þetta væri gott.“

Lapidus hefur verið vinsæll meðal sænsku blaðanna og í fyrra var hann meðal annars kjörinn best klæddi karlmaðurinn í Svíþjóð. Skáldið segir hann vera fórnarlamb aðstæðna sinna. „ Þetta var hálfgerð tilviljun. Þegar ég var að kynna bókina hitti ég blaðamennina yfirleitt í hádegishléum frá vinnunni minni og sem lögfræðingur þarf maður auðvitað að vera vel til fara. Þannig að ég var alltaf í „einkennisbúningnum“ þegar viðtölin fóru fram.“

















**SVERRIR NORLAND** Tónlistarmaðurinn Sverrir Norland hefur gefið út sína fyrstu plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Dylan og Megas eru áhrifavaldar

Tónlistarmaðurinn Sverrir Norland játar að meistararnir Bob Dylan og Megas séu báðir á meðal áhrifavalda á hans fyrstu plötu sem er nýkomin út. „Ég get ekki neitað því að ég er mjög hrifinn af Dylan. Ég byrjaði ekkert að hlusta á Megas fyrr en fyrir svona einu ári. Ég á allt eftir hann núna,“ segir Sverrir, sem hefur spilað á gítar síðan hann var á unglingsaldri. „Ég hef verið í einhverjum hljómsveitum. Ein hét Furstaskyttan en við náðum aldrei að fara nógu langt með hana.“

Sverrir, sem er 21 árs, starfaði sem hirðskáld Hins hússins í sumar og ferðaðist þá um með gítarinn og spilaði. „Ég hafði mikinn tíma til að semja þá en reyndar eru elstu lögin á plötunni frá 2006,“ segir Sverrir og bætir við að hann eigi enn fleiri lög á lager sem verði notuð síðar. - fb



**JOHN MALKOVICH** Leikarinn John Malkovich ætlar að gera heimildarmynd um ólöglega innflytjendur í Bandaríkjunum.

# Mynd um innflytjendur

**Leikarinn John Malkovich ætlar að gera heimildarmynd um ólöglega innflytjendur í Bandaríkjunum. Þegar hann frétti af þeim fjölda barna sem komast þannig til Bandaríkjanna ákvað hann að láta til skarar skríða.**

**Myndin, sem nefnist Triple Crossing, fjallar um mannlegu hliðina á þessu vandasama málefni. Fyrirtækið Canana Films mun framleiða myndina en það er í eigu mexíkósku leikaranna Diego Luna og Gael Garcia Bernal.**

**Malkovich er um þessar mundir í Mexíkó þar sem hann leikstýrir leikritinu The Good Canary þar sem Luna fer einmitt með aðalhlutverkið.**


# Útifundur



**Á INGÓLFSTORGI**
**mánudaginn 24. nóvember kl. 16.30**

# VERJUM VELFERÐINA

**Launþegar!**

Í efnahagserfiðleikum verður almenningur að geta treyst á öflugt velferðarkerfi. Látum ekki eyðileggja grunnþjónustu samfélagsins. Verjum velferðina.

**Fjölmennum öll á útifund BSRB, Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Félags eldri borgara í Reykjavík.**

SFR
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

SFR er stéttarfélag starfsmanna sem starfa í almannaþjónustu og nær yfir allt landið. Félagið berst fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi 7000 félagsmanna sinna. Sjö af hverjum tíu félagsmönnum eru konur. Flestir félagsmanna sinna umönnunar-, heilbrigðis- eða skrifstofustörfum.

Frekari upplýsingar má fá á skrifstofu félagsins:
SFR - Grettisgata 89 - 105 Reykjavík - sími 525 8340 - sfr@sfr.is - www.sfr.is

ATARNA





## > Ísland tapaði fyrir Rússlandi

Kvennalandslið Íslands í handbolta tapaði fyrir heimsmeisturum Rússlands, 33-20, í öðrum leik sínum á hinu geysisterka Möbelringen Cup-æfingamóti í Noregi í gær. Ísland byrjaði mjög vel og leiddi leikinn með þremur mörkum um tíma í fyrri hálfleik, 7-4, en staðan var 15-13 Rússum í vil í hálfleik. Heimsmeistararnir sigldu svo jafnt og þétt fram úr í seinni hálfleik og unnu að lokum með yfirburðum. Hanna G. Stefánsdóttir var atkvæðamest hjá Íslandi með fimm mörk en Hrafnhildur Skúladóttir kom næst með þrjú. Ísland leikur lokaleik sinn á mótinu í dag gegn Danmörk.



# sport

sport@frettabladid.is

ARON KRISTJÁNSSON: HAUKAR TÖPUÐU GEGN VESZPRÉM Í LOKALEIK SÍNUM Í MEISTARADEILDINNI Í HANDBOLTA

## Leikmennirnir eiga hrós skilið fyrir framgönguna

Ævintýri Hauka í Meistaradeild Evrópu lauk í gær þegar liðið tapaði, 34-25, gegn ungverska stórliðinu Veszprém í algjörum úrslitaleik um farseðilinn í 16-liða úrslit keppninnar. Aron Kristjánsson var að vonum stoltur af framgöngu Hafnarfjarðarliðsins í keppninni þrátt fyrir tapið.

„Þetta var hörkuleikur og níu marka tap gefur ekki alveg rétta mynd af því hvernig þetta var að spilast. Fyrri hálfleikurinn var jafn og framan af voru þeir að leiða með einu marki og við að jafna og þannig gekk þetta þangað til þeir náðu góðum kafla í lok hálfleiksins og komust yfir í 16-12. Eftir stundarfjórðung af seinni hálfleik vorum við enn þá inni í leiknum og héldum í við þá og vorum að spila þokkalega vel. Það er ekki í raun fyrr en á síðustu fimm mínútunum sem við afhendum þeim sigurinn með því að gera þrjá tæknifeila á stuttum kafla, tvo þegar við erum einum leikmanni fleiri inni á vellinum. Þess vegna endar þetta í níu marka mun en fjögur til sex mörk hefðu verið mun eðlilegri miðað við gang leiksins,“ segir Aron.



„Þetta er auðvitað einn erfiðasti útivöllur í heimi og það var þvílík stemning á pöllunum og löngu uppselt á leikinn. Þeir auglýstu þetta auðvitað sem algjöran úrslitaleik í riðlinum, sem þetta var og það virtist meiri áhugi þarna úti fyrir þessum leik en heima. Þetta var í fyrsta skipti síðan riðlakeppni Meistaradeildarinnar hófst að íslenskt lið átti möguleika á að komast áfram í síðustu umferð riðlakeppninnar og ég er því mjög stoltur af framgöngu strákanna og leikmenn mínir eiga hrós skilið,“ segir Aron.

Haukar enduðu í þriðja sæti riðilsins eftir að hafa unnið tvo af þremur heimaleikjum sínum, gegn Veszprém og Zaporozhye, sem þýðir að liðið kemur nú inn í fjórðu umferð Evrópukeppni bikarhafa.

„Það verður dregið í Evrópukeppni bikarhafa á þriðjudaginn og við eigum svo að spila þar í febrúar og það verður spennandi að sjá hvaða liði við mætum þar. Vonandi að við verðum heppnir með mótherja,“ segir Aron að lokum.

## ÚRSLIT

### Meistaradeildin í handbolta

Veszprém-Haukar 34-25 (16-12)

**Mörk Hauka:** Elías Már Halldórsson 5, Andri Stefan Guðrúnarson 4, Kári Kristján Kristjánsson 4, Sigurbergur Sveinsson 4, Einar Örn Jónsson 3, Freyr Brynjarsson 2, Pétur Pálsson 2, Gunnar Berg Viktorsson 1.

### Möbelringen Cup

Rússland-Ísland 33-20 (15-13)

**Mörk Íslands:** Hanna G. Stefánsdóttir 5, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Ágústa Edda Björnsdóttir 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Dagný Skúladóttir 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1.

### Iceland Express-deild kvk.

KR-Fjölnir 80-47 (41-15)

**Stig KR:** Guðrún Ósk Ámundadóttir 25, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 10 (7 frák.), Heiðrún Kristmundsdóttir 9 (6 frák., 3 stoðs.), Hildur Sigurðardóttir 9 (16 frák., 7 stoðs.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9 (7 frák., 4 stoðs.), Guðrún Arna Sigurðardóttir 6, Brynhildur Jónsdóttir 3, Þorbjörg Friðriksdóttir 3, Helga Einarsdóttir 2, Rakel Viggósdóttir 2, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir 2

**Stig Fjölnis:** Ashley Bowman 14, Bergdís Ragnarsdóttir 11, Eva M. Emilsdóttir 6 (12 frák.), Efemía Sigurbjörnsdóttir 6, Erla Sif Kristinsdóttir 5, Eva M. Grétarsdóttir 3, Birna Eiríksdóttir 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. Haukar** | **7** | **6** | **1** | **494-432** | **12** |
| 2. Keflavík | 7 | 5 | 2 | 565-458 | 10 |
| **3. Hamar** | **7** | **5** | **2** | **553-455** | **10** |
| 4. KR | 7 | 4 | 3 | 464-442 | 8 |
| **5. Grindavík** | **7** | **3** | **4** | **487-486** | **6** |
| 6. Valur | 7 | 3 | 4 | 410-420 | 6 |
| **7. Fjölnir** | **7** | **1** | **6** | **385-562** | **2** |
| 8. Snæfell | 7 | 1 | 6 | 431-534 | 2 |

# FH-ingar voru slegnir út af laginu

**HK-ingar náðu að leggja spútniklið FH-inga að velli, 28-32, í N1-deild karla í gær. Slæmur leikkafli Hafnfirðinga í upphafi síðari hálfleiks varð þeim að falli og HK er nú komið upp að hlið FH í þriðja sætinu.**

**HANDBOLTI** HK sýndi styrk sinn með sannfærandi sigri, 28-32, gegn nýliðum FH í Digranesi í gær og hefur Kópavogsliðið nú unnið báða leiki félaganna í N1-deildinni í vetur.

FH-ingar byrjuðu leikinn reyndar af miklum krafti en HK-ingar tóku sér smátíma til þess að finna taktinn og voru skrefinu á eftir gestunum til þess að byrja með.

HK-ingar reyndu svo að hefta sóknarflæði hinna spræku Hafnfirðinga með því að taka ungstirnið Aron Pálmarsson úr umferð og það virtist ekki ætla að skila miklu þar sem Ólafur Guðmundsson steig upp og skoraði grimmt auk þess sem Örn Ingi Bjarkason, sonur landsliðskempunnar Bjarka Sigurðssonar, kom inn á og skoraði fimm mörk í fyrri hálfleik. Gunnar Steinn Jónsson var þá áberandi í sóknarleik HK en staðan var 14-15 FH-ingum í vil í hálfleik.

Snemma í seinni hálfleik fór sóknarleikur FH hins vegar að hiksta og leikmenn HK kunnu vel að nýta sér það og skoruðu sex mörk í röð, flest úr hraðaupphlaupum, og breyttu stöðunni úr 15-16 í 21-16.



**STÓRLEIKUR** Þrettán mörk stórskyttunnar Ólafs Guðmundssonar dugðu FH-ingum ekki til sigurs í Digranesi í gær þar sem heimamenn í HK unnu verðskuldað sigur, 32-28, í N1-deild karla í handbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það er skemmst frá því að segja að gestirnir náðu aldrei að jafna sig eftir þennan leikkafla og HK vann að lokum, sigurnn var verðskuldaður, 28-32.

Gunnar Magnússon, þjálfari HK, var gríðarlega ánægður með sigurinn í leikslok í gær og HK-ingar lögðu höfuðáherslu á að stoppa Aron Pálmarsson og það gekk ágætlega upp hjá þeim.

„Við veðjuðum á að taka Aron [Pálmarsson] úr umferð nánast alveg frá byrjun í von um að aðrir leikmenn liðsins myndu ekki ná að stíga almennilega fram en það var ekki alveg að ganga í fyrri hálfleik þar sem Ólafur [Guðmundsson] reyndist okkur erfiður. Í seinni hálfleik fór hins vegar að fjara undan þessu hjá þeim og við náðum góðu forskoti sem við gáfum ekki frá okkur á lokakaflanum. Þetta gekk því upp í þetta skiptið en ég veit ekki til þess að önnur lið hafi verið að gera þetta gegn þeim hingað til. FH-ingar eru með frábært lið og eru réttilega búnir að fá mikla athygli í vetur en við vorum ákveðnir í því að ná þeim aðeins niður á jörðina og það tókst,“ segir Gunnar.

Elvar Erlingsson, þjálfari FH, var svekktur yfir leik sinna manna en horfir bjartsýnn fram á veginn.

„Ég er allt annað en sáttur með spilamennsku minna manna í upphafi síðari hálfleiks þegar við skautum okkur bara út úr leiknum. Menn virtust bara gleyma því hvernig á að senda og grípa og við misstum þá langt fram úr okkur. Þetta var kjaftshögg fyrir okkur en það er ekki spurt hversu mörg kjaftshögg maður fær, heldur hvort maður standi upp eftir þau og við ætlum að gera það strax í næsta leik,“ segir Elvar.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

HK-FH 32-28 (14-15)

**Mörk HK (skot):** Valdimar Fannar Þórsson 7/1 (12/3), Gunnar Steinn Jónsson 6 (8), Ragnar Hjatested 6 (9), Brynjar Hreggviðsson 6 (10), Arnar Þór Sæþórsson 3 (3), Einar Ingi Hrafnsson 2 (2), Jón Björgvin Pétursson 1 (2), Ásbjörn Stefánsson 1 (6), Sigurgeir Árni Ægisson 0 (2).

**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 17 (45, 38%)

**Hraðaupphlaup:** 5 (Ragnar 2, Valdimar Fannar 2, Brynjar)

**Fiskuð víti:** 3 (Ragnar, Valdimar Fannar, Arnar Þór)

**Utan vallar:** 6 mínútur

**Mörk FH (skot):** Ólafur Guðmundsson 13 (23), Örn Ingi Bjarkason 5 (10), Aron Pálmarsson 4 (9), Ásbjörn Friðriksson 3 (5), Sigurður Ágústsson 2 (2), Guðmundur Pedersen 1 (7), Þorkell Magnússon 0 (2).

**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 10 (35/1, 29%), Daníel Andrésson 5 (12, 42%)

**Hraðaupphlaup:** 4 (Ólafur 2, Ásbjörn, Örn Ingi)

**Fiskuð víti:** 0

**Utan vallar:** 4 mínútur




## Er lögheimili þitt rétt skráð í þjóðskrá?

**Nú er unnið að frágangi íbúaskrár 1. desember. Mikilvægt er að lögheimili sé rétt skráð í þjóðskrá.**

**Hvað er lögheimili?**
Samkvæmt lögheimilislögum er lögheimili sá staður, þar sem maður hefur fasta búsetu.

**Hvað er föst búseta?**
Föst búseta er á þeim stað þar sem maður hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er. Þetta þýðir að lögheimili manns skal jafnan vera þar sem hann býr á hverjum tíma.

**Hvenær og hvar skal tilkynna flutning?**
Breytingu á lögheimili ber að tilkynna innan 7 daga frá flutningi til skrifstofu þess sveitarfélags sem flutt er til. Enn fremur má tilkynna flutning beint til Þjóðskrár.
Eyðublað vegna flutningstilkynninga er að finna á slóðinni
www.thjodskra.is/flutningstilkynning

**Þjóðskrá**
Borgartúni 24, 150 Reykjavík
Sími 569 2900, bréfsími 569 2949


KR vann Fjölni í lokaleik 7. umferðar Iceland Express-deildar kvenna í gær:

# Fjölnir átti aldrei möguleika

**KÖRFUBOLTI** KR bætti stöðu sína í fjórða sæti Iceland Express-deildar kvenna með auðveldum sigri á Fjölni, 80-47, 33 stiga mun, í DHL-höllinni í gær. KR skoraði tuttugu fyrstu stigin, var 20-1 yfir eftir fyrsta leikhlutann og 41-15 yfir í hálfleik og því voru úrslitin nánast ráðin í upphafi leiks.

Allir tólf leikmenn KR fengu að njóta sín í þessum leik, ellefu leikmenn komust á blað og allir leikmenn spiluðu í 8 til 24 mínútur. Guðrún Ósk Ámundadóttir átti mjög góðan leik í liði KR og skoraði 25 stig á 22 mínútum. Guðrún Ósk hitti úr 9 af 14 skotum sínum í leiknum og þar af fjórum af sjö þriggja stiga skotum sínum. Hildur Sigurðardóttir var líka öflug að vanda og tók meðal annars 16 fráköst á 24 mínútum. Heiðrún Kristmundsdóttir sýndi líka góð tilþrif þegar hún leysti Hildi af hólmi.

Fjölnir náði ekki að fylgja eftir góðum sigri á Snæfelli í síðustu viku og munaði þar miklu um framlag bandaríska bakvarðarins Ashleys Bowman, sem er stigahæsti leikmaður deildarinnar, en var gjörsamlega úti að aka í leiknum. Bowman skoraði aðeins 1 stig í fyrri hálfleik en endaði með 14 stig eftir að hafa skorað þau flest í lok leiksins. Bowman nýtti aðeins 5 af 28 skotum sínum í leiknum og endaði með -5 í framlagi.

Það var þó ein Fjölnisstúlka sem var að gera góða hluti en það var hin fimmtán ára Bergdís Ragnarsdóttir sem var með 11 stig og 10 fráköst og var yfirburðamaður hjá Fjölni í leiknum. Eva María Emilsdóttir átti líka ágæta spretti og var með 12 fráköst og 6 stig.

KR-konur þurfa væntanlega að hafa meira fyrir næsta leik sem er á heimavelli gegn Grindavík í DHL-höllinni á mánudagskvöldið. Það er mjög mikilvægur leikur í baráttunni um 4. sætið en með sigri væri KR komið með fjögurra stiga forskot og mun betri innbyrðisstöðu á Grindavíkurliðið. - óój



**ÖFLUG** Guðrún Ósk Ámundadóttir skoraði 25 stig í stórsigri KR á Fjölni í DHL-höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ný tónlist













Einnig fáanlegt




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| Chelsea-Newcastle | 0-0 |
| Liverpool-Fulham | 0-0 |
| Man. City-Arsenal | 3-0 |
| 1-0 Stepen Ireland (45.), 2-0 Robinho (56.), 3-0 Daniel Sturridge (90.). | |
| Middlesbrough-Bolton | 1-3 |
| 0-1 Grétar Rafn Steinsson (8), 0-2 Matthew Taylor (10.), 1-2 Emanuel Pogatetz (77.), 1-3 Johan Elmander (78.). | |
| Portsmouth-Hull | 2-2 |
| 1-0 Peter Crouch (20.), 1-1 Michael Turner (54.), 2-1 Glen Johnson (63.), 2-2 sjáflsmark (89.). Hermann Hreiðarsson sat allan leikinn á bekknum hjá Portsmoth. | |
| Stoke-WBA | 1-0 |
| 1-0 Mamady Sidibe (84.). | |
| Aston Villa-Man. Utd | 0-0 |

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Chelsea** | **14** | **10** | **3** | **1** | **32-4** | **33** |
| 2. Liverpool | 14 | 10 | 3 | 1 | 21-8 | 33 |
| **3. Man. Utd** | **13** | **7** | **4** | **2** | **25-10** | **25** |
| 4. Aston Villa | 14 | 7 | 3 | 4 | 22-16 | 24 |
| **5. Arsenal** | **14** | **7** | **2** | **5** | **25-18** | **23** |
| 6. Hull | 14 | 6 | 4 | 4 | 21-23 | 22 |
| --- | | | | | | |
| 18. Blackburn | 13 | 3 | 4 | 6 | 14-24 | 13 |
| **19. Tottenham** | **13** | **3** | **3** | **7** | **16-20** | **12** |
| 20. WBA | 14 | 3 | 2 | 9 | 10-25 | 11 |

### Coca Cola Championship

| | |
|---|---|
| Burnley-Doncaster | 0-0 |
| Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Burnley en var skipt af velli á 79. mínútu. | |
| Reading-Southampton | 1-2 |
| 0-1 Bradley Wright-Phillips (8.), 0-2 Bradley Wright-Phillips (49.), 1-2 Jimmy Kebe (57.). Ívar Ingimarsson lék allan leikinn með Reading og Brynjar Björn Gunnarsson síðustu sjö mínúturnar. | |
| Sheffield Wed.-Coventry | 0-1 |
| 0-1 Clinton Morrison (60.). Aron Einar Gunnarsson var ekki í leikmannahópi Coventry. | |
| Watford-QPR | 3-0 |
| 1-0 Tommy Smith (26.), 2-0 Darren Ward (34.), 3-0 Lee Williamson (45.). Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópi QPR. | |

### Skoska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| Hearts-Falkirk | 2-1 |
| 0-1 Steve Lovell (16.), 1-1 Bruno Agular (18.), 2-1 Andrew Driver (59.). Eggert Gunnþór Jónsson var í byrjunarliði Hearts en skipt út af á 60. mínútu. | |

### Spænska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| Real Madrid-Recreativo | 1-0 |
| 1-0 Wesley Sneijder (39.). | |
| Villarreal-Real Valladolid | 0-3 |
| 0-1 Sesma Jonathan (22.), 0-2 Sesma Jonathan (42.), 0-3 Luis Prieto (45.). | |

### Ítalska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| Fiorentina-Udinese | 4-2 |
| 0-1 Antonio Floro Flores (29.), 1-1 Adrian Mutu (51.), 2-1 Riccardo Montolivo (63.), 3-1 Riccardo Montolivo (77.), 4-1 Alberto Gilardino (79.), 4-2 Antonio Di Natale (83.). | |
| Inter-Juventus | 1-0 |
| 1-0 Sulley Muntari (71.). | |

# Markaþurrð hjá toppliðunum fimm

**Einstæður atburður átti sér stað í ensku úrvalsdeildinni í gær þegar ekkert af topp fimm félögunum náði að skora eitt einasta mark í leikjum sínum. Grétar Rafn skoraði eitt mark og lagði upp annað í sigri Bolton.**

**FÓTBOLTI** Toppliðunum Chelsea, Liverpool, Manchester United, Arsenal og Aston Villa mistókst öllum að finna leið að marki mótherja sinna í ensku úrvalsdeildinni í gær. Grétar Rafn Steinsson náði hins vegar að skora eitt mark í útisigri Bolton gegn Middlesbrough en Hermann Hreiðarsson var sem fyrr úti í kuldanum hjá knattspyrnustjóranum Tony Adams og kom ekkert við sögu í jafntefli Portsmouth gegn Hull.

Manchester City stal senunni í gær með því að niðurlægja Arsenal 3-0 á Borgarleikvanginum í Manchester en athygli vakti að fyrirliðinn William Gallas var ekki í leikmannahópi Lundúnafélagsins fyrir ummæli sín um ókyrrð í herbúðum Arsenal í vikunni. Til að bæta gráu ofan á svart þá vantaði einnig þá Cesc Fabregas, Emanuel Adebayor og Theo Walcott í leikmannahóp Arsenal.



FÖGNUÐUR Grétar Rafn Steinsson og félagar hans í Bolton höfðu ærna ástæðu til þess að fagna í gær þegar þeir unnu frækinn útisigur gegn Middlesbrough. Siglfirðingurinn skoraði eitt mark, sem er meira en leikmenn toppliðanna fimm gátu státað sig af í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



**HVAÐ ER MÁLIÐ?** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, fórnar höndum í markaleysinu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

City-menn nýttu sér greinilegt óöryggi í vörn Arsenal og hinn sjóðheiti Stephen Ireland skoraði fyrsta markið eftir mistök Gael Clichy á 45. mínútu. Hinn brasilíski Robinho bætti við öðru marki snemma í seinni hálfleik áður en varamaðurinn Daniel Sturridge innsiglaði sigurinn í blálokin úr vítaspyrnu.

„Þetta er held ég bara annar sigur okkar á Arsenal síðan enska úrvalsdeildin var stofnuð þannig að þetta er þýðingarmikill áfangi fyrir okkur. Við komum inn í leikinn með ákveðið skipulag til þess að stoppa flæðið í sóknarleik þeirra og mér fannst það takast mjög vel,“ segir Mark Hughes, knattspyrnustjóri Manchester City í leikslok í gær.

### Skotskórnir týndir

Toppliðin Chelsea og Liverpool gerðu hvort um sig markalaust jafntefli í gær, Chelsea á heimavelli á móti Newcastle og Liverpool á heimavelli gegn Fulham.

„Þeir reyndu ekki einu sinn að ógna marki okkar í leiknum og ætluðu bara að spila upp á jafnteflið og það gekk upp hjá þeim. Maður leiksins er því knattspyrnustjórinn þeirra,“ segir svekktur Luiz Felipe Scolari, knattspyrustjóri Chelsea.

Fernando Torres sneri aftur í byrjunarlið Liverpool en náði ekki að setja mark sitt á leikinn frekar en aðrir leikmenn á Anfield í gær.

„Þetta var slæmur dagur. Við spiluðum ekki með nógu miklum krafti og það vantaði mikið upp á sendingarnar hjá leikmönnum liðsins,“ segir Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool.

### Enn átta stigum á eftir

Englandsmeisturum Manchester United mistókst að saxa á átta stiga forskot Chelsea og Liverpool í gær og urðu að sætta sig við markalaust jafntefli við Aston Villa en United á einn leik til góða á hin liðin. Aston Villa skaust upp í fjórða sætið með jafnteflinu á kostnað Arsenal.

### Grétar maður leiksins

Grétar Rafn Steinsson gerði það sem öllum toppliðunum fimm mistókst og skoraði mark í 1-3 sigri Bolton gegn Middlesbrough. Grétar Rafn átti skalla sem hafði viðkomu í sóknarmanninum Kevin Davies á leið í markið strax á áttundu mínútu en Siglfirðingurin lagði svo stuttu síðar upp annað mark Bolton fyrir Matthew Taylor.

Grétar Rafn var valinn maður leiksins hjá BBC Sports í leikslok.

**omar@frettabladid.is**


# Borgarholtsskóli

**býður upp á nám með starfi**

**Síðdegisnám** fyrir:

Leiðbeinendur í leikskóla
Skólaliða
Stuðningsfulltrúa
Félagsliða

Kennt verður virka daga kl. $15^{00}$–$17^{40}$.

**Innritun í síðdegisnám lýkur 3. desember og kennsla hefst 12. janúar.**

**Dreifnám** (fjarnám með staðbundnum lotum) fyrir:

Leiðbeinendur í leikskóla
Skólaliða
Stuðningsfulltrúa
Félagsliða

Félags- og tómstundanám ***NÝTT***

**Á lista- og fjölmiðlasviði** er boðið upp á dreifnám í:
Bókasafnstækni
Margmiðlun

**Innritun í dreifnám lýkur 3. desember og kennsla hefst 9. janúar.**

**Nánari upplýsingar eru á www.bhs.is**
**Borgarholtsskóli við Mosaveg, sími 535 1700**


Þrjú Íslandsmet féllu á ÍM í 25 metra laug í gær:

# Jakob með tvö met

**SUND** Jakob Jóhann Sveinsson úr sundfélaginu Ægi fór á kostum á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug í Laugardalslaug í gær þegar hann setti tvö Íslandsmet, í 50 metra bringusundi og í 100 metra bringusundi. Kvennaboðsundssveit Sundfélagsins Ægis náði einnig að bæta Íslandsmet í 4x50 metra fjórsundi.

Jakob Jóhann bætti til að byrja með eigið Íslandsmet í 50 metra bringusundi. Það gerði hann í undanrásum í 100 metra bringusundi þegar hann synti á tímanum 28,09 sekúndur og bætti metið um þrettán hundraðshluta.

Jakob Jóhann var ekki hættur því í úrslitasundinu í 100 metra bringusundi synti hann á rétt rúmri mínútu eða 1:00,18 og bætti þar með eigið Íslandsmet á glæsilegan hátt um þriðjung úr sekúndu. Jakob Jóhann var ánægður með metabætingarnar þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær en kvaðst hafa viljað gera enn betur.

„Ég er auðvitað mjög ánægður með að ná að setja Íslandsmetin. En það er nú samt alltaf eitthvað sem má betur fara og ég var pirraður með að ná ekki að fara undir mínútuna í 100 metra bringusundinu sem var takmarkið hjá mér. Ég byrjaði kannski aðeins of hratt í 100 metra bringusundinu og snúningarnir hefðu getað verið betri en eins og ég segi þá er það alltaf eitthvað sem má betur fara,“ segir Jakob Jóhann.

Kvennaboðsundssveit Sundfélagsins Ægis bætti svo eigið Íslandsmet í 4x50 metra fjórsundi í gær með tímanum 1:58,22 en gamla Íslandsmetið frá árinu 2006 var 1:58,98. Sundsveitina skipuðu þær Jóhanna Gerða Gústafsdóttir, Sarah Blake Bateman, Ásbjörg Gústafsdóttir og Karen Sif Vilhjálmsdóttir. **- óþ**




**JAKOB JÓHANN** Bætti tvö Íslandsmet á Íslandsmeistaramótinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

70.7%

33.4%




# Fréttablaðið stendur upp úr

## Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

**> Michael C. Hall**

„Fólk hvíslar því að mér að því líki vel við Dexter. Það þorir ekki að segja það upphátt.“ Hall leikur dagfarsprúða morðingjann Dexter í samnefndum þætti sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SETUR FRAM SAMSÆRISKENNINGU

# Fjölritaður forsætisráðherra

Mér er það til efs að nokkur maður í Íslandssögunni hafi verið undir jafnmiklu álagi og forsætisráðherrann Geir H. Haarde. Nema ef vera skyldi Davíð Oddsson sem ofelur ketti í Skerjafirðinum.

Þau viðtöl sem Geir hefur mætt í á undanförnum 57 dögum eru sennilega vel á annað hundrað. Ekki bara við íslenska fjölmiðla heldur líka við erlend blöð og fréttaveitur. Óhjákvæmilega veltir maður því fyrir sér hvernig Geir hafi eiginlega tíma til að skipuleggja rústabjörgunina þegar hann þarf að sinna öllum þessum viðtölum. Og þegar ég sá beina útsendingu frá flokksfundi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri runnu á mig tvær grímur og ég velti því fyrir mér hvort það gæti verið að Geir væri fjölfaldaður? Því þar stóð Geir H. Haarde og svaraði spurningum, samviskusamlega.

Geir var nefnilega mættur aftur í Kastljósið á fimmtudagskvöldið. Sennilega í fimmta skiptið síðan bankarnir hrundu með manni og mús. Hið sérkennilega er að þrátt fyrir öll þessi viðtöl, hefur Geir lítið sagt nýtt. Því hafa kviknað grunsemdir um að Kári Stefánsson hafi ljósritað forsætisráðherrann í nokkrum eintökum. Tækninni hafi hins vegar ekki fleygt fram meira en svo að fjölfaldaður Geir getur bara sagt sömu setningarnar aftur og aftur: „Við megum ekki leita að sökudólgum,“ og „Ég treysti seðlabankastjóra.“

Hvort útgáfa númer 21 eða 35 hafi mætt í Kastljósið skal ég hins vegar ekkert fjölyrða um. Mín tillaga er hins vegar sú að gömlu týpurnar sem framleiddar voru á fyrstu dögum bankahrunsins verði teknar úr umferð og nýjar fengnar í staðinn. Með nýjum setningum, frösum og yfirlýsingum. Þá gæti kannski kviknað von í hjörtum Íslendinga um að eitthvað nýtt væri að fara gerast, að einhverra breytinga væri að vænta.



**ERTU FJÖLRITAÐUR?** Geir H. Haarde er að öllum líkindum fjölritaður en skipta þarf um og fá nýjar týpur í stað hinna

## EKKI MISSA AF



▶ **17.50 Barcelona - Getafe, BEINT** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.55 Sjálfstætt fólk** STÖÐ 2



▶ **21.00 Law & Order. SVU** SKJÁREINN



▶ **21.30 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga ligga lá og Júlía.

**11.05 Gott kvöld** (e)

**11.55 Frá Oakland til Íslands - Hipphopp heimkoma** (From Oakland to Iceland - A Hip Hop Homecoming) (e)

**12.30 Silfur Egils**

**13.55 Líf með köldu blóði** (Life in Cold Blood) (4:5) (e)

**14.45 Martin læknir** (Doc Martin) (3:7)

**15.35 Alice Babs** (Naturröstens hemlighet - Alice Babs)

**16.55 Hvað veistu? - Hófleg streita** (Viden om: Den gode stress)

**17.25 Táknmálsfréttir**

**17.35 Hetja?**

**17.50 Risto** (13:13) (e)

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Spaugstofan** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

▶**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** Gestur Evu Maríu er Sirrý Geirs.

**20.20 Sommer** (Sommer) (4:10) Danskur myndaflokkur.

**21.25 Verið þið sælir strákar** (Goodbye Bafana) Bíómynd frá 2007 .

**23.20 Hringiða** (Engrenages) (8:8) Franskur sakamálamyndaflokkur.

**00.10 Silfur Egils** (e)

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Who Framed Roger Rabbit**

**10.00 Ghost**

**12.05 Little Manhattan**

**14.00 Eulogy**

**16.00 Who Framed Roger Rabbit**

**18.00 Ghost**

**20.05 Little Manhattan** Gabe er tíu ára. Foreldrar hans standa í skilnaði og honum finnst lífið ansi flókið. Ekki batnar það Þegar hann kynnist Rosemary í karatetíma og verður skotin í henni.

**22.00 Deja Vu**

**00.05 Jagged Edge**

**02.00 Caos and Cadavers**

**04.00 Deja Vu**

**06.05 The Big Nothing**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu og Litla risaeðlan.

**08.05 Algjör Sveppi** Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Doddi litli og Eyrnastór, Svampur Sveinsson, Áfram Diego Áfram! og Könnuðurinn Dóra

**10.00 Adventures of Sharkboy and Lavagirl 3-D**

**11.30 Latibær** (15:18)

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Neighbours**

**12.55 Neighbours**

**13.15 Neighbours**

**13.35 Neighbours**

**13.55 Neighbours**

**14.20 Chuck** (12:13)

**15.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (5:10)

**15.45 Logi í beinni**

**16.30 The Daily Show. Global Edition**

**16.55 Oprah**

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Mannamál** Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli.

▶**19.55 Sjálfstætt fólk** (10:40) Jón Ársæll fylgdi forsætisráðherra Geir H Haarde eftir eins og skuggi og kynntist lífinu í innstu herbúðum okkar Íslendinga á erfiðum tímum. Hann deilir þessari einstöku reynslu sinni með þjóðinni í þættinum í kvöld.

**20.30 Dagvaktin** (10:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

**21.05 Numbers** Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.

**21.50 Fringe** (7:22)

**22.40 60 mínútur**

**23.25 Prison Break** (8:22)

**00.10 Journeyman** (6:13)

**00.55 Mannamál**

**01.40 Low Winter Sun**

**02.55 Low Winter Sun**

**04.10 Fantastic Voyage**

**05.50 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.00 Gillette World Sport**

**09.30 Spænski boltinn** Útsending frá leik Real Madrid og Recreativo.

**11.15 Box** Útsending frá bardaga Ricky Hatton og Paul Malignaggi.

**12.45 Spænski boltinn** Útsending frá leik Sevilla og Valencia.

**14.30 2008 Ryder Cup Official Film** Ryder keppnin 2008 skoðuð í máli og myndum.

**15.50 NBA - Bestu leikirnir** Útsending frá sjötta leik Chicago Bulls og Utah Jazz í úrslitarimmu NBA árið 1997.

**17.20 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

▶**17.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Getafe.

**19.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**20.30 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**21.00 NFL deildin** Bein útsending frá leik Arizona og New York í NFL deildinni.

**00.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Getafe.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og WBA.

**09.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Newcastle.

**10.40 PL Classic Matches** Leeds - Tottenham, 2000.

**11.10 PL Classic Matches** Leeds - Man United, 2001.

**11.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**12.10 4 4 2**

**13.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Tottenham og Blackburn.

**15.20 PL Classic Matches** Tottenham - Everton, 2002.

**15.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Sunderland og West Ham.

**18.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Man. Utd.

**19.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Arsenal.

**21.20 4 4 2**

**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Fulham.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**12.50 Vörutorg**

**13.50 Dr. Phil** (e)

**14.35 Dr. Phil** (e)

**15.20 Dr. Phil** (e)

**16.05 The Contender** (1:10) (e)

**17.00 Innlit / Útlit** (9:14) (e)

**17.50 What I Like About You** (18:22) (e)

**18.20 Frasier** (18:24) (e)

**18.45 Singing Bee** (10:11) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (27:42)

**20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (14:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna.

▶**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (15:22) Móðir barns sem er saknað fremur sjálfsmorð eftir að hún er borin þungum sökum í sjónvarpi. Leitin að barninu ber engan árangur en DNA-gögn veita vísbendingar sem gætu varpað nýju ljósi á málið, sem byggt er á sönnum atburðum.

**21.50 Dexter** (2:12) Eitthvað verður að láta undan þegar Debra, saksóknarinn Miguel Prado og Dexter eltast öll við sama raðmorðingjann, sem drap yngri bróður saksóknarans. Heima fyrir stendur Dexter frammi fyrir stórri ákvörðun.

**22.40 CSI. Miami** (8:21) (e)

**23.30 Sugar Rush** (2:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlku og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gröð og lesbísk í nútímasamfélagi.

**00.00 Óstöðvandi tónlist**

**01.00 The American Music Awards** Almenningur velur hvaða tónlistarmenn eru heiðraðir í fjölmörgum flokkum tónlistar. Þetta er 36. sinn sem þessi verðlaunahátíð er haldin. Kynnir á hátíðarinnar er grínistinn Jimmy Kimmel.

**04.00 Vörutorg**

**05.00 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15** Valið endursýnt efni frá liðinni viku. Endurtekið á klst. fresti.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.50**
**Fringe**



Hörkuspennandi, ógnvekjandi og meinfyndin þáttaröð frá J.J. Abrams, aðalhöfundi Lost. Olivia Dunham alríkisfulltrúi og vísindamaðurinn Peter Bishop þurfa að sameina krafta sína til að útskýra röð óútskýrðra fyrirbæra sem ógna mannkyninu áður en það verður of seint. Þáttunum hefur verið lýst sem blöndu af X-Files, Twilight Zone, Lost og CSI. Stökkbreytt sníkjudýr kemur sér fyrir í hjarta lögreglumanns og Dunaham leitar upplýsinga í Þýskalandi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Verið þið sælir strákar (Goodbye Bafana)**
**Sjónvarpið kl. 21.25**

Sannsöguleg kvikmynd frá árinu 2007 um hvítan Suður-Afríkubúa sem var þjakaður af kynþáttafordómum en kynni hans af svörtum fanga sem hann gætti í 20 ár ollu því að honum snerist hugur. Fanginn hét Nelson Mandela. Leikstjóri myndarinnar er Bille August og meðal leikenda eru Joseph Fiennes, Dennis Haysbert og Diane Kruger.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Lárétt eða lóðrétt
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Fríkirkjunni í Reykjavík
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Brynja
**14.00** Útvarpsleikhúsið Besti vinur hundsins: Spunakonan
**15.00** Hvað er að heyra?
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (61:260)
**15.55 Hollyoaks** (62:260)
**16.20 Hollyoaks** (63:260)
**16.45 Hollyoaks** (64:260)
**17.10 Hollyoaks** (65:260)
**18.00 Seinfeld** (1:24)
**18.30 Seinfeld** (2:24)
**19.00 Seinfeld** (11:24)
**19.30 Seinfeld** (12:24)
**20.00 My Bare Lady** (3:4) Fjórar klámmyndaleikstjörnur frá Bandaríkjunum fá tækifæri á að spreyta sig í virtum leiklistarskóla í Bretlandi og fá hlutverk í alvöru leikhúsi.
**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíðindað á hressilegan hátt.
▶ **21.30 My Boys** (10:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.
**22.00 Justice** (8:13) Þættirnir sem gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu.
**22.45 Seinfeld** (1:24)
**23.10 Seinfeld** (2:24)
**23.35 Seinfeld** (11:24)
**00.00 Seinfeld** (12:24)
**00.25 Sjáðu**
**00.50 Kenny vs. Spenny** (11:13)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**19.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen.
**21.00 Vitleysan** Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.
**23.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir.

## DR 1

**10.00** Gambler **10.30** Plan dk **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Tjenesten de luxe **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sommer **15.00** Help! **16.30** Sigurds Bjørnetime **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** OBS **18.05** Gnuernes lange vandring **19.00** Sommer **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Columbo **22.25** Elephant

## NRK 1

**10.35** Sport i dag **10.50** V-cup langrenn **12.55** Sport i dag **13,00** V-cup skøyter **16.00** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Hvor er Alf! **17.15** Gubben og Katten **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Den syngende bydelen **19.45** En livskraftig planet **20.35** Etter bryllaupet **22.35** Kveldsnytt **22.50** Detektiv Jack Frost

## SVT 1

**09.20** Längd. Världscupen Gällivare **13.00** Packat & klart **13.30** Toppform **14.00** Dom kallar oss artister **14.30** Dansbandskampen **16.00** Ridsport. Världscuphoppning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Jekyll **21.10** VeteranTV **21.40** Lev ännu längre **22.10** Byss **22.25** Brottskod. Försvunnen **23.05** Carin




## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann er það sem við köllum eðlissterkur. Það er eitthvað sem menn eru fæddir með, held ég. Ég er rosalega stolt af honum, alveg í sjöunda himni. Hann er sérlega góður drengur, staðfastur, ákveðinn og með góða lund.“*

Sigríður Bjarnadóttir, móðir heimsmeistarans Páls Logasonar eða Palla fermeters, sem lyfti heilu tonni á HM í kraftlyftingum.

## HIN HLIÐIN EYGLÓ HARÐARDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR

# *Dreymir um sjálfbært Ísland*

**Hvað er að frétta?** Gjaldþrot fjármálakerfisins, óstarfhæf ríkisstjórn og 1.400 milljarða króna bakreikningur vegna bankafyllerísins. Og þeir sem bera ábyrgð sitja sem fastast.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Alþingismaður frá og með fimmtudeginum.
**Fjölskylduhagir:** Gift Sigurði E. Vilhelmssyni framhaldsskólakennara. Eigum tvær stelpur, Snæfríði Unni tveggja ára og Hrafnhildi Ósk átta ára.
**Hvaðan ertu?** Fædd í Reykjavík, ættuð af Suðurlandinu og búsett í Vestmannaeyjum.
**Ertu hjátrúarfull?** 7, 9, 13, já.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Law & Order SVU.
**Uppáhaldsmaturinn:** Indverski maturinn sem maðurinn minn eldar.
**Fallegasti staðurinn:** Suðurkjördæmi; Heimaey á fallegu sumarkvöldi, Jökulsárlónið, Þórsmörk, Skógræktarsvæðið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Bláa lónið, Gullfoss og Þingvallavatn.
**iPod eða geislaspilari:** iPod.
**Hvað er skemmtilegast?** Að sjá hugmyndir manns verða að raunveruleika.
**Hvað er leiðinlegast?** Að hafa ekkert að gera.
**Helsti veikleiki:** Alltaf allt of mikið að gera.
**Helsti kostur:** Hugmyndarík og framkvæmdaglöð.
**Helsta afrek:** Að gera ekki neitt í tvo mánuði á meðgöngudeildinni á meðan ég beið eftir yngri dóttur minni.
**Mestu vonbrigðin?** Ríkisstjórnin.
**Hver er draumurinn?** Sjálfbært Ísland og fullt af nýjum störfum!
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Siggi minn, alveg ótrúlegt að geta alltaf hlegið að bröndurunum hans.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Undirferli og óheiðarleiki.
**Hvað er mikilvægast?** Að fólk hafi vinnu, geti hlúð að sér og sínum og gert áætlanir til framtíðar.






**HIMINHÁTT GENGI DOLLARSINS ÓGNAR FLÓRÍDAFERÐ** Stjáni Stuð með Soffíu eiginkonu sinni. Þróun efnahagslífsins ræður hvort þau komast í Disneyland.
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

# *Kreppan ógnar Disney-draumi Stjána stuðs*

„Mér líst ekkert á blikuna. Mér finnst rosalega hallærislegt hvað allt hefur hækkað og svoleiðis,“ segir Kristján Þórðarson, sem landsþekktur er sem útvarpsmaðurinn Stjáni stuð. „Ég verð fertugur á næsta ári og var fyrir löngu búinn að ákveða að bjóða konunni minni, henni Soffíu, og bróður mínum og konunni hans til Orlando að skoða Disneyland og fleira. Það var ekkert mál fyrir mig, enda á ég nóg af peningum. En þá kom þessi kreppa og nú veit ég ekkert hvernig þetta fer. Mig langar rosalega, en ef dollarinn verður áfram svona hár veit ég bara hreinlega ekki hvernig þetta endar. Maður getur ekki annað en beðið og séð hvernig spilast úr þessu.“

Stjáni nær hinum virðulega aldri hinn 31. maí næstkomandi og áætlaði að leggja í hann til Flórída fjórum dögum síðar. „Ég hef komið í Disneyland í París og það var mjög gaman. Ég held samt að Disneyland í Orlando sé enn skemmtilegri staður. Ég held bara svei mér þá að það hafi verið draumur minn alla ævi að komast þangað.“

Þótt ferðin sé í uppnámi vegna efnahagshrunsins er Stjáni harðákveðinn í að afmælisveislan verði frábær – „Ég er búinn að leigja sal í Stangarhyl og bóka fullt af böndum,“ segir kappinn. En hvað með frekari afrek á öldum ljósvakans?

„Ég er alltaf að reyna að komast í útvarpið aftur og gefst ekkert upp. Ég hef fengið tilboð frá einni stöð en ég vil ekki vinna kauplaust. Þá sleppi ég því nú frekar.“ **- drg**

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum af síðu 8.

1. Prince of Persia: Sand of Time
2. Björn Jörundur Friðbjörnsson
3. Hillary Clinton

visir.is
...ég sá það á visir.is

## GUNNI&SAMMI: GERA AUGLÝSINGU FYRIR RÚSSNESKT SÍMAFYRIRTÆKI

# Rússar í Landmannalaugum

„Á íslenskan mælikvarða er þetta stór auglýsing. Eins viðamikil í framleiðslu og þær verða. En hún telst ekkert risastór á rússneskan mælikvarða,“ segir Samúel Bjarki Pétursson auglýsingaleikstjóri.

Leikstjóradúettinn Samúel og Gunnar Páll Ólafsson, sem enginn þekkir undir öðru nafni en Sammi&Gunni, hafa nýlokið gerð auglýsingar sem rússneskir sjónvarpsáhorfendur fengu barið augum á rússneskum sjónvarpsskjám í gær. Auglýsingin er fyrir fyrirtækið Beeline sem er eitt þriggja langstærstu símafyrirtækja Rússlands. Auglýsinguna gerðu þeir Sammi&Gunni fyrir hina auglýsingastofuna BBDO sem er sú öflugasta í Rússlandi

„Já, við erum að koma með gjaldeyrinn heim strax. Í smáskömmtum,“ segir Sammi og kímir en þeir félagar hafa áður gert auglýsingu fyrir Rússana en þá var það auglýsing fyrir annað símafyrirtæki sem heitir Megaphone.

Fjórir Rússar komu gagngert til landsins til að vera við tökur auglýsingarinnar en hún var tekin í Landmannalaugum í síðustu viku. „Verið var að líkja eftir japanskri laug en þar dvelja einhverjir mjög frægir snjóapar. Það er enginn snjór í Japan núna þannig að við endurskópum laugina og svo fengum við sent myndefni með öpunum sem varð að passa við það sem við tókum. Áhorfandinn á sem sagt að trúa því að þetta sé skotið á sama stað á sama tíma,“ segir Sammi. Og Jónbi Guðmundsson framleiðandi bætir við: „Þessir snjóapar búa einungis í Japan á ákveðnu fjallasvæði og hanga í svona heitum laugum. Við eltum sem sagt umhverfi þeirra sem er ansi líkt Landmannalaugum. Eddi Eldur smíðaði nokkra steina sem við bættum inn í á staðnum og voilà!, allt virkaði. Svo settum við Svein „Dóa“ Geirsson í hverinn og létum hann spjalla í síma og aparnir bættust við í eftirvinnslu.“

Að sögn Samma voru Rússarnir ótrúlega hrifnir af landinu sem lýsti sér til dæmis í því að saman fóru þeir til Danmerkur til að láta litaleiðrétta filmuna. Þá vildu Rússarnir komast sem fyrst heim. „Og voru þá að tala um Ísland en ekki Rússland.“

jakob@frettabladid.is



**SVEINN „DÓI“ GEIRSSON** Lætur fara vel um sig í Landmannalaugum en eftir er að bæta hinum japönsku öpum inn í myndina.



**GUNNI VIÐ LANDMANNALAUGAR** Tökum lauk í síðustu viku en Rússarnir sem komu vegna auglýsingarinnar voru yfir sig hrifnir.



**SAMMI Á „SETTINU“** Auglýsingin er risastór á íslenskan mælikvarða en í Landmannalaugum endurskópu menn laug sem í sækja japanskir snjóapar.




Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is


# Setið fyrir frægum á ferð

Facebook-grúppan „Frægir á ferð“ hefur vakið mikla athygli að undanförnu. Þar má sjá myndir af frægum Íslendingum á ferð í bænum.

„Við Gummi kærastinn minn vorum á rúntinum einn laugardaginn og datt í hug að taka myndir af frægum á ferð,“ segir Jón Þór Þorleifsson pródúser. „Við rákumst á fullt af frægum og settum svo myndirnar sem við tókum á Facebook-síðu sem við stofnuðum sérstaklega. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og við höfum bæði fengið fleiri myndir frá fólki út í bæ og þeir frægu hafa kommentað á þetta líka. Óskar Jónasson sagði til dæmis að nú þyrfti hann að fá sér Lexus með dökkum rúðum eftir að við náðum mynd af honum á hjólinu sínu á Hlemmi.“

Önnur fræg fórnarlömb eru meðal annars Lalli Johns, sem var á tali við hettuklæddan mann við pósthúsið í Austurstræti, Bjarni Ara að fara inn á Skólabrú og Egill og Tinna að koma út úr Melabúðinni. „Það er engin leið að sjá að þetta eru þau á myndinni og það er þemað hjá okkur: að þetta séu „vondar myndir“. Það má alls ekki sjást vel í fólkið svo þetta sé ekki einhver „paparazzi“-fílingur.“ Jón Þór hvetur fólk til að senda sér myndir. „Það er mjög skemmtilegur leikur á rúntinum að taka myndir af frægum. Þetta er bara til gamans gert og algjörlega tilgangslaust. Svo viljum við ekki sjá neinar bögg-myndir, fyllirísmyndir eða eitthvað svoleiðis.“ **- drg**



**Í SÍMANUM Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG** Jakob Frímann í símanum.



**SKEMMTILEGUR LEIKUR Á RÚNTINUM** Jón Þór Þorleifsson hefur stofnað Facebook-síðu með myndum af frægum á ferð.

# Við ætlum að koma til móts við okkar viðskiptavini og veita 25% afslátt af öllum vörum til jóla

## Verið velkomin

Ondvegi heima mood BÚUM BETUR SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

## Opið í dag, sunnudag kl. 13-16.

sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur



**25%**





hillur
skrifborðsstólar
skrifborð





rúm
kommóður
fatastandar
rúmfatnaður
teppi



glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur



**25%**





mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
jólavara





HEIMA HÚSIÐ

mood heima Ondvegi BÚUM BETUR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

**Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin**

**Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin**

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**

## Spektir

Að kasta eggjum og tómötum er góð skemmtun. Það er löng hefð fyrir því að það sé táknræn athöfn til að láta í ljós megna óánægju. Enginn meiðist og ekkert skemmist og því er hvorki hægt að flokka það sem ofbeldi né skemmdarverk. Veður og vindar afmá öll vegsummerki á nokkrum dögum. Það er ekki stigsmunur á því að kasta eggum og tómötum og því að kasta grjóti og mólótoffkokteilum, heldur er þar eðlismunur á. Mólótoffkokteilum og grjótkasti er ætlað að skemma og meiða.

**ÞESS** vegna er óneitanlega hlægilegt að fylgjast með fréttamönnum, afmynduðum í framan af vandlætingu, segja frá eggja- og tómatakasti eins og um stórhættuleg skrílslæti hafi verið að ræða. Fjallað hefur verið um slíka atburði í tengslum við nýleg mótmæli eins og af þeim hefði getað hlotist stórfellt líkams- og eignatjón. Jafnvel mætti halda að eggjarauður og tómatklessur, svo ekki sé minnst á blaktandi Bónusfána, væru meiri svívirða við Alþingi um þessar mundir en framferði alþingismanna. Að sífellt fleiri þúsund Íslendinga mæti á Austurvöll til að láta í ljós að afglöp stjórnvalda misbjóði þeim, hverfur þannig í skuggann af óeirð örfárra einstaklinga.

**HVAÐ** Bónusfánann varðar þá fékk ég ekki greint á myndum að Kalli á þakinu hefði haft mikið nesti með sér þangað upp. Hann hefði því væntanlega komið niður af sjálfsdáðum þegar hungrið hefði farið að sverfa að. Það eina sem hugsanlega hefði getað valdið einhverju eigna- og líkamstjóni í undanförnum mótmælum á Austurvelli voru því aðgerðir lögreglunnar. Samt var ekki sagt frá þeim af viðlíka vandlætingu. Það versta sem hefði getað gerst ef hún hefði látið þetta afskiptalaust er að um síðir hefðu allir farið ómeiddir heim til sín.

**NÚ MÁ** alls ekki skilja þessi orð mín sem svo að ég sé að mæla sóðaskap bót, öðru nær. Það er bara algjör óþarfi að gera úr honum annað og meira en hann í raun og veru er. Þetta eru engin spellvirki. Aukinheldur get ég ekki stillt mig um að benda á tvennt:

**Í FYRSTA** lagi er vitlaust hús að verða fyrir barðinu á þessari gremju. Hún ætti með réttu að beinast að Stjórnarráðinu við Lækjartorg og Seðlabankanum við Kalkofnsveg.

**Í ÖÐRU** lagi er ljótt að henda mat. Þeir sem telja sig geta leyft sér það hafa ekki efni á að kvarta yfir kreppu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 23. nóvember, 327. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.23 | 13.14 | 16.05 |
| Akureyri | 10.27 | 12.59 | 15.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


